


skoðun 22

2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Burnout 2010




Samkeppni í Rod Stewart-klúbbum

*Andri Freyr Viðarsson stofnaði fyrsta Rod Stewart-aðdáendaklúbbinn*

fólk 54




# FRÉTTABLAÐIÐ

ÞITT

FIMMTUDAGUR

29. apríl 2010 — 99. tölublað — 10. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


# Bæjarstjóri fallinn samkvæmt könnun

**Samfylkingin missir meirihlutann í bæjarstjórn Hafnarfjarðar samkvæmt könnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2. Samkvæmt henni nær Lúðvík Geirsson bæjarstjóri ekki kjöri. Sjálfstæðisflokkur og Vinstri græn gætu myndað meirihluta.**

**KÖNNUN** Samfylkingin nýtur ekki lengur stuðnings meirihluta kjósenda í Hafnarfirði samkvæmt skoðanakönnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2 sem gerð var í gærkvöldi. Lúðvík Geirsson bæjarstjóri tók sjötta sætið á lista Samfylkingarinnar og næði ekki kjöri yrðu þetta niðurstöður kosninga.

Samfylkingin mælist nú með stuðning 39,7 prósenta kjósenda, sem myndi skila flokknum fimm bæjarfulltrúum af ellefu. Fylgi flokksins hefur hrunið um fimmtán prósentustig frá síðustu kosningum árið 2006.

Sjálfstæðisflokkurinn nýtur stuðnings 34,9 prósenta kjósenda samkvæmt könnuninni. Flokkurinn fengi fjóra bæjarfulltrúa yrðu það niðurstöður kosninga, en er með þrjá í dag.

Vinstri græn bæta einnig við sig einum bæjarfulltrúa samkvæmt könnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2. Alls segjast 18,5 prósent þeirra sem afstöðu taka í könnuninni myndu kjósa flokkinn, en hann naut stuðnings 12,1 prósents kjósenda í kosningunum 2006. Flokkurinn fengi tvo bæjarfulltrúa, en er með einn í dag.

Alls sögðust 6,7 prósent myndu kjósa Framsóknarflokkinn yrði gengið til kosninga nú, en flokkurinn fékk stuðning 3,0 prósenta í síðustu kosningum. Það myndi ekki duga flokknum til að koma manni í bæjarstjórn.

Verði niðurstöður kosninga í samræmi við þessa könnun gætu Sjálfstæðisflokkur og Vinstri græn myndað meirihluta án þátttöku Samfylkingarinnar. - bj / sjá síðu 4

**SVEITARSTJÓRNARKOSNINGAR HAFNARFJÖRÐUR**

**Skipting bæjarfulltrúa**




SAMKVÆMT KÖNNUN FRÉTTABLAÐSINS OG STÖÐVAR 2 28. APRÍL



**HLAUPIÐ ÚT Í SUMARIÐ** Þó að hægt sé að hlaupa úti allan ársins hring með réttum útbúnaði fjölgar þeim dag frá degi sem hlaupa af stað þegar vora tekur. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Hróp gerð að stjórnarmönnum á ársfundi lífeyrissjóðsins Gildis:

# Tillaga um að stjórn víki felld

**LÍFEYRISSJÓÐIR** Tillaga um að stjórn, framkvæmdastjóri og sjóðsstjóri lífeyrissjóðsins Gildis vikju var felld með öllum greiddum atkvæðum á ársfundi sjóðsins í gær. Ákveðið var að réttindi félaga yrðu lækkuð um sjö prósent.

Fundurinn var þéttsetinn. Hróp voru gerð að stjórnarmönnum og einn fundarmanna barði skó sínum í ræðupúltið.

Jóhann Páll Símonarson sjómaður, sem lagði fram fyrrgreinda tillögu, er ósáttur við að almennir sjóðsfélagar hafi ekki fengið að kjósa á fundinum. Hann íhugar að hætta í sjóðnum: „Það fá engir að kjósa nema vinir stjórnarmanna.“

Árni Guðmundsson, framkvæmdastjóri sjóðsins, segir engar málefnalegar forsendur á bak við tillöguna. „Við teljum okkur sýna meiri ábyrgð með því að sitja áfram en að hlaupa frá verkinu,“ segir hann. Þannig megi betur tryggja að mistök, sem hafi eflaust verið gerð, verði ekki endurtekin.

Lífeyrisgreiðslur séu nú einungis 1,5 prósentum lægri en sem nemur hækkun neysluvísitölu síðan 2006. Þær hafi þó hækkað meira en launavísitalan á tímabilinu.

Hluti hækkana síðustu ára hafi reynst innistæðulaus og því dreginn til baka.

Tilkynnt var um það í gær að Tryggvi Tryggvason, forstöðumaður eignastýringar hjá sjóðnum, myndi hætta störfum. - kóþ

## Túlkar Carmen

*Elín Arna Aspelund söngkona tekst á við hlutverk Carmenar í Salnum.*



tímamót 32

## Skrifar þriðju bókina

*Egill Einarsson hyggst gefa út nýja mannasiðabók fyrir jólin.*



fólk 44



## Inter í úrslit

*José Mourinho stýrði Inter í úrslit Meistaradeildarinnar í gær. Hann reisti ókleifan múr sem Barcelona komst ekki yfir.*

íþróttir 48

## veðrið í dag




**LÆGIR SÍÐDEGIS** Í dag verða norðaustan eða austan 5-13 m/s. Dálítil rigning eða skúrir SV-til en léttir víða til. Hiti 2-8 stig.

veður 4






Bílaáhugamenn í Hafnarfirði:

## Smíða 1100 hestafla bíl

**BÍLAR „Þetta er tæki með 1100 hestafla vél – alvöru kvartmílubíll,“ segir Rúdólf Jóhannsson, sem hefur ásamt syni sínum smíðað kvartmílubíl frá grunni.**

**Bíllinn er eftirlíking af Pontiac GTO 65 að sögn Rúdólfs, ef frá er talið boddíið sem allt er gert úr plasti. Feðgarnir hafa dundað sér við smíðarnar síðustu fimm ár og segjast hafa haft gaman af. „Við erum báðir miklir bíladellukallar og skemmtum okkur vel við þetta.“**

**Þess má geta að kvartmílubíllinn verður á meðal þeirra fjölmörgu ökutækja sem hægt verður að skoða á Burnout-sýningu um helgina.**

- sv / sjá burnout 2010

Unnsteinn í Retro Stefson:

## Tekur stúdentspróf í sendiráði

**FÓLK** Unnsteinn Manuel Stefánsson, söngvari hljómsveitarinnar Retro Stefson, mun leika með hljómsveitinni FM Belfast á tónleikaferðalagi þeirra um Evrópu næstu vikurnar. Unnsteinn útskrifast frá Menntaskólanum við Hamrahlíð í vor en er úti á próftíma og tekur því eitt próf í íslenska sendiráðinu í Berlín. „Maður fer eftir ýmsum krókaleiðum til að láta allt ganga upp.“



UNNSTEINN M. STEFÁNSSON

Unnsteinn hefur einnig ákveðið að taka sér stutt frí frá Evróputúrnum til að geta flogið heim og hitað upp fyrir Amadou og Mariam á opnunartónleikum listahátíðarinnar ásamt Retro Stefson. - sm / sjá síðu 54




**SPURNING DAGSINS**



*Ert þú þessi laganna Vörður sem er alltaf verið að tala um?*

„Nei, en ég læt mig lögin varða.“

Vörður Ólafsson húsasmíðameistari hafði betur í máli sem hann höfðaði gegn ríkinu fyrir Mannréttindadómstóli Evrópu um iðnaðarmálagjald, sem ríkið innheimtir.

Deilur um formennsku í Blaðamannafélagi Íslands:

# Þóra Kristín dregur sig í hlé

**FJÖLMIÐLAR** Þóra Kristín Ásgeirsdóttir, formaður Blaðamannafélags Íslands, hefur dregið sig í hlé og sækist ekki eftir endurkjöri á aðalfundi í kvöld. Hjálmar Jónsson, framkvæmdastjóri félagsins, er því einn í kjöri. Hann bauð sig fram gegn Þóru Kristínu eftir harðar deilur hennar við Hjálmar um verkaskiptingu formanns, stjórnar og framkvæmdastjóra. Ágreiningur var einnig innan stjórnar félagsins um þau mál og fylgdi minnihluti stjórnar Hjálmari að málum.

Þóra Kristín greinir frá ákvörðun sinni um að draga sig í hlé í grein í Fréttablaðinu í dag:

„Ég dreg framboð mitt til baka og óska þess jafnframt að [Hjálmar] sýni það drenglyndi að víkja sem framkvæmdastjóri félagsins ætli hann að vera í stjórn. Ef ekki væri heiðarlegast að auglýstur yrði nýr aðalfundur þar sem fleiri geta gefið kost á sér, nú þegar ljóst er að ég verð ekki í kjöri. Hjálmar Jónsson gæti þá haldið formannsframboði sínu til streitu og lagt það í dóm félagsmanna,“ segir Þóra Kristín. **- pg**



**ÞÓRA KRISTÍN ÁSGEIRSDÓTTIR** Dregur sig í hlé sem formaður Blaðamannafélags Íslands.

Lögregla tók dýr við húsleit:

# Fundu snák og kakkalakka

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglumenn fundu snák, mýs og kakkalakka við húsleit í íbúðarhúsi á höfuðborgarsvæðinu í gær. Lögreglumennirnir fundu einnig lirfur og bjöllur, en óvíst er hverrar tegundar þau skordýr eru.

Lögreglan haldlagði dýrin og flutti í tilraunastöðina að Keldum. Ólöglegt er að halda snáka sem gæludýr.

Við húsleitina fundust einnig rúmlega 150 grömm af marijúana. Karlmaður um þrítugt var handtekinn. **- bj**

Síminn gagnrýnir SE frekar:

# Þekking lagði víst hald á gögn

**SAMKEPPNISMÁL** Síminn fullyrðir að starfsmenn samkeppnisaðilans Þekkingar hafi sannarlega lagt hald á gögn í húsleit Samkeppniseftirlitsins (SE) hjá Símanum í síðustu viku og komist þannig yfir viðkvæmar samkeppnisupplýsingar, þvert á það sem forsvarsmenn SE fullyrtu í gær.

Þetta kemur fram í yfirlýsingu sem Síminn sendi frá sér í gær. Með fylgdu afrit af haldlagningarskýrslum sem starfsmenn Þekkingar undirrituðu.

Páll Gunnar Pálsson, forstjóri SE, segist standa við fyrri yfirlýsingar og að málið verði nú til lykta leitt fyrir dómstólum úr því að Síminn hafi stefnt þeim til eyðileggingar gagnanna. **- sh**



**Í LEIFSSTÖÐ** Keflavíkurflugvöllur er nú opinn fyrir umferð á ný. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Keflavíkurflugvöllur opnaður:

# Veðurspá góð næstu daga

**SAMGÖNGUR Keflavíkurflugvöllur og Reykjavíkurflugvöllur voru opnaðir fyrir flugumferð í gær, eftir að hafa verið lokaðir í á annan dag vegna ösku frá eldstöðinni í Eyjafjallajökli.**

**Vélar frá bæði Icelandair og Iceland Express lentu á Keflavíkurflugvelli í gær, og er reiknað með að flogið verði um flugvöllinn í dag. Veðurspá er hagstæð flugi næstu daga.**

**Farþegar eru þó eftir sem áður hvattir til að fylgjast með komu- og brottfarartímum sem gætu breyst með litlum fyrirvara. - bj**

# Meðferð lánamála flýtt í Hæstarétti

**Hæstiréttur flýtir meðferð umtalaðra mála er varða lögmæti myntkörfulána. Þetta verður gert að frumkvæði Hæstaréttar í samráði við lögmenn. Dómur Hæstaréttar svarar aðeins hluta þeirra álitamála sem uppi eru varðandi lánin.**

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur hefur ákveðið að flýta meðferð tveggja mála er varða lögmæti myntkörfulána. Komist Hæstiréttur að þeirri niðurstöðu að lánin séu ólögleg, eins og Héraðsdómur Reykjavíkur komst að í öðru málanna, þýðir það ekki að hagur allra neytenda vænkist eða að allri óvissu um lánin sé þar með eytt.

Þorsteinn A. Jónsson, skrifstofustjóri Hæstaréttar, segir að ákvörðun um flýtimeðferð hafi verið tekin þar innanhúss í samráði við lögmenn beggja málanna án þess að til hafi komið formlegt erindi. Bæði málin, sem séu að öllu leyti aðskilin, verði tekin fyrir 2. júní og dómar verði kveðnir upp samtímis, í allra síðasta lagi 21. júní, en þá verður gert réttarhlé.

Gísli Tryggvason, talsmaður neytenda, fagnar því aðspurður að málin séu tekin fyrir um sex mánuðum fyrr en annars hefði verið. „Taki rétturinn efnislega afstöðu, sem ég vona, en vísi þessu ekki frá þá verður væntanlega búið að skera úr um hvort þessi tegund myntkörfulána sé lögmæt eða ekki. Ég tel að ef svo ólíklega fari að Hæstiréttur komist að þeirri niðurstöðu að gengislánin séu lögmæt þá á eftir að taka tillit til annarra álitamála tengdum þeim.“ Líklegt sé að neytendur geti í mörgum tilvikum borið skaðabótasjónarmið, forsendubrest og fleiri lagarök semdir fyrir sig gegn kröfuhöfum sínum.

Með öðrum orðum telur Gísli að niðurstaða Hæstaréttar í málunum tveimur svari ekki nema hluta þeirra álitamála sem uppi eru. Mismunandi skilmálar séu á milli lána og þá hvort þau voru í raun erlend lán eða venjuleg lán bundin gengi erlendra gjaldmiðla. „Sem er ólögmætt að mínu mati,“ segir Gísli.

Gylfi Magnússon viðskiptaráðherra sagði á Alþingi nýlega að ekki væri hægt að ganga að því vísu að dómur um ólögmæti myntkörfulána myndi létta skuldavanda heimila sem greiða af slíkum lánum. Þvert á móti gætu þeir sem tóku myntkörfulán til íbúðakaupa verið í verri stöðu. Ein niðurstaðan gæti orðið sú, eftir að lán hefðu verið uppreiknuð samkvæmt lögum um vexti og verðtryggingu, að hópur fólks gæti verið verr staddur en með þau úrræði sem boðið hefur verið upp á af bönkum og stjórnvöldum. Óljósara væri hins vegar hvað slík niðurstaða myndi þýða með skammtímalán eins og bílalán. **svavar@frettabladid.is**



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**HÆSTIRÉTTUR** Dómum Héraðsdóms Reykjavíkur í tveim málum er varða myntkörfulán var skotið til Hæstaréttar en niðurstaða héraðsdóm þykir hafa skapað mikla réttaróvissu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Sambærileg mál – ólík niðurstaða

Málin tvö eru bæði tilkomin vegna vanskila á greiðslum myntkörfulána vegna bílakaupa. Fjármögnunarfyrirtækin SP fjármögnun og Lýsing stefndu lánþegum vegna vanskila. Lánþegarnir báðir töldu að óheimilt hefði verið að miða afborganir þeirra í krónum við gengi erlendra mynta.

Niðurstaða Héraðsdóms í fyrra málinu var að SP fjármögnun hefði réttinn sín megin. Síðara málið vakti hins vegar mikla athygli þar sem komist var að þveröfugri niðurstöðu.

Dómarnir tveir þóttu skapa mikla réttaróvissu um lögmæti myntkörfulána og hvatt var til þess að málin fengju flýtimeðferð í Hæstarétti. Lagði Eygló Harðardóttir, þingmaður Framsóknarflokksins, meðal annars fram frumvarp á Alþingi þessa efnis í febrúar.




**SMÁRALIND** Reiknað er með að verslanamiðstöðin verði komin úr höndum bankans til nýrra eigenda í lok júlí, segir framkvæmdastjóri Regins. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Reginn selur Smáralind:

# Verslunarmiðstöð í sölu

**VIÐSKIPTI Reginn, dótturfélag Landsbankans, hefur sett Smáralind í opið söluferli. Verslanamiðstöðin lenti í fangi bankans þegar eignarhaldsfélagið Saxbygg varð gjaldþrota í maí í fyrra. Norðurturn, sem er í byggingu, hefur verið seldur til fasteignafélagsins Eik Properties.**

**Eignarhaldsfélag Smáralindar tapaði 455 milljónum króna í fyrra. Þetta er tífalt betri afkoma en árið 2008 þegar tapið nam 4,3 milljörðum króna. Eignarhaldsfélagið skuldaði átta milljarða króna í lok síðasta árs, þar af 5,4 milljarða í erlendri mynt á gjalddaga í september á næsta ári. Viðræður hafa staðið yfir við lánardrottna og var tilkynnt um lok á fjárhagslegri endurskipulagningu um miðjan mánuðinn. - jab**

**SKÁK**

## Anand kominn með forystu

Viswanthan Anand náði forystu í heimsmeistaraeinvíginu í skák eftir að hann vann áskoranda sinn, Veselin Topalov, í fjórðu skák einvígisins í gær. Topalov vann fyrstu skákina en Anand svaraði að bragði í annarri skákinni. Þriðja skákin endaði með jafntefli.






Flokksformenn vilja lækka refsiramma í lögum um fjármál stjórnmálasamtaka:

# Hækka framlög til flokkanna

**STJÓRNMÁL** Hámarksframlög til stjórnmálaflokka hækka um þriðjung, verði fyrirliggjandi frumvarp formanna stærstu flokkanna samþykkt.

Gömlu lögin, frá 2007, kveða á um að flokkarnir megi ekki taka við hærri framlögum frá einstaklingum og fyrirtækjum en sem nemur 300.000 krónum. Formennirnir vilja nú hækka þessa tölu svo hún haldi í við verðlagshækkanir. Það er þriðjungshækkun, eða í 400.000 krónur.

Þá verður frambjóðendum hér eftir gert að skila uppgjöri þremur mánuðum eftir kosningar í stað sex og nýstofnuð framboð mega þiggja tvöfalt hærri styrki en eldri flokkar, eða 800.000 frá hverjum og einum.

Áður áttu brot gegn lögunum að geta kostað sex ára fangelsi en nú er tiltekið að refsing fyrir að taka á móti of háum framlögum laganna sé tveggja ára dómur. Refsing fyrir að skila Ríkisendurskoðun ekki upplýsingum eða röngum er í formi sektargreiðslu. Samkvæmt upplýsingum úr forsætisráðuneyti er það samkvæmt áliti refsiréttarnefndar að lækka refsinguna, svo hún rími betur við alvarleika brotanna.

Blaðið greindi frá því í gær að nú yrði forsetaembættið sett undir lögin, og þak nafnleyndar styrktaraðila yrði lækkað í 200.000 krónur, samkvæmt tilmælum GRECO. **- kóþ**



**ALÞINGI** Hámarksrefsing vegna laga um fjármál stjórnmálasamtaka hefur verið lækkuð úr sex ára fangelsi og niður í tvö. Gömlu lögin þóttu þó ekki nógu vel samin til að í raun væri hægt að refsa fyrir þau, miðað við upplýsingar úr forsætisráðuneyti. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# TAX FREE!

## ÖLL GARÐHÚSGÖGN!

# TAX FREE!



**Afnemum**
**virðisaukaskatt**
**AF ÖLLUM**
**Garðhúsgögnum**
**fimmtudag til**
**sunnudags**

**EITT MESTA ÚRVAL LANDSINS AF GARÐHÚSGÖGNUM**



## TAX FREE!

## ÖLL ÚTILEGUHÚSGÖGN!



4,4 m$^2$
**149.000**
~~169.000~~



**10%**
afsláttur
af garð- og
gestahúsum

**Látum verkin tala!**

Opið til 21:00 í Skútuvogi alla daga

Að sjálfsögðu stendur Húsasmiðjan
skil á virðisaukaskatti til ríkissjóðs.

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.
Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

**HÚSASMIÐJAN**

## GENGIÐ 28.04.2010

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 129 | 129,62 |
| Sterlingspund | 195,71 | 196,67 |
| Evra | 170,11 | 171,07 |
| Dönsk króna | 22,855 | 22,989 |
| Norsk króna | 21,595 | 21,723 |
| Sænsk króna | 17,644 | 17,748 |
| Japanskt jen | 1,3743 | 1,3823 |
| SDR | 194,16 | 195,32 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 227,4256

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Novator afsalar sér öllum ávinningi af uppbyggingu gagnavers Verne Holding:

# Björgólfur Thor hagnast ekki á gagnaverinu

**STJÓRNMÁL** Novator, félag Björgólfs Thors Björgólfssonar athafnamanns, mun ekki njóta neins fjárhagslegs ávinnings af fjárfestingarsamningi um gagnaver Verne Holding á Suðurnesjum.

Félagið hefur afsalað sér ávinningnum til ríkisins, og þar með þjóðarinnar, skrifar Skúli Helgason, formaður iðnaðarnefndar Alþingis, á vefinn Pressuna í gær.

Novator á 21,8 prósenta hlut í Verne Holding, sem reka mun gagnaverið á Suðurnesjum. „Verðmæti fjárfestingarsamningsins er áætlað tæpar 500 milljónir króna og má því ætla að hlutur Novators væri allt að 100 milljónir króna. Með samkomulaginu fellst



SKÚLI HELGASON



BJÖRGÓLFUR THOR BJÖRGÓLFSSON

Novator á að afsala sér þeim hlut til ríkisins,“ skrifar Skúli.

Iðnaðarnefnd Alþingis samþykkti í gær frumvarp um gagnaverið, þar sem iðnaðarráðherra er heimilað að semja um ýmsar undanþágur til handa Verne Holding.

Áformað var að heimila ráðherra að semja til 20 ára, en sá tími var lækkaður í tíu ár í iðnaðarnefnd. Var það meðal annars gert til að koma til móts við athugasemdir Eftirlitsstofnunar Evrópu, sem gert hefur athugasemd við tímalengd samningsins, skrifar Skúli.

Mikil umræða hefur verið um aðkomu Björgólfs Thors að verkefninu, og hvort réttlætanlegt sé að fyrirtæki sem er að hluta í hans eigu fái undanþágur frá lögum til að liðka fyrir uppbyggingu gagnaversins. - bj



**HLEYPT AF STOKKUNUM** Borgarstjóri bindur miklar vonir við nýjan vef.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Nýir hverfavefir opnaðir:

## Borgarbúar fá betra aðgengi

**BORGARMÁL Hanna Birna Kristjánsdóttir borgarstjóri opnaði tíu nýja hverfavefi með formlegum hætti í gær. Með nýju vefjunum, sem eru aðgengilegir á hverfidmitt.is, er upplýsingamiðlun til íbúa borgarinnar bætt til muna.**

**Vefirnir hafa að geyma upplýsingar um framkvæmdir, niðurstöðu íbúakosninga, hugmyndir íbúa um skipulag, hverfisráð og þjónustu Reykjavíkurborgar svo dæmi séu nefnd. Jafnframt gefst íbúum kostur á að koma hugmyndum sínum og ábendingum á framfæri í gegnum síðuna.** - shá

### LEIÐRÉTTING

Samfylkingin er ekki sá flokkur sem þáði hæstu styrkina frá Landsbanka og Kaupþingi. Í blaðinu í gær var birt tafla um fjárframlög banka til stjórnmálaflokka. Þar víxluðust vörumerki Samfylkingar og Sjálfstæðisflokks. Því leit út sem Samfylking hefði þegið 44 til 48 milljónir en Sjálfstæðisflokkur á bilinu 22 til 26 milljónir. Þetta er rangt og hefði átt að vera á hinn veginn. Í frétt, sem unnin var eftir töflunni, var sömuleiðis ranglega farið með framlög til Samfylkingar. Beðist er velvirðingar á mistökunum.

# Samfylkingin bíður afhroð í Hafnarfirði

**Samfylkingin fær ekki meirihluta í bæjarstjórn Hafnarfjarðar samkvæmt nýrri könnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2. Sjálfstæðisflokkur og Vinstri græn bæta við sig bæjarfulltrúum á kostnað Samfylkingar. Framsókn nær ekki inn manni.**

**KÖNNUN** Samfylkingin missir meirihluta sinn í bæjarstjórn Hafnarfjarðar í komandi sveitarstjórnarkosningum, samkvæmt niðurstöðum skoðanakönnunar Fréttablaðsins og Stöðvar 2 sem gerð var í gærkvöldi.

Samfylkingin fengi 39,7 prósent atkvæða í Hafnarfirði yrði gengið til atkvæða nú, samkvæmt könnuninni. Fylgi flokksins hrynur um fimmtán prósentustig frá kosningunum 2006, þegar flokkurinn fékk stuðning 54,7 prósenta kjósenda.

Yrðu niðurstöður kosninga í takt við könnunina myndi Samfylkingin tapa tveimur bæjarfulltrúum, fengi fimm bæjarfulltrúa, en er með sjö í dag. Ellefu bæjarfulltrúar sitja í bæjarstjórn Hafnarfjarðar.

Sjálfstæðisflokkurinn nýtur nú stuðnings 34,9 prósenta af þeim sem afstöðu tóku í könnuninni, en fékk 27,3 prósent atkvæða í síðustu kosningum. Aukningin er 7,6 prósentustig. Flokkurinn myndi bæta við sig einum bæjarfulltrúa í kosningum samkvæmt könnuninni, fengi fjóra en er með þrjá í dag.

Alls sögðust 18,5 prósent þeirra sem afstöðu tóku í könnuninni myndu kjósa Vinstri græna yrði gengið til kosninga í dag. Flokkurinn bætir við sig 6,4 prósentustigum frá kosningunum 2006, þegar 12,1 prósent kjósenda studdi flokkinn. Flokkurinn fengi tvo bæjarfulltrúa samkvæmt könnuninni, en er með einn í dag.

Fylgi Framsóknarflokksins fer úr 3,0 prósentum í kosningunum í 6,9 prósent samkvæmt könnuninni.




Flokkurinn myndi ekki ná inn manni yrði það niðurstaða kosninga.

Hlutfallslega fáir af þeim sem hringt var í tóku afstöðu til spurningarinnar samanborið við aðrar kannanir Fréttablaðsins. Aðeins 47,3 prósent voru tilbúin til að gefa upp afstöðu til ákveðins stjórnmálaflokks. Það eykur verulega skekkjumörkin í könnuninni.

Hringt var í 800 íbúa í Hafnarfirði miðvikudaginn 28. apríl. Þátttakendur voru valdir með slembiúrtaki úr þjóðskrá. Svarendur skiptust jafnt eftir kyni og hlutfallslega eftir aldri. Spurt var: Hvaða lista myndir þú kjósa ef gengið yrði til sveitarstjórnarkosninga í dag? Ef ekki fékkst svar var spurt: Hvaða flokk er líklegast að þú myndir kjósa? Ef ekki fékkst svar var að lokum spurt: Er líklegra að þú myndir kjósa Sjálfstæðisflokkinn eða einhvern annan flokk? Alls tóku 47,3 prósent afstöðu til spurningarinnar. brjann@frettabladid.is

Banna sígarettuvörumerki:

## Umbúðirnar verði ómerktar

**ÁSTRALÍA** Stjórnvöld í Ástralíu hafa ákveðið að banna tóbaksframleiðendum að nota vörumerki, myndir og kynningartexta á umbúðum. Er banninu, sem taka á gildi innan átján mánaða, ætlað að gera tóbakið minna aðlaðandi í augum ungs fólks. Fram kemur á vef Bloomberg fréttastofunnar að með þessu gangi áströlsk stjórnvöld skrefinu lengra en gert hafi verið hingað til í baráttunni við reykingar.

Heimilt verður að prenta nafn framleiðandans á umbúðirnar með staðlaðri stafagerð, auk þess sem viðvaranir um skaðsemi reykinga verða á pökkunum. - bj



**HÓLMAVÍK** Orkuveita Vestfjarða telur hitaveitu á Hólmavík ekki munu verða arðsama.

Vonbrigði á Hólmavík:

## Óhagkvæmt að leggja hitaveitu

**ORKUMÁL Ekki er talið hagkvæmt að leggja hitaveitu í Hólmavík með heitu vatni frá Hveravík. Þetta kom fram í skýrslu sem Ásdís Leifsdóttir sveitarstjóri gaf sveitarstjórn á þriðjudag. Sagði Ásdís að eftir að Orkubú Vestfjarða hefði skoðað dæmið væri niðurstaðan sú að ekki væri arðsamt að koma slíkri veitu á fót.**

**Kostnaður við að koma lögninni um Hólmavík væri mikill þar sem um er að ræða klappir og grýttan jarðveg og fá hús við hverja götu.** - gar






## VEÐURSPÁ



Elísabet Margeirsdóttir veðurfréttamaður

**SKÚRIR SYÐRA**
Það lægir heldur er líður á daginn og í kvöld verður víða hæglætis veður. Það lítur síðan út fyrir góðviðri næstu daga, yfirleitt hægviðri, og á laugardag verður sólríkt um allt land. Heldur ákveðnari suðvestlæg átt á sunnudag með hlýnandi veðri.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 22° |
| Basel | 27° |
| Berlín | 24° |
| Billund | 15° |
| Frankfurt | 26° |
| Friedrichshafen | 26° |
| Gautaborg | 16° |
| Kaupmannahöfn | 16° |
| Las Palmas | 22° |
| London | 17° |
| Mallorca | 22° |
| New York | 21° |
| Orlando | 28° |
| Ósló | 16° |
| París | 26° |
| San Francisco | 14° |
| Stokkhólmur | 12° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal jonl@frettabladid.is ALMENNAR SÍMI 512-5401: Hendrik Sigurðsson hendrik@frettabladid.is, Guðmundur Steinsson gudmundurs@365.is, Laila Awad laila@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@365.is
ALLT SÍMI 512-5402: Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is, Henný Árnadóttir henny@365.is, Þórdís Hermannsdóttir thordish@365.is SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016: Sigríður Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynurs@365.is, Bjarni Þór Sigurðsson bthor@365.is, Benedikt Freyr Jónsson benediktj@365.is
RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is, Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is

0-3 ára

Disney kríli





## Aldursskiptur bókaklúbbur fyrir þau allra yngstu.

Í hverjum mánuði fá börnin sendar heim skemmtilegar og vandaðar bækur frá Walt Disney Fyrsti mánuðurinn aðeins 695,-kr

Hægt er að gerast áskrifandi og kynna sér útgáfu ársins í krílaklúbbnum á **www.disneykrili.is**

Fyrsti mánuðurinn aðeins 695,-kr

Allir nýir áskrifendur eiga möguleika á að vinna stórglæsilega vinninga. Dregið út 17. júní

- 3 x 10.000.- gjafabréf í Smáralind
- 30 x bíómiða frá Sambíóunum
- 2 x myndataka hjá Gassi.is
- 10 x ToyStory DVD
- 5 x áskriftir að Andrési Önd
- 10 x Andrésar Andar fjölskylduspil






2-8 ára

Bók og CD

Aðeins 1.890,- á mánuði

Lestu eða hlustaðu!




Disney klúbburinn

**Disney-klúbburinn er fullur af sígildum og fallegum ævintýrum úr smiðju Walt Disney.**

Ef þú gerist áskrifandi núna að Disney-klúbbnum færðu bækurnar Toy Story og Prinsessan og froskurinn á verði einnar með fyrstu sendingu ásamt geisladiskum með upplestri á sögunum.

**Bækur í Disney-klúbbnum eru eingöngu fáanlegar í áskrift og þeim fylgir hljóðdiskur.**



Hægt er að gerast áskrifandi og kynna sér útgáfu ársins í Disney-klúbbnum á
**www.disneyklubburinn.is**

edda

Gjafaáskrift fáanleg

©Disney

Engin refsiákvæði eða skilgreining á „hófi“ í reglum vegna alþingisprófkjörs Samfylkingar í Reykjavík 2006:

# Kjörstjórn taldi prófkjörsslag hóflegan

**STJÓRNMÁL** Kjörstjórn Samfylkingar í Reykjavík taldi ekki að frambjóðendur hefðu verið óhóflegir í prófkjörsbaráttunni árið 2006, í prófkjöri fyrir alþingiskosningar 2007. Prófkjörsreglur hefðu ekki verið brotnar.

Þetta segir Sigurður Ásbjörnsson, þáverandi formaður kjörstjórnar.



SIGURÐUR ÁSBJÖRNSSON

„Það sem fólki blöskraði hins vegar var prófkjörið fyrir borgarstjórnarkosningar fyrr um árið. Því var þess krafist að dregið skyldi úr kostnaði og allar okkar aðgerðir miðuðu að því. Kostnaður flokksins í seinna prófkjörinu var um fjörutíu prósent af kostnaðinum við hitt,“ segir hann.

Á þriðjudag var greint frá því í blaðinu að stjórn fulltrúaráðs flokksins hefði lagt til að hámarkskostnaður frambjóðenda við alþingisprófkjör yrði ein milljón króna. Horfið var frá þessu og látið nægja að ætlast væri til að frambjóðendur sýndu háttvísi og stilltu kostnaði í hóf.

„Þetta er hið vandræðalega orðalag, sem ekki er klappað í stein: hvað er hóf?“ segir Sigurður. Engin íhlutunar- eða refsiákvæði voru í reglunum.

Sigurður segir að kjörstjórn hafi fylgst með því meðan á baráttunni stóð að ekki væri auglýst í sjónvarpi eða farið í „fáránlegar flugeldasýningar“ eins og í fyrra prófkjörinu. Frambjóðendum hafi síðan verið gert að skila yfirliti um tekjur og kostnað. Kjörstjórn fór ekki yfir það yfirlit heldur skilaði því til Samfylkingarfélagsins í Reykjavík.

Frambjóðendur í þessu prófkjöri, sem enn sitja á Alþingi, eyddu frá 530.000 krónum og upp í 5,6 milljónir króna.

- kóþ

## KJÖRKASSINN



*Hefur þú lesið eitthvað í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 34,7% |
| NEI | 65,3% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Er þörf á því að setja embætti forseta Íslands siðareglur?*

Segðu þína skoðun á visir.is

Repúblikanar vilja meiri tíma:

# Frumvarpið fæst ekki rætt

**BANDARÍKIN, AP** Repúblikanar á Bandaríkjaþingi hafa í þrjá daga í röð komið í veg fyrir að frumvarp demókrata um strangari reglur í fjármálaheiminum verði tekið til umræðu í öldungadeild.



JOE BIDEN

Repúblikanar vilja fá að hafa meiri áhrif á frumvarpið, sem á að koma í veg fyrir að aftur geti orðið fjármálahrun á borð við það sem átti sér stað árið 2008.

Ekki er talið að repúblikanar ætli sér að koma í veg fyrir afgreiðslu frumvarpsins, heldur vilja þeir fá meiri tíma til að leggja til breytingar.

- gb

## LÖGREGLUMÁL

### Margir gripnir í Kópavogi

Lögregla myndaði brot 50 ökumanna á Borgarholtsbraut í Kópavogi í gær. Á einni klukkustund fóru 76 bílar fram hjá myndavél lögreglu og ók meirihluti ökumanna of hratt. Þá voru 76 gripnir yfir 30 kílómetra hámarkshraða á Digranesvegi.

## STRANDABYGGÐ

### Bók um skólahald í salt

Þjóðfræðistofa býðst til að gera bók um skólahald á Hólmavík vegna 100 ára afmælis Grunnskólans fyrir rúmar fimm milljónir króna. Sveitarstjórn Strandabyggðar hefur ákveðið að ekki sé tímabært að fara í útgáfuna.

## ÁRBORG

### Fréttamaður fær styrk

Magnús Hlynur Hreiðarsson, fréttaritari RÚV á Suðurlandi og ritstjóri, fékk einn af sex styrkjum sem Menningar- og listanefnd Árborgar veitir að þessu sinni. Magnús fær 50 þúsund krónur fyrir verkefnið Hvað er í fréttum.

# Missti tíu milljóna réttindi fyrir mistök

**Vegna formgalla gat sveitarstjórinn á Djúpavogi ekki farið á eftirlaun fyrir fimm árum eins og hann taldi sig eiga rétt á. Tap hans er metið á tíu milljónir. Sveitarstjórnin viðurkennir mistök. Finna á ásættanlega lausn fyrir báða aðila.**

**SVEITARSTJÓRNIR** Björn Hafþór Guðmundsson, sveitarstjóri á Djúpavogi, nýtur allt að tíu milljóna króna minni lífeyrisréttinda en lagt var upp með þegar hann var ráðinn til sveitarfélagsins fyrir átta árum.

Björn Hafþór hóf að greiða í Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins (LSR) þegar hann gerðist kennari á Stöðvarfirði árinu 1968. Því hélt hann áfram á meðan hann var sveitarstjóri Stöðvarhrepps á árunum 1982 til 1991, framkvæmdastjóri Samtaka sveitarfélaga á Austurlandi til 1998 og bæjarstjóri á Austur-Héraði til ársins 2002. Þegar LSR var skipt í A-deild og B-deild, valdi Björn Hafþór B-deildina eins og flestir eldri sjóðfélagar.

Á daginn kom að Djúpavogshreppur fyrir sitt leyti hafði ekki formlega sótt um aðild að B-deildinni. Þetta hafði í för með sér að Björn Hafþór, sem nú er 63 ára, gat ekki nýtt sér svokallaða 95 ára reglu um sameiginlegan lífog starfsaldur til að fara fyrr á eftirlaun. Í haust nær þessi samanlagði aldur hjá Birni Hafþóri 105 árum. Með öðrum orðum þá hefði hann getað farið á eftirlaun fyrir fimm árum ef sveitarfélaginu hefði sótt um aðild að B-deild LSR. „Það hefur verið reiknað út, miðað við lífaldur og fleira, að þetta séu átta til tíu milljónir króna sem munar,“ útskýrir hann réttindamissinn.

Bæði Héraðsdómur Reykjavíkur og Hæstiréttur dæmdu að Birni Hafþóri hefði ekki réttindi eins og ef hann hefði verið í B-deild lífeyrissjóðsins.



**BJÖRN HAFÞÓR GUÐMUNDSSON** Sveitarstjórinn, sem situr hér með Hlíf Herbjörnsdóttur, eiginkonu sinni, hefði getað farið á eftirlaun fyrir fimm árum á samanlögðum lífaldri og starfsaldri ef Djúpavogshreppi hefði láðst að sækja um aðild að B-deild Lífeyrissjóðs ríkisstarfsmanna. MYND/ANDRÉS BJÖRNSSON

„Mönnum láðist bara að sækja formlega um aðild að þessu. Þegar þeir réðu mig voru allir í góðri trú. Þetta er bara eitthvert ansans formsatriði sem þeir hjá lífeyrissjóðnum eru að hengja sig í,“ segir Björn Hafþór.

Mál sveitarstjórans hefur um allnokkurt skeið verið til umfjöllunar innan sveitarstjórnar Djúpavogs sem telur ljóst að ekki hafi verið staðið við ráðningarsamning og hann eigi kröfurétt á sveitarfélagið. Oddvitanum var því falið að semja við Björn Hafþór og leysa málið „á sem ásættanlegastan hátt fyrir báða aðila“. Tryggingarfræðingur hefur farið yfir stöðuna en málið er þó enn óafgreitt.

Sjálfur kveðst sveitarstjórinn aldrei hafa ætlað að gera sveitarfélagið að fullu ábyrgt fyrir hans réttindatapi og ætli ekki að fara í málaferli.

„Ég hef orðað það þannig að mér hafi einfaldlega verið refsað fyrir að flytja yfir Öxi; úr Skriðdal og niður í Berufjörð,“ segir Björn Hafþór, sem ætlar að hætta eftir kosningar í vor og kveðst bera sig vel. „Trúlega eru margir jafnaldrar mínir verr settir en ég hvað lífeyri snertir.“

gar@frettabladid.is






Harka færist í átök mótmælenda og hers í Taílandi:

# Herinn skaut á mótmælendur

**TAÍLAND, AP** Til átaka kom milli hers og mótmælenda rétt fyrir utan Bangkok í gær. Herinn skaut bæði gúmmíkúlum og venjulegum byssukúlum á mótmælendur. Að minnsta kosti átján manns særðust og einn hermaður lést, varð að því er virðist fyrir skoti úr byssu félaga síns.

Meðan átökin stóðu sem hæst skutu hermennirnir á hóp annarra hermanna, sem komu akandi á móti þeim á vélhjólum. Að minnsta kosti fjögur vélhjólanna lentu í árekstri og einn hermaður var síðar borinn burt á börum með blæðandi sár á höfði.

Svo virtist sem þetta hafi gerst fyrir slysni, en vitað er til þess að hópar hermanna hafa sýnt mótmælendum stuðning.

Mótmælendurnir, sem eru rauðklæddir, hafa vikum saman staðið fyrir fjölmennum mótmælum í höfuðborginni og krefjast þess að Abhisit Vejjajiva forsætisráðherra og ríkisstjórn hans segi af sér.

Abhisit komst til valda í kjölfar valdaráns hersins. Hann hefur sagst vonast til þess að friðsamleg lausn finnist á deilunni, en hefur þó ekki lagt fram neinar hugmyndir að lausn eftir að upp úr viðræðum hans við mótmælendur slitnaði.

- gb



**GRIPIÐ TIL SKOTVOPNA** Einn hermaður féll fyrir byssuskoti, að því er virðist úr byssu félaga síns. FRÉTTABLAÐIÐ/AP






Amerísk leikföng
á frábæru verði
NERF
VERÐ FRÁ 1.799
Körfuboltahringir
MAVERICK
2.198
Maverick
vinsælasta píluvarpan
VERÐ FRÁ 5.998
Stórar píluvörpur
RAPID FIRE
VERÐ FRÁ 2.299
Stórar vatnsbyssur
2.699
Stór kastbolti
4.599
Star Wars
kallar og farartæki
1.899
Ben 10
nýir kallar
1.498
Bakugan
booster pakki
2.899
Spider-Man
kall og bátur með vatnsbyssu
Tonka
2.999
Tonka vörubíll
flottur í sandkassann
4.599
Matchbox
stórir bílar með hljóði
VERÐ FRÁ 2.499
Avatar
kallar með aukahlutum
IRON MAN
2.199
Iron Man 2
gríma
IRON MAN 2
2.199
Iron Man 2
kall með aukahlutum
STARK
5.699
Iron Man 2
kall og bíll
50 ára HAGKAUP
fyrir Íslendinga í 50 ár

**VEISTU SVARIÐ?**



1. *Hvað heitir forstjóri Samkeppniseftirlitsins?*
2. *Í aðdáendaklúbbi hvaða erlends dægurlagasöngvara er Daníel Ágúst Haraldsson stofnfélagi?*
3. *Hver er skólameistari Verkmenntaskólans á Akureyri?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 54

Glæpasagnahöfundar lúta í lægra haldi fyrir rannsóknarnefnd Alþingis:

# Skýrslan um hrunið í fyrsta sæti

**BÆKUR** Rannsóknarskýrsla Alþingis er söluhæsta bók landsins. Er þá sama hvort miðað er við sölu síðustu tveggja vikna eða heildarbóksölu frá áramótum, að því er fram kemur á vef Félags bókaútgefenda.

Í næstu sætum á eftir Rannsóknarskýrslunni eru sakamálasögur. Í öðru sæti á lista yfir söluhæstu bækur 12. til 24. apríl er sænska sakamálasagan Hafmeyjan eftir Camillu Läckberg.

Í næstu sætum á eftir skýrslunni þegar horft er til sölu alls ársins eru ekki ómerkari höfundar en Lisa Marklund og James Patterson, Stieg Larsson og Arnaldur Indriðason.

Bóksölulistinn er birtur á tveggja vikna fresti og mælir sölu bóka á íslensku, en hann er sagður byggja á upplýsingum frá flestum bóksölum landsins. Rannsóknarsetur verslunarinnar annast söfnun upplýsinga fyrir hönd Félags íslenskra bókaútgefenda.

**- óká**

**Söluhæstu bækur ársins**

| Sæti | Titill | Höfundur |
|---|---|---|
| 1. | Rannsóknarskýrsla Alþingis | Rannsóknarnefnd Alþingis |
| 2. | Póstkortamorðin | Liza Marklund/James Patterson |
| 3. | Loftkastalinn sem hrundi | Stieg Larsson |
| 4. | Stúlkan sem lék sér að eldinum | Stieg Larsson |
| 5. | Svörtuloft | Arnaldur Indriðason |

**Uppsafnaður metsölulisti 01.01.10 - 24.04.10 / Heimild: Félag íslenskra bókaútgefenda*

Tíu mánaða fangelsisdómur:

# Piltur eyðilagði hraðbanka

**DÓMSMÁL Nítján ára piltur hefur verið dæmdur í tíu mánaða óskilorðsbundið fangelsi fyrir fjögur þjófnaðarbrot og tvenn eignaspjöll.Pilturinn ollil í tvígang töluverðum skemmdum á sama hraðbankanum við Geislagötu á Akureyri.**

**Hann hefur sex sinnum hlotið refsidóma frá árinu 2007, fyrir þjófnað, fíkniefnabrot og umferðarlagabrot. Hann hefur verið fíkill undanfarin misseri. Það er virt honum til málsbóta að hann játaði brotin undanbragðalaust.**

**- sh**

Vandi vegna myntkörfulána:

# Íslandsbanki skoðar afskriftir

**EFNAHAGSMÁL** Stjórn Íslandsbanka samþykkti í gær að vinna með stjórnvöldum til að koma til móts við fólk sem tók bílalán í erlendri mynt, sem mun í einhverjum tilfellum fela í sér afskriftir.



**BIRNA EINARSDÓTTIR**

Birna Einarsdóttir, bankastjóri Íslandsbanka, sagði í erindi á aðalfundi bankans í gær að í mörgum tilfellum muni slíkt samkomulag hafa í för með sér lækkun á höfuðstól þeirra bílalána sem hafi hækkað hvað mest.

Birna vísaði í nýlega skýrslu frá Seðlabanka Íslands, sem sýnir að vandinn er hvað mestur hjá fólki með slík myntkörfulán.

**- bj**

Þingflokkur Samfylkingar:

# Þórunn tekur við af Björgvini

**STJÓRNMÁL Nýr formaður þingflokks Samfylkingar er Þórunn Sveinbjarnardóttir, fyrrum umhverfisráðherra.**

**Þórunn tekur við starfinu eftir að Björgvin G. Sigurðsson sagði af sér þingmennsku tímabundið.**

**Í millitíðinni hafði Steinunn Valdís Óskarsdóttir, sem var varaformaður þingflokksins, gegnt formennsku en hún sóttist ekki eftir að halda því áfram. Hún hættir nú sem varaformaður en í hennar stað kemur Skúli Helgason, sem áður var ritari þingflokksins.**

**Jónína Rós Guðmundsdóttir er nú ritari þingflokksins.**

**- kóp**

# Fékk 800 milljóna yfirdrátt fyrir skíðaskála í júlí 2008

**Eitt síðasta lánið sem aðili tengdur Baugi fékk fyrir hrun var yfirdráttarlán til Ingibjargar Pálmadóttur fyrir skíðasetri í Frakklandi. Skálinn var hluti af skuldauppgjöri Baugs og Gaums sem skiptastjóri Baugs vill rifta.**

**VIÐSKIPTI** Félag í eigu Ingibjargar Pálmadóttur, 101 Chalet ehf., fékk 800 milljóna króna yfirdráttarlán í hjá Glitni í júlí 2008 fyrir kaupum á skíðasetri í Frakklandi. Þetta var eitt síðasta lánið sem aðili tengdur Baugi fékk í íslensku bönkunum fyrir hrun, að því er fram kemur í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis.

Raunar kemur einnig fram í skýrslunni að Glitnir flokkaði Ingibjörgu Pálmadóttur og félög hennar ekki sem tengda aðila við Gaum og Baug, ólíkt hinum bönkunum. Ef bankinn hefði gert það hefði hann farið yfir hið lögbundna hámark um áhættuskuldbindingar sem kveður á um að einungis megi lána einni samstæðu fjórðung af eiginfé.

Skíðaskálinn í Courchevel í frönsku Ölpunum var metinn á 28 milljónir evra, eða um 3,4 milljarða króna, að því er segir í fundargerð áhættunefndar Glitnis frá 27. ágúst 2008. Yfirtökuverðið var hins vegar rúmar átján milljónir evra, eða 2,3 milljarðar króna. Önnur skammtímafjármögnun átti að koma frá Landsbankanum og langtímafjármögnunin frá Fortis banka.

Skíðaskálinn var annar tveggja á svæðinu í eigu Baugsfjölskyldunnar. Hinn var smærri og keyptur á rúmar 10 milljónir evra.

Stærri skálinn, sem rann síðar til BG Denmark, dótturfélags Baugs, var hluti af allsherjarskuldauppgjöri á milli Baugs og Gaums haustið 2008.

Skiptastjóri þrotabús Baugs hefur höfðað riftunarmál vegna þessa uppgjörs og krefst endurgreiðslu frá Gaumi upp á sex milljarða. Í uppgjörinu var félagið BG Denmark verðlagt miðað við eina innborgun Baugs vegna skálans, í stað þess að félagið hafi verið verðlagt sem heild með öllum eignum og skuldum. Bæði hafi skálinn verið undirverðlagður og aðrar eignir BG Denmark auk þess ekki metnar með. Þrotabú Baugs á hins vegar tilkall til söluvirðis smærri skálans, þegar hann loks selst.

Riftunarmálið vegna uppgjörssamningsins er eitt sex dómsmála sem þrotabú Baugs hefur höfðað. Þeirra stærst er riftunarmál vegna sölunnar á Högum til 1998 ehf., þar sem búið krefst þess að ráðstöfun helmings kaupverðsins, eða fimmtán milljarða, verði rift. Alls vill skiptastjórinn rifta gjörningum fyrir ríflega 22 milljarða. Sjá má upplýsingar um hin málin í meðfylgjandi töflu.

**stigur@frettabladid.is**



**JÓN ÁSGEIR OG INGIBJÖRG** Glitnir, einn banka, taldi Ingibjörgu Pálmadóttur ekki venslaða við Baug og Gaum. FRÉTTABLAÐIÐ / VILHELM

**Dómsmálin sex sem höfðuð hafa verið**

| Mál | Stefndu | Fjárhæð |
|---|---|---|
| **1.** Salan á Högum til 1998 ehf. Fimmtán milljarðar af 30 milljarða kaupverði voru notaðir til að kaupa Gaum, ISP og Bague AS út úr Baugi. Talið að um gjafagerning sé að ræða og að félagið hafi verið ógjaldfært þegar ráðstöfunin átti sér stað. | Gaumur, Gaumur Holding S.A., ISP ehf., Bague S.A., Banque Havilland og Pillar Securitisation | 15 milljarðar |
| **2.** Uppgjörssamningur við Gaum, þar sem félagið BG Denmark var rangt verðmetið. Tengist meðal annars skíðaskálanum í Frakklandi. Fjölmörg skilyrði fyrir riftun talin vera fyrir hendi, meðal annars að um gjafagerning sé að ræða. | Gaumur | 6 milljarðar |
| **3.** Víkjandi lán Baugs til Haga. Deilt um hvort rétt hafi verið af þrotabúinu að gjaldfella lánið þótt það hafi verið á gjalddaga 2011. Talið að lánið hafi verið gjafagerningur. | Hagar | 1 milljarður |
| **4.** „Bætur“ til Karls Georgs Sigurbjörnssonar vegna þeirra hremminga að hafa sætt ákæru um fjársvik eftir að hann keypti stofnfjárbréf í Sparisjóði Hafnarfjarðar á meintu undirverði fyrir dótturfélag Baugs. Hann var síðar sýknaður. Féð er álitið hafa verið gjöf. | Karl Georg Sigurbjörnsson | 10 milljónir |
| **5.** Greiðsla til Skarphéðins Bergs Steinarssonar. Talin vera gjöf. | Skarphéðinn Berg Steinarsson | 1 milljón |
| **6.** Riftun veðs í BG Denmark vegna máls nr. 2. | Glitnir | Ekki fjárkrafa |




Stjórnendur bankanna prófuðu mörk hins leyfilega:

# Íslendingar virða ekki lög og reglur

**EFNAHAGSMÁL** „Ég held að hér sé landlægt virðingarleysi gangvart lögum og reglum,“ segir Salvör Nordal, forstöðumaður Siðfræðistofnunar Háskóla Íslands og einn höfunda að siðfræðihluta skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis um bankahrunið.



**SALVÖR NORDAL**

Salvör hélt tvö erindi í fyrradag tengd bankahruninu, eitt á morgunverðarfundi Félags viðskiptafræðinga og hagfræðinga og annað í hádeginu í Háskóla Íslands.

Salvör kom inn á sama efni í báðum erindum, tilhneigingu stjórnenda bankanna til að teygja sig eins langt að mörkum hins leyfilega fyrir bankahrunið.

Þá sagði Salvör stjórnendur bankanna, stjórnvöld og eftirlitsstofnanir hafa brugðist í aðdraganda bankahrunsins þar sem þau hafi réttlætt gjörðir sínar með tilvísun í lagabókstafi. Hún tók sem dæmi að þegar hollensk stjórnvöld hefðu krafist þess að Landsbankinn seldi eignir nokkru fyrir hrun bankans hefði forstjóri Fjármálaeftirlitsins brugðist illa við, vísað í lagabókstafinn og til styrks bankans í síðasta uppgjöri hans.

„Þröng lagahyggja er andstæð því grundvallarviðhorfi, sem siðareglur hvíla á,“ sagði Salvör og benti á hættuna á að slíkt gæti sljóvgað siðferðilega dómgreind.

**- jab**

# Starfsemi á árinu 2009



**Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins**
**Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga**

## Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris árið 2009

| | A-deild LSR | B-deild LSR | Séreign LSR | LSR samtals | Lsj. hjúkr.-fræðinga | LSR & LH samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Iðgjöld | 14.740,0 | 2.896,8 | 932,2 | 18.568,9 | 286,1 | 18.855,1 |
| Lífeyrishækkanir | 0,0 | 7.642,0 | 0,0 | 7.642,0 | 687,3 | 8.329,3 |
| Uppgreiðslur og innb. v/skuldbindinga | 0,0 | 2.623,0 | 0,0 | 2.623,0 | 149,3 | 2.772,3 |
| Lífeyrir | (982,6) | (19.328,2) | (1.053,3) | (21.364,1) | (1.586,6) | (22.950,7) |
| Fjárfestingartekjur | 19.395,5 | 31.413,8 | 1.021,7 | 51.831,0 | 3.644,9 | 55.476,0 |
| Breytingar á niðurfærslu | (6.280,8) | (10.865,7) | 0,0 | (17.146,5) | (1.390,9) | (18.537,4) |
| Fjárfestingargjöld | (101,6) | (166,2) | (2,5) | (270,3) | (23,0) | (293,3) |
| Rekstrarkostnaður | (68,0) | (197,2) | (4,6) | (269,8) | (24,9) | (294,7) |
| **Hækkun á hreinni eign á árinu** | 26.702,5 | 14.018,3 | 893,5 | 41.614,3 | 1.742,2 | 43.356,5 |
| **Hrein eign frá fyrra ári** | 107.425,1 | 172.872,7 | 6.558,5 | 286.856,3 | 19.626,1 | 306.482,4 |
| **Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris** | **134.127,6** | **186.891,0** | **7.452,0** | **328.470,6** | **21.368,3** | **349.838,9** |

Fjárhæðir í milljónum króna.

Hrein eign til greiðslu lífeyris – LSR og LH




## Efnahagsreikningur 31.12.2009

| | A-deild LSR | B-deild LSR | Séreign LSR | LSR samtals | Lsj. hjúkr.-fræðinga | LSR & LH samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Fjárfestingar | 126.177,7 | 192.304,8 | 7.205,8 | 325.688,3 | 21.849,9 | 347.538,2 |
| Kröfur | 1.363,2 | 2.089,2 | 37,5 | 3.490,0 | 137,6 | 3.627,6 |
| Aðrar eignir | 12.590,1 | 4.747,0 | 433,3 | 17.770,4 | 978,4 | 18.748,8 |
| **Eignir samtals** | **140.131,0** | **199.141,1** | **7.676,7** | **346.948,8** | **22.965,8** | **369.914,6** |
| Skuldir | 6.003,4 | 12.250,1 | 224,7 | 18.478,2 | 1.597,6 | 20.075,8 |
| **Hrein eign til greiðslu lífeyris** | **134.127,6** | **186.891,0** | **7.452,0** | **328.470,6** | **21.368,3** | **349.838,9** |
| **Eignir utan efnahagsreiknings** | | | | | | |
| **Krafa á launagreiðendur vegna lífeyrishækkana** | | **214.481,1** | | **214.481,1** | **29.720,8** | **244.202,0** |

Fjárhæðir í milljónum króna.

## Kennitölur 2009

| | A-deild | B-deild | Séreign leið I | Séreign leið II | Séreign leið III | LSR samtals | Lsj. hjúkr.-fræðinga |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Nafnávöxtun | 11,4% | 12,0% | 18,6% | 14,3% | 14,3% | 11,9% | 11,5% |
| Hrein raunávöxtun | 2,5% | 3,0% | 9,1% | 5,2% | 5,1% | 2,9% | 2,5% |
| Meðalt. hr. raunávöxtunar síðustu 5 ára | -0,6% | -0,8% | -1,4% | -1,1% | 5,6% | -0,7% | -1,3% |
| Meðalt. hr. raunávöxtunar síðustu 10 ára * | 0,8% | 1,7% | 0,4% | 2,4% | 5,9% | 1,6% | 1,1% |
| Verðbréfaeign í íslenskum krónum | 63,0% | 57,9% | 49,8% | 67,0% | 100,0% | 60,2% | 53,9% |
| Verðbréfaeign í erlendum gjaldmiðlum | 37,0% | 42,1% | 50,2% | 33,0% | 0,0% | 39,8% | 46,1% |
| Meðalfjöldi virkra sjóðfélaga | 22.773 | 5.644 | 1.611 | 337 | 1.140 | 31.505 | 581 |
| Meðalfjöldi lífeyrisþega | 1.505 | 10.851 | 179 | 38 | 147 | 12.719 | 700 |
| Rekstrarkostnaður í % af eignum | 0,06% | 0,11% | 0,07% | 0,07% | 0,07% | 0,09% | 0,12% |

* Leið II og Leið III voru stofnaðar árið 2002

## Lífeyrisskuldbindingar skv. tryggingafræðilegri úttekt 31.12.2009

| | A-deild LSR |
|---|---|
| Eignir umfram áfallnar skuldbindingar | (6.811,5) |
| Í hlutfalli af áföllnum skuldbindingum | -4,7% |
| Eignir umfram heildarskuldbindingar | (51.053,7) |
| Í hlutfalli af heildarskuldbindingum | -13,2% |

### Stjórn LSR
Maríanna Jónasdóttir, stjórnarformaður
Árni Stefán Jónsson
Ásta Lára Leósdóttir
Birna Lárusdóttir
Eiríkur Jónsson
Gunnar Björnsson
Páll Halldórsson
Þórveig Þormóðsdóttir

### Stjórn LH
Elsa B. Friðfinnsdóttir, stjórnarformaður
Jón Aðalbjörn Jónsson
Maríanna Jónasdóttir
Oddur Gunnarsson

**Framkvæmdastjóri LSR og LH:**
Haukur Hafsteinsson

### Ársfundur 2010
Ársfundur LSR og LH verður haldinn miðvikudaginn 26. maí n.k. á Hotel Hilton Reykjavík Nordica, Suðurlandsbraut 2, kl. 15.00. Fundurinn er opinn öllum sjóðfélögum og launagreiðendum.

LSR
LÍFEYRISSJÓÐUR STARFSMANNA RÍKISINS

LSR • Bankastræti 7 • 101 Reykjavík • Sími: 510 6100 • Fax: 510 6150 • lsr@lsr.is • www.lsr.is



**FAGNA ÓFÖRUM BANDARÍKJANNA** Tveir ungir íranskir hermenn á hertekinni bandarískri þyrlu taka þátt í athöfn í Teheran til að minnast þess að 30 ár eru frá því Bandaríkjamönnum mistókst að frelsa gísla. NORDICPHOTOS/AFP

**MENNING**

### Kvikmynd um Högnu

Lista- og menningarráð Kópavogs hefur samþykkt að veita einnar milljónar króna styrk til gerðar heimildarmyndar um Högnu Sigurðardóttur arkitekt. Högna er einn þekktasti arkitekt landsins en starfaði lengst af í Frakklandi og er búsett þar. Hún teiknaði meðal annars Sundlaug Kópavogs.

# Hvetur Grikki til bjartsýni

**Þjóðverjar eru tregir til að veita Grikkjum fjárhagsaðstoð. Naumur tími er til stefnu, því stór lán gjaldfalla brátt á Grikki. Forsætisráðherra Grikklands lítur á kreppuna sem tækifæri til endurfæðingar þjóðarinnar.**

**GRIKKLAND** „Kreppa er tækifæri,“ sagði George Papandreou, forsætisráðherra Grikklands, og reynir að hvetja til bjartsýni þrátt fyrir verðfall á hlutabréfamörkuðum og vantrú matsfyrirtækisins Standard & Poor‘s á fjárhagsstöðu gríska ríkisins.

„Við skulum vinna að endurfæðingu þjóðarinnar,“ sagði hann á þingflokksfundi Sósíalistaflokks síns í gær: „Nú er að duga eða drepast.“

Fjárhagsvandræði Grikklands eru fyrir löngu komin í hnút eftir fjármálaóstjórn undanfarinna ára. Sósíalistaflokkurinn tók við vægast sagt slæmu búi af hægristjórn Kostas Karamanlis síðastliðið haust, og þarf að takast á við afleiðingarnar.

Stjórnin er nú í örvæntingarfullu kapphlaupi við tímann, því 19. maí gjaldfalla stór lán sem ríkissjóður mun engan veginn ráða við án utanaðkomandi aðstoðar.

Sameiginleg björgunaráætlun Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og fimmtán Evrópusambandsríkja var samþykkt fyrir rúmlega hálfum mánuði, en Þjóðverjar hafa þó verið tregir til, enda eiga þeir að útvega 8,4 milljarða evra af samtals 45 milljarða Evrópuhluta aðstoðarinnar við Grikki, mun hærri fjárhæð en hin Evrópuríkin.

Á fundi fulltrúa AGS með evrópskum ráðamönnum í Þýskalandi í gær var hart lagt að Þjóðverjum að skorast ekki undan, en skoðanakannanir sýna að 57 prósent Þjóðverja eru algerlega andvíg því að Þýskaland komi Grikkjum til bjargar.

Þjóðverjar eru sjálfir orðnir skuldsettari en góðu hófi gegnir. Samsteypustjórn Kristilegra og Frjálslyndra demókrata, með Angelu Merkel kanslara í fararbroddi, hefur safnað skuldum í stærri stíl en áður mun hafa þekkst í Þýskalandi síðan hún tók við völdum fyrir ári. Fjárlagahalli á þessu ári verður 80 milljarðar evra, sem er fjórðungur af útgjaldahlið fjárlaganna. Ellefu prósent fjárlaga fara nú í afborganir af skuldum.

Allt stefnir því í strangar aðhaldsaðgerðir í Þýskalandi á næstu árum til þess að greiða niður skuldirnar.

Með því að taka á sig góðan skammt af skuldasúpu Grikklands í viðbót verður áhættan orðin meiri en Þjóðverjar, sem vanir eru því að fara varlega í fjármálum, eiga auðvelt með að sætta sig við.

gudsteinn@frettabladid.is



NORDICPHOTOS/AFP

**EKKERT AÐHALD** Fjöldi manns mótmælti aðhaldsaðgerðum stjórnvalda í Aþenu.








Borgun hefur sérhæft sig í öruggri greiðslumiðlun í 30 ár. Þekking okkar og reynsla nýtist viðskiptavinum á hverjum degi, allan sólarhringinn.

Borgun býður:

- Allar gerðir posa á hagstæðum kjörum
- Öruggar lausnir fyrir vefverslanir
- Skilvirka leið við innheimtu boðgreiðslna
- Notendavæna þjónustuvefi

Hafðu samband í 560 1600 eða borgun@borgun.is og fáðu tilboð í færsluhirðingu.

BORGUN
AUÐVELDAR VIÐSKIPTI

Ármúla 30 | 108 Reykjavík | Sími 560 1600 | www.borgun.is

**FRÉTTASKÝRING:** Framtíð iðnaðarmálagjalds til skoðunar eftir dóm Mannréttindadómstólsins

# Ólíklegt að önnur gjöld verði afnumin, segir Jóhanna

**Forsætisráðherra telur ólíklegt að ríkið hætti innheimtu annarra gjalda en iðnaðarmálagjalds vegna dóms Mannréttindadómstóls Evrópu í Strassborg.**

Jóhanna Sigurðardóttir sagði í svari við fyrirspurn Péturs H. Blöndal að þrír ráðherrar séu nú að meta áhrif dómsins og nauðsynleg viðbrögð ríkisins. Hún teldi ólíklegt að fyrirtæki muni geta fengið iðnaðarmálagjaldið endurgreitt, jafnvel þótt það verði afnumið í kjölfar þessa dóms: „Það er auðvitað ljóst að ríkisstjórnin þarf að fara mjög vandlega yfir þessa niðurstöðu,“ sagði hún.

Iðnaðarmálagjald hefur lengi verið umdeilt. Það hefur verið lagt á frá árinu 1975 og er 0,08 prósent af veltu iðnfyrirtækja. Gjaldið er eins og hver annar skattur á iðnaðinn en ríkið ráðstafar því til Samtaka iðnaðarins (SI), hagsmunasamtaka sem hafa að markmiði að hafa áhrif á stefnu stjórnvalda. Samtökin eiga að nýta gjaldið til að efla iðnað og iðnþróun í landinu. SI fær um 420 milljónir króna á ári í tekjur af gjaldinu, auk þess sem félagar samtakanna greiða af frjálsum vilja 122 milljónir króna í félagsgjöld. Iðnaðarmálajaldið stendur því undir lunganum af starfsemi SI.

> Ég skora á forsætisráðherra að standa vörð um mannréttindin og taka þessi gjöld öll til skoðunar með opnum hug.
>
> **PÉTUR BLÖNDAL,** ALÞINGISMAÐUR

Vörður Ólafsson húsasmíðameistari barðist gegn þessari gjaldtöku fyrir íslenskum dómstólum og hafði sigur í Strassborg. Fleiri hafa mælt gegn gjaldinu á öðrum vígstöðvum, til dæmis Pétur H. Blöndal alþingismaður. Hann hefur tvívegis lagt fram frumvarp um afnám þess á undanförnum fimm árum. Þau frumvörp urðu þó ekki að lögum enda mættu þau andstæðu öflugra hagsmunasamtaka. Auk Samtaka iðnaðarins lögðust Samtök atvinnulífsins og Bændasamtökin gegn málinu.

Bændasamtökin fá einnig félagsgjöld innheimt af ríkistekjum. Bændur að greiða 1,2 prósent af heildartekjum sínum í svokallað búnaðargjald, óháð afkomu sinni og nettótekjum. Gjaldið skilar um 320 milljóna króna tekjum þetta árið, samkvæmt fjárlögum. Hluti þess rennur í Bjargráðasjóð. Hluti gjaldsins rennur svo eftir flóknum reglum til Bændasamtakanna og landshluta og búgreinasamtaka bænda.

LÍÚ og Landssamband smábátasjómanna fá einnig hvort um sig um 40 milljónir króna af aflaverðmæti íslenskra skipa. Sú gjaldtaka byggist á 23 ára gömlum lögum. LÍÚ segist vilja afnema lögin en smábátasjómenn eru hlynntir óbreyttu fyrirkomulagi.



**BÚNAÐARGJALD** Bændur greiða 1,2 prósent af heildartekjum í búnaðargjald. Hluti fer í Bjargráðasjóð sem á að bæta tjón eftir gosið í Eyjafjallajökli. Hluti gjaldsins rennur til samtaka í landbúnaðinum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Framtíð þessara gjalda allra barst í tal í umræðum Jóhönnu og Péturs Blöndal á Alþingi í gær og þar voru líka nefnd til sögu 1 prósents gjald af tölvum, sem rennur til STEFs, og skyldugreiðslur til stéttarfélaga opinberra starfsmanna.

Jóhanna lofaði þar að beita sér fyrir að þessi mál yrðu skoðuð í samhengi en sagðist sjálf ekki telja að jafna mætti þeim saman við iðnaðarmálagjaldið sem Mannréttindadómstóllinn telur brjóta gegn félagafrelsi. peturg@frettabladid.is





**HRÆGAMMI GEFIÐ AÐ BORÐA** Hrægammsunginn Einstein fær að borða í dýragarðinum í Hannover í Þýskalandi. NORDICPHOTOS/AFP

Tekist á við afleiðingar öskufalls og aurflóðs á Önundarhorni:

# Plægja þarf hundrað hektara túns

**HAMFARIR** Tæpir sextíu hektarar túns á Önundarhorni, sem lentu undir aurflóðinu af völdum gossins í Eyjafjallajökli á dögunum, eru ónýtir. Plægja þarf þá upp aftur, að sögn Sigurðar Þórs Þórhallssonar bónda á jörðinni. Hinn hluti túnsins, á fimmta tug hektara, liggur undir ösku. Sigurður telur að þann hluta þurfi einnig að plægja og sá í til að losna við öskuryk sem ella myndi þyrlast upp og setjast í heyið í sumar. Hann telur að einhver heyfengur fáist af túnunum, en ljóst sé að hann verði að kaupa hey til viðbótar.

Rúm vika er nú síðan koldimmu gosöskufalli linnti á jörðinni.

„Við erum nýlega byrjaðir að keyra drullunni burt, sem rann yfir jörðina í aurflóðinu á dögunum," segir Sigurður. „Sú vinna gæti tekið allt að sjö daga. Eftir það held ég að maður verði að taka stöðuna, meðal annars með tilliti til hættu á frekara öskufalli."

Sigurður er með kúabú. Kýrnar kveðst hann ef til vill geta sett út í júní, á grænfóður og hey, en hina nautgripina alls ekki í sumar. Hey verði hann að kaupa með vorinu.

„En það er ótrúlegt hvað margir nær og fjær eru boðnir og búnir til að aðstoða við hreinsunina," segir Sigurður og kveður það ómetanlegan stuðning. -jss



FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

**ÖSKUFALL** Hefur leikið margar jarðir undir Eyjafjöllum illa.




## Ársfundur Úrvinnslusjóðs

*Ársfundur Úrvinnslusjóðs verður haldinn á Grand Hótel, 4. hæð, Háteigi B, fimmtudaginn 29. apríl kl. 14:00*

**Dagskrá**

- Formaður stjórnar setur fundinn
- Ávarp umhverfisráðherra
- Ávarp formanns stjórnar Úrvinnslusjóðs
- Ársreikningur 2009 kynntur
- Yfirlit yfir starfsemi Úrvinnslusjóðs
- Umræður

Fundargögn munu liggja frammi á fundarstað

*Stjórn Úrvinnslusjóðs*

ÚRVINNSLUSJÓÐUR www.urvinnslusjodur.is


# Hótaði nauðgunum

**Konur sem Catalina Mikue Ncogo er ákærð fyrir að hafa selt í vændi hafa borið að hún hafi misþyrmt þeim og hótað að láta glæpamenn nauðga þeim hlýddu þær henni ekki. Catalina bíður dóms, ákærð fyrir mansal, vændi og fleira.**

**DÓMSMÁL** Catalina Mikue Ncogo, sem nú bíður dóms, ákærð fyrir hagnýtingu vændis, mansal, frelsissviptingu og ólögmæta nauðung, hótaði konum sem hún seldi í vændi meðal annars því að láta glæpamenn nauðga þeim, hlýddu þær henni ekki.

Þetta kemur fram í úrskurði Héraðsdóms Reykjaness um þau sakarefni sem Catalina skuli ákærð fyrir.

Ein þeirra kvenna sem Catalina er ákærð fyrir að hafa beitt mansali, harðræði og hótunum hefur lýst hvernig Catalina kúgaði hana til vændis sem sú síðarnefnda hafði framfærslu og viðurværi af. Það gerði hún með því að „hóta henni lífláti og líkamsmeiðingum, sparka og slá í líkama hennar, svipta hana frelsi sínu og koma í veg fyrir samskipti hennar við aðra en viðskiptavini vændisstarfseminnar, meðal annars með því að læsa hana inni í herbergi, meina henni að yfirgefa íbúðina og banna henni að borða, sofa og nota salerni nema með leyfi ákærðu".

Í greinargerðinni segir enn fremur að Catalina hafi tekið af konunni vegabréf og peninga. Þá hafi hún beitt hana blekkingum er hún sagði henni að hún væri valdamikil hér á landi og hefði mikil áhrif innan löggæslustofnana og glæpaheimsins á Íslandi og gæti því látið glæpamenn nauðga henni hlýddi hún sér ekki. Þetta gerði hún í skjóli þess að konan þekkti ekkert til hér á landi. Í greinargerðinni segir að hún hafi hótað fleiri fórnarlömbum vændissölunnar með sama hætti.

Í greinargerðinni segir að Catalina hafi haldið ofangreindri konu nauðugri í íbúð sinni svo vikum skipti. Þegar konan komst loks út og mætti með lögreglu til að sækja vegabréf sitt, sló Catalina hana í höfuðið. Annað fórnarlamb hárreytti hún og sló hún með rafmagnssnúru í andlitið. Hún er ákærð fyrir líkamsárás og fyrir að hafa hrækt í andlit lögreglumanns. jss@frettabladid.is



**CATALINA MIKUE NCOGO** Bíður nú dóms. Hún er meðal annars sökuð um mansal, hagnýtingu vændissölu, frelsissviptingu, ólögmæta nauðung og hótanir.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM




## GREIÐSLUUPPGJÖR OPINBERRA GJALDA

Alþingi samþykkti 25. mars síðastliðinn lög nr. 24/2010, um greiðsluuppgjör á opinberum gjöldum lögaðila og einstaklinga í atvinnurekstri.

Samkvæmt lögunum geta lögaðilar og einstaklingar í atvinnurekstri sótt um greiðsluuppgjör á virðisaukaskatti, staðgreiðslu tryggingagjalds, staðgreiðslu opinberra gjalda og þing- og sveitarsjóðsgjöldum sem gjaldféllu fyrir 1. janúar 2010 og eru þar af leiðandi í vanskilum.

Athygli skal vakin á því að umsækjandi greiðsluuppgjörs skal vera skuldlaus í öllum öðrum sköttum og gjöldum en þeim sem falla undir greiðsluuppgjör.

Í greiðsluuppgjöri felst að gjaldandi fær frest til greiðslu þeirra gjalda sem undir greiðsluuppgjörið falla til 1. júlí 2011. Gjöldin bera ekki dráttarvexti á fresttímabilinu 1. janúar 2010 til 30. júní 2011. Að uppfylltum skilyrðum sem fram koma í lögunum getur gjaldandi skuldbreytt vanskilum gjalda sem undir greiðsluuppgjörið falla þann 1. júlí 2011, með því að gefa út skuldabréf til greiðslu vanskilanna. Skuldabréfið er til 5 ára með mánaðarlegum afborgunum og verðtryggt miðað við vísitölu neysluverðs en án vaxta.

Á vef Tollstjóra eru ýtarlegar upplýsingar um greiðsluuppgjör ásamt umsóknareyðublaði.
**http://www.tollur.is/greidsluuppgjor**

TOLLSTJÓRI

TOLLSTJÓRI, Tryggvagötu 19, 101 Reykjavík, sími: 560 0300, fax: 551 6620, vefur: www.tollur.is




**KIM JONG IL** Leiðtogi N-Kóreu, en N-Kóreumenn eru grunaðir um að hafa sökkt s-kóresku herskipi. NORDICPHOTOS/AFP

Herskipið sem sökk:

# Tundurskeyti sökkti skipinu

**SUÐUR-KÓREA, AP** Að öllum líkindum var það tundurskeyti sem sökkti suður-kóresku herskipi skammt frá strönd Norður-Kóreu 26. mars.

Þessu heldur Kim Tae-young, varnarmálaráðherra Suður-Kóreu, fram. Þar með styrkist grunur Suður-Kóreumanna um að her Norður-Kóreu hafi átt þarna hlut að máli.

Kim vildi þó ekkert fullyrða um það, en sagði rannsókn málsins halda áfram.

Lík 40 skipverja hafa fundist og þeir sex sem enn eru ófundnir eru taldir hafa farist einnig. - gb

MJÓLKURSAMSALAN

# Gangi ykkur vel krakkar

**Spennan er í hámarki því í kvöld kl. 20.10 fer fram úrslitaviðureign Skólahreysti.
Frítt inn á keppnina í Laugardalshöll og bein útsending á RÚV.**

**Ekki missa af þessu!**




skolahreysti.is

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA


Nýttu þér
nóttina í
Hamraborg – Nóatún 17 – Hringbraut – Austurver – Grafarholt


Nóatúni!
Nú eru allar verslanir
Nóatúns opnar
allan sólarhringinn
DAG Nótt
24:7
EXPO • www.expo.is
NÓATÚN
www.noatun.is



TÖLVUNARFRÆÐI

ÞAR SEM FRAMTÍÐIN VERÐUR TIL

Tölvunarfræðideild HR og samstarfsaðilar bjóða til fjölda áhugaverðra viðburða í maí í HR við Nauthólsvík.

ICE-TCS (Þekkingarsetur HR í fræðilegri tölvunarfræði):
**30. apríl, kl. 13:00 –18:00**
**Afmælisráðstefna í tilefni 5 ára afmælis ICE-TCS**
**Meðal fyrirlesara:** Luca Aceto, Magnús M. Halldórsson, David de Frutos Escrig og Carlos Gregorio Rodriguez.

CADIA (Gervigreindarsetur HR) og IIIM (Vitvélastofnun Íslands):
**1. maí, kl. 13:00 – 16:00**
**Bílskúrsgervigreind | Byrjendanámskeið**
**15. maí, kl. 13:00 – 16:00**
**Bílskúrsgervigreind | Framhaldsnámskeið**
**Kennarar:** Hannes H. Vilhjálmsson, Kristinn R. Þórisson og Yngvi Björnsson.

ICE-ROSE (Þekkingarsetur HR í hugbúnaðarverkfræði) og Agile hópurinn:
**5. maí, 7. maí og 12. maí, kl. 12:00 – 13:00**
**Hádegisfyrirlestrar**
**Fyrirlesarar:** Marta K. Lárusdóttir, Margrét Dóra Ragnarsdóttir, Pétur Ágústsson, Magnús Oddsson og Marjan Sirjani.

CADIA (Gervigreindarsetur HR):
**14. maí, kl. 14:00 –18:00**
**Afmælisráðstefna í tilefni 5 ára afmælis CADIA**
**Meðal fyrirlesara:** Hannes H. Vilhjálmsson, Kristinn R. Þórisson og Yngvi Björnsson.

Tölvunarfræðideild HR:
**18. – 19. maí, kl. 9:00 – 16:00**
**Kynningar á lokaverkefnum í tölvunarfræði**

IGI (Icelandic Gaming Industry) og tölvunarfræðideild HR:
**20. maí, kl. 14:00 – 18:00**
**Leikjadagur IGI og HR**
**Meðal fyrirlesara:** Fulltrúar leikjafyrirtækja og vísindamenn HR.

Stærðfræðisetur HR:
**26. – 28. maí, kl. 9:00 – 18:00**
**Alþjóðlega fléttufræðiráðstefnan NORCOM 2010**
**Meðal fyrirlesara:** Magnús M. Halldórsson, Juhani Karhumäki, Christian Krattenthaler, Nik Ruskuc, og Luca Q. Zamboni.

IIIM (Vitvélastofnun Íslands) og tölvunarfræðideild HR:
**28. maí, kl. 13:00 – 17:00**
**Stofnsetning Vitvélastofnunar Íslands**

**Kynntu þér dagskrána á www.hr.is/td**

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY



Auglýsingasími

512 54 01




Allt sem þú þarft...


## FRÉTTASKÝRING: Siðareglur fyrir ráðherra og starfsfólk ráðuneyta



**RÝNT Í SKÝRSLUNA** Jóhanna Sigurðardóttir hefur, í kjölfar skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis, sett af stað undirbúning setningar siðareglna forsetaembættisins. Hún hefur þegar mælt fyrir frumvarpi um lögfestingu siðareglna ráðherra. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Ráðherrar opinberi forsendur ákvarðana sinna

**Alþingi hefur til meðferðar frumvarp um siðareglur fyrir ráðherra og starfsfólk ráðuneyta. Í reglunum er meðal annars fjallað um góðar siðvenjur, hegðun, hagsmunatengsl og upplýsingagjöf.**

Ráðherrum eru markaðir starfshættir í tugum liða í siðareglum sem stjórnvöld hafa ákveðið og bíða lögfestingar. Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra hefur mælt fyrir frumvarpi þar um og er það til meðferðar í allsherjarnefnd. Jóhanna hefur nokkrum sinnum á þingferli sínum talað um mikilvægi siðareglna fyrir stjórnmálamenn og komst málið á dagskrá ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Samfylkingarinnar 2007 án þess þó að vera fylgt eftir.

### Skuldir tilgreindar

Mörg ákvæði siðareglnanna eru almenns eðlis og byggja á heilbrigðri skynsemi. Í sumum felast þó nýmæli. Til dæmis er kveðið á um að ráðherrar upplýsi um skuldir sínar. Í hagsmunatengslaskráningu Alþingis er þingmönnum gert að upplýsa um eignir en ekki er minnst á skuldir. Ráðherrar þurfa því að ganga lengra en þingmenn í upplýsingagjöf um fjárhagsmál.

Þá er athyglisvert ákvæðið sem segir að forsendur ákvarðana ráðherra skuli vera opinberar nema almannahagsmunir krefjist annars. Ráðherrar þurfa því að gera grein fyrir ástæðum ákvarðana sinna. Sömuleiðis er tiltekin frumkvæðisskylda um birtingu upplýsinga lögð á ráðherra.

### Forsetinn næstur

Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra hefur upplýst að hafin sé vinna við að setja forsetaembættinu siðareglur. Í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis er lagt til að siðareglur gildi um embættið.

Ekki fást upplýsingar um hvort líkur séu á að reglur um forsetann verði í samræmi eða anda þeirra er gilda eiga um ráðherra.




FRÉTTASKÝRING
BJÖRN ÞÓR SIGBJÖRNSSON
bjorn@frettabladid.is


## Nokkrar greinar úr siðareglunum

### Góðar siðvenjur í stjórnsýslu – nær til starfsfólks ráðuneyta og ráðherra

- Leitast við að skapa traust á og virðingu fyrir eigin stöðu og embætti með trúverðugri og heilsteyptri framkomu.
- Afgreiða mál með skýrum hætti jafnskjótt og því verður við komið.
- Axla ábyrgð á eigin ákvörðunum og krefjast hins sama af öðrum.
- Virða mörk stjórnmála og stjórnsýslu.

### Siðareglur ráðherra

**Hagsmunatengsl og hagsmunaárekstrar**

- Ráðherra veitir almenningi sem gleggstar upplýsingar um fjárhag sinn, tekjur, eignir og skuldir. Hann upplýsir einnig um tengsl sín við stofnanir, félög eða félagasamtök sem geta valdið hagsmunaárekstrum í starfi.
- Ráðherra notfærir sér ekki stöðu sína, eða upplýsingar sem hún veitir honum sérstakan aðgang að, til persónulegs ávinnings.
- Ráðherra ber að hafa í huga í öllum samskiptum sínum við hagsmunahópa að skyldur hans eru við almenning.

**Ákvarðanir og meðferð verðmæta**

- Ráðherra axlar með viðeigandi hætti ábyrgð á ákvörðunum sínum og gjörðum, sem skulu vera almenningi til heilla og í samræmi við stjórnarskrá og landslög. Ráðherra axlar með sama hætti ábyrgð á ákvörðunum og gjörðum undirmanna sinna.
- Forsendur ákvarðana skulu vera opinberar nema almannahagsmunir krefjist annars. Æskilegt er að skriflegum gögnum um slíkar forsendur sé haldið til haga.

**Hegðun og framganga**

- Ráðherra ber að draga skýr mörk á milli einkalífs síns og opinberra skyldustarfa og hefur ekki einkanot af gæðum starfsins umfram það sem reglur hvers ráðuneytis leyfa.
- Hafi ráðherra einkanot af hlunnindum sem tilheyra viðkomandi embætti skal telja þau fram til skatts eftir því sem við á. Gjafir sem ráðherra þiggur í krafti embættis síns renna til viðkomandi ráðuneytis.
- Ráðherra gerist ekki sérstakur fulltrúi eða talsmaður einstakra fyrirtækja innanlands eða á erlendum vettvangi.
- Ráðherra gætir þess að rýra ekki virðingu embættis síns með ámælisverðri framkomu, skeytingarleysi um lög eða virðingarleysi við manngildi og mannréttindi, svo sem með kaupum á kynlífsþjónustu.

**Vinnubrögð**

- Ráðherrar byggir ákvarðanir sínar á bestu fáanlegum upplýsingum og leitar faglegs mats embættismanna og annarra sérfróðra aðila áður en ákvarðanir eru teknar um einstök mál eftir því sem við á.
- Ráðherra leitast við að vera í sem bestum tengslum við almenning.
- Ráðherra gerir skýran greinarmun á flokkspólitísku starfi, svo sem í tengslum við kosningar, og verkefnum ráðuneytis síns hverju sinni.

**Upplýsingagjöf**

- Ráðherra leynir ekki upplýsingum sem hann býr yfir um málefni sem varða almannahag nema lög bjóði eða almannahagsmunir krefjist þess að öðru leyti. Ráðherra ber að hafa frumkvæði að birtingu slíkra upplýsinga sé hún í almannaþágu.
- Ráðherra leggur sig fram um að upplýsa almenning og fjölmiðla með reglulegum og skipulegum hætti af hreinskilni um störf ráðuneytis síns.

**Samskipti við samstarfsfólk og almenning**

- Ráðherra gerir skýran greinarmun á pólitísku hlutverki sínu og hlutverki sínu sem æðsta yfirmanns ráðuneytis. Hann krefst þess af starfsfólki ráðuneytis síns að það láti pólitísk sjónarmið ekki hafa áhrif á störf sín og virðir um leið pólitískt hlutleysi þess.

Fíkniefnamál á Akureyri:

# Amfetamínmenn lausir

**LÖGREGLUMÁL** **Tveir karlmenn sem setið hafa í gæsluvarðhaldi vegna rannsóknar lögreglunnar á Akureyri á fíkniefnamáli þar sem lagt var hald á 1,2 kíló af amfetamíni og 100 grömm af hassi, hafa verið látnir lausir.**

**Mennirnir, sem eru á þrítugs- og fimmtugsaldri, voru handteknir 20. apríl. Þeir voru handteknir í kjölfar þriggja húsleita.**

**Öðrum mannanna var sleppt í byrjun viku og hinum í fyrradag. Rannsókn málsins miðar vel.** - jss



HREINSUNARSTARF Enn er mikið verk óunnið undir Eyjafjöllum.

Enn varað við fíngerðri ösku:

# Hreinsunarfólk beri grímur

**HEILBRIGÐISMÁL** **Sóttvarnalæknir telur að þótt öskufall frá eldstöðinni í Eyjafjallajökli hafi minnkað til muna sé enn nauðsynlegt fyrir þá sem vinna við hreinsun á þurri ösku að nota öndunargrímur.**

**„Fer nú í hönd mikil hreinsunarvinna á ösku undir Eyjafjöllum og vill sóttvarnalæknir vekja athygli á að fíngerð þurr aska við slíka vinnu getur borist niður í lungu manna og hugsanlega valdið tjóni," segir í tilkynningu frá sóttvarnalækni. Hann beinir þeim tilmælum til allra sem vinna við hreinsun á þurri ösku að þeir noti iðnaðarmannagrímur eða öndunargrímur sem fá megi á nærliggjandi heilsugæslustöð við eldgosið eða hjá almannavarnarnefnd á Hvolsvelli.** - gar

Úrvalsvísitalan fór í methæðir eftir þrautagöngu í næstum eitt og hálft ár:

# Markaðurinn sýnir batamerki eftir kreppu

**VIÐSKIPTI** Úrvalsvísitalan (OMXI6) rauf þúsund stiga múrinn skömmu eftir upphaf viðskiptadagsins í Kauphöllinni í gær og fór þá í um 1.005 stig. Hún hafði þá aldrei verið hærri. Vísitalan seig eftir því sem á leið daginn og var komin undir þúsund stigin þegar hlutabréfamarkaðurinn lokaði.

Úrvalsvísitalan, sem tók gildi við þarsíðustu áramót og samanstendur af sex veltumestu almenningshlutafélögunum á markaði, stóð í eitt þúsund stigum á fyrsta degi. Hún rauf þúsund stiga múrinn innan tveggja fyrstu viðskiptadaganna í fyrra áður en hún tók að gefa hratt eftir. Lægst fór hún í 563 stig um miðjan mars í fyrra. Síðan þá hefur hún hækkað um 78 prósent, þar af um 22,4 prósent frá áramótum.



ÞÓRÐUR FRIÐJÓNSSON Forstjóri Kauphallarinnar segir mikla hækkun Úrvalsvísitölunnar sýna að hlutabréfamarkaðurinn sé á batavegi eftir kreppuna. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Þórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallarinnar, segir þróunina gleðiefni jafnt fyrir fjárfesta sem fyrirtækin sjálf: „Sú staðreynd að Úrvalsvísitalan hefur nánast tvöfaldað sig frá því í mars á síðasta ári gefur til kynna að markaðurinn er á batavegi. Við væntum þess að fleiri fyrirtæki muni sjá sér hag í því að koma á markaðinn á næstunni og njóta góðs af þessari þróun," segir hann. - jab

**Gengi hlutabréfa í Úrvalsvísitölunni síðustu 12 mánuði**

| Félag | Hækkun /- lækkun |
|---|---|
| Össur | 113,2% |
| Marel | 92,6% |
| BankNordik (áður Föroya Bank) | 35,6% |
| Atlantic Airways | -26,2% |
| Atlantic Petroleum | -35,2% |
| Icelandair Group | -38,0% |






**Útgjöldin**

>Kílóverð á skinku, í febrúar ár hvert




*Heimild: Hagstofa Íslands*

# neytendur

*hagur heimilanna*

**NEYTANDINN:** Hörður Sveinsson ljósmyndari

## *Gítar bestu kaup en bíllinn þau verstu*



„Verstu kaupin mín voru tvímælalaust myntkörfulánsbíllinn minn, sem var grár smábíll af gerðinni Huyndai Getz sem ég keypti notaðan á milljón árið 2007,“ segir Hörður Sveinsson ljósmyndari. „Þetta er hinn besti bíll þannig séð, ég á hann og nota, en kaupin eru tvímælalaust þau verstu sem ég hef gert. Mér var sagt að það væri voða sniðugt að taka myntkörfulán og ég féll kylliflatur fyrir því,“ segir Hörður sem heldur í þá von að annaðhvort styrkist krónan eða lánin verði endurskoðuð.

Bestu kaup Harðar eru af allt öðrum toga. „Ég keypti mér lítinn rauðan úkúlele-gítar í Palermo á Sikiley síðasta sumar. Hann er eins og ananas í laginu og skreyttur ávaxtamyndum. Ég hef notað hann mjög mikið þó að ég kunni ekki beinlínis að spila á gítar, ég fikta bara í honum. Ég er reyndar handóður, get ekki haft hendurnar kyrrar og þess vegna virkar gítarinn eins og stressbolti fyrir mig. Gítarinn var ódýr og ég hef notað hann svo mikið að hann hlýtur að vera bestu kaupin sem ég hef gert.“

## GÓÐ HÚSRÁÐ

### SAFNAR ÚRGANGI

■ *Jón Gnarr, leikari og frambjóðandi, setur úrgang á rósabeð*



„Besta húsráðið er að henda aldrei lífrænum úrgangi heldur setja hann í safntunnu sem Reykjavíkurborg hefur svo til gefið í mörg ár,“ segir Jón Gnarr, leikari og frambjóðandi Besta flokksins í næstu sveitarstjórnarkosningum. Jón telur almennt sorp frá heimilinu hafa minnkað hafa um helming í kjölfarið. „Seint á vorin er úrgangurinn orðinn eins og hrossaskítur. Hann set ég í beðin, við rósirnar mínar.“






Góð sölulaun

Álfasölufólk

Hin árlega Álfasala SÁÁ fer fram 26.-30. maí næstkomandi.
Okkur vantar hóp duglegs sölufólks sem er tilbúið að leggja okkur lið við sölu á álfinum þessa daga.

Góð sölulaun

Álfasalan hefur reynst góð fjáröflunarleið fyrir íþróttafélög og klúbba af ýmsu tagi.
Hærri sölulaun í ár.
Hafið samband við skrifstofu SÁÁ í Efstaleiti 7, Reykjavík, sími 530 7600, eða við sölustjóra í síma 824 7646

Álfurinn fyrir unga fólkið

SÁÁ SAMTÖK ÁHUGAFÓLKS UM ÁFENGIS- OG VÍMUEFNAVANDANN


# Fólk getur fengið gaskúta á gamla verðinu enn um sinn

**Fyrir þá sem vantar kút á grillið fyrir sumarið eru síðustu forvöð að hreppa plastkúta á „gamla verðinu“ hjá ÍSAGA og Skeljungi. Búast má við að verðið hækki innan skamms. Sáralítill verðmunur er á stálkútum og áfyllingu á þá, en tæpum sex hundruð krónum getur munað á plastkútaáfyllingu Olís á leið í innflutning.**

ÍSAGA og Skeljungur selja plastgaskúta á rúmar níu þúsund krónur, en aðrir á rúmar þrettán og upp í fjórtán þúsund krónur. Fyrirtækin tvö búast við að hækka verð á næstunni, eða þegar sending berst til landsins.

„Þetta er gömul sending, flutt inn fyrir þremur árum,“ segir Guðmundur Rafnsson, framkvæmdastjóri hjá ÍSAGA, en fyrirtækið býður upp á heimsendingarþjónustu á gasi fyrir átta hundruð krónur.

Plastkútar eru algengastir í tíu kílóa stærð og ódýrastir hjá Skeljungi á 9.054 krónur. Dýrastir eru þeir hjá Byko, á 13.990. Hjá Byko fylgir áfylling kútnum.

Ódýrasta áfyllingin á plastkútana er hjá Byko, 4.414 krónur, en mest kostar áfyllingin hjá Skeljungi, 5.009 krónur.

Gömlu stálkútarnir eru mun ódýrari en plastkútarnir. Níu kílóa stálkútar kosta rúmar 2.000 kónur og munar fimmtán krónum á hæsta og lægsta verði.

Lítill verðmunur er og á áfyllingu á níu kílóa stálkúta, eða áttatíu krónur milli hæsta og lægsta verðs.

Olís ætlar á næstunni að flytja inn eigið gas. Um leið verður boðið upp á nýja gerð tenginga milli grills og kúts, sem sagðar eru hentugri og öruggari.

Olís mun jafnvel bjóðast til að koma heim til fólks og skipta um tengingar fyrir það, sem bætist við þjónustu eins og heimsendingu á gasgrillum. **klemens@frettabladid.is**

### Bjarni á allt gasið



BJARNI ÁRMANSSON

Eitt félag, Gasfélagið, flytur inn allt própangas á Íslandi, sem er gasið sem fer á gasgrillin. Gasfélagið er í eigu Sjávarsýnar, félags Bjarna Ármannssonar athafnamanns. Olíufélögin og fleiri endurselja svo neytendum gasið frá Gasfélaginu.

Pétur Pétursson, framkvæmdastjóri Gasfélagsins, á ekki von á því að verð lækki mikið við það að Olís hefji innflutning á gasi. Verðið ráðist af heimsmarkaðsverði og gengi Bandaríkjadollars. „En það getur vel verið að olíufélögin fari þá í verðstríð,“ segir hann og tekur fram að hann skipti sér ekkert af verði olíufélaga. **- kóþ**



**GRÆTT Á DAGINN OG GRILLAÐ**... Sumarið er byrjað samkvæmt dagatalinu og landsmenn farnir að huga að gasgrillum sínum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

### Verð á gasi og gaskútum:

| Tegund | Stálkútur 9 kíló | Áfylling | Plastkútur 10 kíló | Áfylling |
|---|---|---|---|---|
| Byko | - | - | 13.990* | 4.414 |
| ÍSAGA | - | - | 9.600 | 4.550 |
| N1 | 2.015 | 4.228 | 13.305 | 4.699 |
| Olís | 2.005 | 4.308 | 13.310 | 4.791 |
| Skeljungur | 2.020 | 4.237 | 9.054 | 5.009 |

Miðað við upplýsingar úr símakönnun í gærdag. Bornir eru saman 10 kílóa plastkútar, áfylling á þá, og 9 kílóa stálkútar og áfylling á þá.
*Innihaldið er ókeypis þegar keyptur er nýr kútur hjá Byko.

### Ekki viðskiptatækifæri

Skilagjald er á kútunum, jafnhátt útsöluverði. Því mætti ætla að hægt væri að kaupa sér tóma kúta hjá Skeljungi og skila þeim til Byko og hirða mismuninn. En viðskiptavinir sem skila gaskútum eru gjarnan krafðir um kvittanir í verslunum, enda hafa þjófar oft reynt að losa sig þar við illa fengna gaskúta. **- kóþ**


Öldrunarráð Íslands

Hverahlíð 20 - 810 Hveragerði - Sími 480-2000 - Fax 480-2029

**Árlega veitir Öldrunarráð Íslands viðurkenningu fyrir frábær störf í þágu aldraðra.**

Nú er óskað eftir ábendingum um einstaklinga, stofnanir eða félagasamtök, sem víðast af landinu sem verðskulda slíka viðurkenningu árið 2010.

Ábendingar sendist til starfsmanns Öldrunarráðs Pálínu Sigurjónsdóttur, Hverahlíð 20, 810 Hveragerði eða í tölvupósti, pala@dvalaras.is, fyrir 15. maí.


Samgönguráðherra setur fram markmið um umhverfislega sjálfbærar samgöngur:

# Vill lækka skatta á neyslugranna bíla

**SAMGÖNGUR** Kristján L. Möller samgönguráðherra vill breyta skattlagningu eignarhalds og notkunar neyslugrannra bíla svo þeir verði fýsilegri kostur en nú er.



KRISTJÁN MÖLLER

Þetta kemur fram í kafla um markmið um umhverfislega sjálfbærar samgöngur í nýrri samgönguáætlun.

Til neyslugrannra bíla teljast til dæmis tvinnbílar, tengiltvinnbílar, bílar sem nota vistvænt eldsneyti og bílar sem nota gasolíu.

Þegar eru í gildi skattaívilnanir vegna neyslugrannra bíla en þrátt fyrir það eru slíkir bílar innan við eitt prósent af bílaflotanum.

Runólfur Ólafsson, framkvæmdastjóri Félags íslenskra bifreiðaeigenda, segir markmiðið jákvætt; fullt tilefni sé til að fjölga neyslugrönnum bílum í umferðinni. Hann leggur þó áherslu á að breytingar á skattkerfinu verði raunhæfar og þjóni markmiði sínu af alvöru.

Í samgönguáætluninni kemur einnig fram sá vilji Kristjáns Möllers að breyta kröfum í útboðum með það að markmiði að auka hlut vistvænna ökutækja í sérleyfisakstri og auka kröfur til opinberra stofnana og fyrirtækja um að þær noti vistvæn ökutæki í starfsemi sinni.

Fyrir utan þessi verkefni á að leita leiða og vinna að markvissri áætlun um hvernig standa megi að orkuskiptum í samgöngum sem lið í að ná loftlagsmarkmiðum stjórnvalda. **- bþs**

# WHIRLPOOL **DAGAR**

**FRÁBÆR TILBOÐ** í gangi á þvottavélum, þurrkurum, uppþvottavélum og öðrum heimilistækjum frá stærsta framleiðanda í heimi.

# 10-60% AFSLÁTTUR




# LOKADAGAR

**Whirlpool dögum lýkur á morgun föstudag!**

LOKAÐ LAUGARDAGINN 1. MAÍ



**UPPÞVOTTAVÉLAR**
Verð frá kr. 79.995



**ÞVOTTAVÉLAR**
Verð frá kr. 89.995



**ÞURRKARAR**
Verð frá kr. 79.995

**OFNAR, HÁFAR OG HELLUBORÐ Á FRÁBÆRU VERÐI!**

Whirlpool

**Heimilistæki** ht.is

HAFNARGÖTU 90 **REYKJANESBÆ** S: 414 1740 • EYRARVEGI 21 **SELFOSSI** S: 480 3700 • GARÐARSBRAUT 18A **HÚSAVÍK** S: 464 1600 • GLERÁRGÖTU 36 **AKUREYRI** S: 460 3380 • SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** S: 569 1500


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
LOKAÐ Í BÓNUS 1. MAÍ TÖKUM HELGINA SNEMMA
998 KR.KG
K.S FROSIÐ LAMBALÆRI
Best bragðast *frosna* lambalærið ef það er látið þiðna fyrir eldun í 3-5 daga í kæliskáp.
KJARNAFÆÐI
1398 KR.KG
30% AFSLÁTTUR
MERKT VERÐ 1998 KR.KG.
KF FERSKT KRYDDAÐ GRILL LAMBALÆRI ÍSL.JURTIR
PEPSI
PEPSI MAX
179 KR. 2 LTR
PEPSI OG PEPSI MAX 2 LTR.
MEÐAL BANANI ER U.Þ.B.. 225G EÐA 59 KR.STK.
DOLE BANANAR
198 KR. STK
BÓNUS KORNBRAUÐ EITT KÍLÓ DUGAR Í 13 SAMLOKUR U.Þ.B. 15 KR. SAMLOKAN
2998 KR.KG
HOLLENSKAR FROSNAR NAUTALUNDIR
KJARNAFÆÐI
1554 KR.KG
K.F GRILL VILLIKRYDDAÐAR LAMBALÆRISSNEIÐAR
30% AFSLÁTTUR
MERKT VERÐ 2220 KR.KG.
Myllu Spelt BRAUÐ
229 KR. STK
MYLLU SPELTBRAUÐ 500G
259 KR. STK
MYLLU MÖNDLUKAKA 420G
Mango
598 KR. PK
FROSNIR MANGÓBITAR 1 KG
Blåbær
frugt
295 KR. PK
FROSIN BLÁBER 250G
jordbær
STRAWBERRIES JORDGUBBAR
1200 g
479 KR. 1.2 KG
FROSIN JARÐARBER 1,2 KG
Coca-Cola
139 KR. 1 LTR
BÓNUS BÝÐUR BETUR
VISA

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

## LOKAÐ Í BÓNUS 1. MAÍ TÖKUM HELGINA SNEMMA

Dole

259 KR.KG

**Hálfur lambaskrokkur 798 kr.kg.** Heilt læri, hálfur hryggur, frampartur í bitum og slag í súpukjöt. Fimm máltíðir fyrir 4 manna fjölskyldu á aðeins ca. 5.500 kr. eða 1120 kr. í mál.

ÍSLANDS LAMB

798 KR. KG

**ÍSLANDSLAMB 1/2 LAMBASKROKKUR FROSINN**

Matur fyrir fjóra BÓNUS LASAGNE

998 KR. KG

**BÓNUS FERSKT LASAGNE 1 KG**
FÍNN MATUR FYRIR FJÓRA
*ÞARF AÐEINS AÐ HITA*

Ali Grísakjöt GRÍSAKÓTILETTUR

898 KR. KG

**ALI FERSKAR GRÍSAKÓTILETTUR**

30% AFSLÁTTUR

**K.S FROSIN LAMBASVIÐ**
MERKT VERÐ 298 KR. **209 kr.kg.**

BEST FYRIR JÚLÍ 2010

39 KR. DS

**EUROSHOPPER MAIS 340g**

**20.000** KAFFIPAKKAR
Í BOÐI Á ÞESSU VERÐI:
*398 KR.*
**BKI CLASSIC KAFFI MELLEMRÖSTED 500g**

Nautaveisla HAKK

898 KR. KG

**NAUTAVEISLU HAKK**

BEST FYRIR JÚNÍ 2010

Chocolate chip cookies

98 KR. PK

**EUROSHOPPER BITAKÖKUR 150G**
*15000 PAKKAR Í BOÐI Á ÞESSU VERÐI.*

598 KR. KG

**BÓNUS FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR**

BÓNUS Kjúklingur Bringur

1598 KR. KG

**BÓNUS FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR**

Coca-Cola light

139 KR. 1 LTR

Coca-Cola zero

139 KR. 1 LTR

139 KR.PK

**BÓNUS XL HAMBORGARABRAUÐ 4 STK.**

**BÓNUS BORGARI Í BRAUÐI**
*Á AÐEINS 165 KR.*

BÓNUS borgarar 10 stk. x 120 g

1298 KR.PK

**BÓNUS FROSNIR BORGARAR 10 x 120g**

# BÓNUS BÝÐUR BETUR

VISA

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Vonandi hverfa fleiri þvinguð félagsgjöld með iðnaðarmálagjaldinu.

## Úrelt gjaldtaka

Mörgum hefur fundizt sú ítrekaða niðurstaða íslenzkra dómstóla skrýtin, að innheimta svokallaðs iðnaðarmálagjalds bryti ekki gegn ákvæðum stjórnarskrárinnar um félagafrelsi. Það virðist liggja nokkurn veginn í augum uppi að með gjaldinu, sem ríkið innheimtir af iðnfyrirtækjum og lætur svo renna til Samtaka iðnaðarins burtséð frá því hvort fyrirtækin eiga aðild að SI eða ekki, er verið að þvinga fyrirtæki til að greiða félagsgjald til félags, sem þau kæra sig kannski ekkert um að vera í.

Nú hefur Mannréttindadómstóll Evrópu komizt að þeirri niðurstöðu að gjaldið brjóti gegn félagafrelsisákvæðum Mannréttindasáttmála Evrópu. Iðnaðarmálagjaldið heyrir því væntanlega sögunni til. Alþingi er ekki stætt á öðru en að afnema lög um gjaldið og Samtök iðnaðarins verða að fjármagna sig eins og annar frjáls félagsskapur; með félagsgjöldum fyrirtækja sem vilja vera í samtökunum. Varla leikur vafi á að iðnfyrirtæki, sem sjá hag sinn í félagsaðild, munu greiða hærra félagsgjald – enda geta þau nú sparað sér iðnaðarmálagjaldið.

SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Pétur Blöndal alþingismaður spurði Jóhönnu Sigurðardóttur forsætisráðherra á Alþingi í gær hvort nú yrðu ekki afnumin önnur gjöld sem væru sambærileg við iðnaðarmálagjaldið. Pétur nefndi búnaðargjald, fiskiræktargjald, gjald sem lagt er á tölvur og rennur til Samtaka tónskálda og eigenda flutningsréttar, og loks skyldugreiðslu opinberra starfsmanna til stéttarfélags.

Búnaðargjaldið er klárlega sambærilegt við iðnaðarmálagjaldið. Það er 1,2 prósent af heildartekjum bænda, óháð afkomu þeirra. Gjaldið rennur annars vegar til Bændasamtakanna og ýmissa búnaðar- og búgreinasambanda og hins vegar til Bjargráðasjóðs. Að minnsta kosti hvað greiðsluna til félagasamtaka varðar hlýtur það sama að eiga við um búnaðargjaldið og iðnaðarmálagjaldið. Kannski hafa sumir bændur engan áhuga á aðild að Bændasamtökunum og eru ósammála þeim skoðunum sem þau berjast fyrir, rétt eins og húsasmíðameistarinn sem vann málið fyrir Mannréttindadómstóli Evrópu taldi Samtök iðnaðarins hafa unnið gegn hagsmunum sínum.

Fréttablaðið sagði frá því í vetur að hluti af aflaverðmæti allra íslenzkra skipa rynni lögum samkvæmt til Landssambands útgerðarmanna og Landssambands smábátaeigenda. Hvor samtök um sig fá þannig um fjörutíu milljónir á ári. LÍÚ kærir sig ekki um þessar greiðslur, en LS lætur þær koma í stað félagsgjalda. Enn hljóta sömu rök að eiga við um þessi lögboðnu gjöld og iðnaðarmálagjaldið.

Pétur Blöndal og fleiri þingmenn hafa ítrekað lagt til að 7. grein laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna verði breytt, en þar er beinlínis kveðið á um að starfsmenn, sem standi utan stéttarfélaga opinberra starfsmanna, eigi samt að greiða þeim félagsgjald! Frumvarpið hefur aldrei fengizt afgreitt úr nefnd. Þarf kannski líka að vísa þessari dulbúnu skylduaðild að félagi til Mannréttindadómstólsins áður en löggjafinn rumskar?

Skyldugreiðslur af þessu tagi, til félaga sem fólk vill hugsanlega alls ekki vera í, eru fullkomlega úrelt fyrirbæri. Alþingi á að taka til í þessum þvinguðu félagsgjöldum.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Hliðar á sama peningi

Stefán Snævarr heimspekingur bloggaði um þá kenningu sína að Baugsmenn og hin svonefnda náhirð innan Sjálfstæðisflokksins væru hvor sín hliðin á sama peningnum. Máli sínu til stuðnings nefndi hann að eitt sinn hefði Hannes Hólmsteinn Gissurarson sagt að Pálmi í Hagkaup hefði bætt kjör fátækra meira en verkalýðshreyfingin. Síðar hefði Gunnar Smári Egilsson sagt hið sama.

### Ekki hann heldur hann

Af þessu spratt lífleg umræða í athugasemdakerfinu. Einn benti á að ummælin væru alls ekki komin frá Hannesi heldur Gvendi Jaka; annar sagði það rangt, það hefði verið Vilmundur Gylfason sem sagði þetta; neineinei, sagði sá þriðji, það var faðir hans, Gylfi Þ. Gíslason sem sagði þetta. Niðurstaða Stefáns var þessi: Einhver sagði þetta, og Hannes og Gunnar Smári átu það upp eftir honum.



### Eins og ný

Einar Skúlason, oddviti Framsóknarflokksins í Reykjavík, gekk í sjóinn og synti ósmurður yfir Fossvog á dögunum til að safna pening. Einar getur huggað sig við að hann þarf væntanlega ekki að punga út fyrir nýjum jakkafötum. Fyrir fjórum árum komst það í hámæli að Björn Ingi Hrafnsson hefði klætt sig upp á kostnað flokksins. Björn Ingi sagði á sínum tíma óþarfa að gera rellu út af því: fötin hefði nýst honum lítið þar sem hann hefði bætt á sig eftir kosningar og væri ekki viss um að komast lengur í þau. Jakkafötin hljóta því að hanga inni í fataskáp Framsóknar, eins og ný, og bíða eftir að Einar smeygi sér í þau. Nema Óskar sé búinn að slíta þeim út?



bergsteinn@frettabladid.is

HALLDÓR




## Vorar skuldir

Hrunið



Árni Svanur Daníelsson
Prestur



Kristín Þórunn Tómasdóttir
Prestur

Á maður alltaf að borga skuldir sínar? Ef allt er með felldu svörum við því játandi. En það er ekki alltaf raunin. Síðasta áratug hefur athyglin beinst að svokölluðum ólögmætum skuldum þjóðríkja.

Slíkar skuldir geta verið ólögmætar af ýmsum ástæðum. Ein er sú að lánveitandi hafi ekki gengið úr skugga um að lánþegi gæti greitt skuldina. Önnur lýtur að því hver stofnaði til skuldarinnar. Fyrir nokkrum árum var úrskurðað að milljarða dala skuldir Íraks og Nígeríu skyldu felldar niður vegna þess að til þeirra var stofnað af stjórnvöldum sem ekki voru lýðræðislega kjörin. Samt gátu þessar þjóðir staðið undir greiðslum.

Í áttunda bindi skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis segir: „Borgarar í lýðræðisríki bera ábyrgð á réttilega kjörnum stjórnvöldum. Meginforsenda þess að borgararnir geti axlað þessa ábyrgð vel er að þeir búi við góð skilyrði til upplýstrar skoðanamyndunar.“ Í skýrslunni kemur einnig fram að alvarlegir misbrestir eru á þessu hérlendis (bls. 241). Þar er jafnframt harðlega gagnrýnt að á ákveðnu tímabili hafi veik stjórnvöld falið fjármálakerfinu og bönkunum of mikið vald, leyft of mikil umsvif og sýnt of lítið aðhald.

Kannski má ganga svo langt að segja að á Íslandi hafi ríkt auðræði í stað lýðræðis. Að lýðræðislega kjörnir fulltrúar hafi ekki verið við stjórnvölinn.

> Það var ekki allt með felldu. Við getum ekki horft fram hjá því á leið okkar frá reiði til sáttar.

Ef allt væri með felldu ættum við að axla fulla ábyrgð á því sem réttilega kjörin stjórnvöld hafa kallað yfir okkur. En skuldsetningu íslensku þjóðarinnar vegna efnahagshrunsins má að hluta rekja til þess auðræðis sem ríkti hér eftir einkavæðingu og útrás. Það var ekki allt með felldu. Við getum ekki horft fram hjá því á leið okkar frá reiði til sáttar.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Nefndin stóðst prófið

Í DAG



Þorvaldur Gylfason
Prófessor

Á fundi með rannsóknarnefnd Alþingis í janúar 2009 lýsti ég þeirri skoðun fyrir nefndinni, að hlutverk hennar væri að svipta gagnsærri hulunni af því, sem allir vissu. Ég brýndi fyrir nefndinni, að í útlöndum væri vandlega fylgzt með störfum hennar, þar eð ríkir erlendir hagsmunir væru bundnir við, að nefndin skilaði trúverðugri skýrslu. Hvaða hagsmunir? Erlendir lánardrottnar og sparifjáreigendur biðu mikinn skaða við bankahrunið, auk þess sem aðrar þjóðir hafa eftir hrun lánað Íslendingum mikið fé í gegnum Alþjóðagjaldeyrissjóðinn til að koma landinu yfir erfiðasta hjallann. Nefndin stóðst prófið.

Skýrsla nefndarinnar er ekki hvítþvottur eins og margir óttuðust, úr því að stjórnvöld þvertóku fyrir að fela óháðum erlendum mönnum rannsókn hrunsins og girða þannig fyrir grunsemdir um hlutdrægni. Skýrslan er vandleg greinargerð um ábyrgð bankanna og stjórnvalda á bankahruninu. Höfundar skýrslunnar taka í öllum aðalatriðum undir gagnrýni mína og margra annarra á ríkisstjórnina og Seðlabankann fyrir hrun. Skýrslan er þungur áfellisdómur yfir gamla bankakerfinu og stjórnkerfinu. Hún bankastjórans á skilningsleysi íslenzkra stjórnvalda var algeng meðal erlendra seðlabankastjóra.

Fram kemur í skýrslunni (2. bindi, bls. 200-201), að tíu alþingismenn, þar af sjö þingmenn Sjálfstæðisflokksins, reyndust hver um sig skulda bönkunum 100 milljónir króna eða meira, einkum vegna hlutabréfakaupa. Þessir tíu þingmenn skulduðu bönkunum 830 milljónir króna hver að jafnaði. Að auki þágu stjórnmálaflokkarnir og einstakir frambjóðendur þeirra mikið fé af bönkunum og tengdum aðilum fyrir hrun. Bankarnir keyptu sér frið til að fara sínu fram.

**Vistmennirnir taka völdin**

Skýrslan lýsir Seðlabankanum eins og vitlausraspítala, þar sem vistmennirnir hafa tekið völdin. Tveir helztu hagfræðingar bankans vitna um „enn eitt ruglið… algjörlega stjórnlaust“ (1. bindi, bls. 161-162). Hvergi kemur fram, að hagfræðingarnir hafi hugleitt að hætta störfum í mótmælaskyni. Ekki virðast þeir heldur hafa hugleitt að hætta störfum á fyrri tíð vegna skipunar óhæfra manna í bankastjórnina. Fyrir kom, að hagfræðingar bankans báðu mig að hreyfa mótmælum. Embættiskerfi, þar sem enginn þorir að standa upp, hvað sem á dynur, getur ekki gert fullt gagn, að ekki sé meira sagt. Háskólamenn dönsuðu einnig of margir með bönkunum og stjórnvöldum, sumir gegn greiðslu eða hlunnindum, og gengu með því móti á svig við almennt velsæmi með þjónkun við þröngа sérhagsmuni. Háskólarnir þurfa

> Skýrslan lýsir Seðlabankanum eins og vitlausraspítala, þar sem vistmennirnir hafa tekið völdin. Tveir helztu hagfræðingar bankans vitna um „enn eitt ruglið… algjörlega stjórnlaust“.

lýsir gerspilltu og getulausu stjórnkerfi, sem hegðaði sér eins og hundur í bandi auðmannanna.

**Engin viðbúnaðaráætlun**

Í skýrslunni segir svo (1. bindi, bls. 39-41): „…í ríkisstjórn Íslands var allt fram að falli bankanna lítið rætt um stöðu bankanna og lausafjárkreppuna sem hófst undir lok sumars 2007. …Þegar ráðherrar hugðust bæta ímynd íslenska bankakerfisins með þátttöku í opinberri umræðu, einkum erlendis, var það gert án þess að lagt væri mat á fjárhagslegan styrk ríkisins til þess að koma bönkunum til aðstoðar og án þess að fyrir lægju upplýsingar um kostnað við hugsanlegt fjármálaáfall. …þegar á hólminn var komið og bankarnir riðuðu til falls var ekki fyrir hendi sameiginleg viðbúnaðaráætlun stjórnvalda. Sárlega þurfti þá á henni að halda. …Í bréfi Stefans Ingves, seðlabankastjóra Svíþjóðar, …kemur fram sú skoðun hans að óskýrt eignarhald ásamt örum vexti á efnahagsreikningi bankanna hafi leitt til hættuástands sem íslensk stjórnvöld hafi hvorki virst átta sig á né fyllilega skilið hvernig mætti mæta.“ Þessi skoðun sænska seðla-

að herða og virða siðareglur sínar til að reyna að reisa skorður við slíkri háttsemi.

Á heildina litið er íslenzku viðskiptasiðferði alvarlega ábótavant. Viðskiptaráð taldi Ísland standa Norðurlöndum „framar á flestum sviðum“ skömmu fyrir hrun og hélt áfram að birta leiðbeiningar um hagstjórn eins og ekkert hafi í skorizt. Skýrsla rannsóknarnefndarinnar segir berum orðum, að bankarnir hafi brotið lög (2. bindi, bls. 313) og þrír ráðherrar og fjórir embættismenn hafi sýnt vanrækslu (1. bindi, bls. 46). Líklegt virðist, að dómstólar þurfi að fjalla um, hvort niðurstöður skýrslunnar leiði til fangelsisdóma eða ekki. Verði stjórnendur bankanna, ráðherrar og embættismenn dæmdir, getur forseti Íslands náðað bankastjórnendur og embættismenn samkvæmt heimild í stjórnarskrá, en ráðherra getur hann þó ekki náðað nema með samþykki Alþingis. Mér sýnist líklegt, að hvort heldur sýknudómar eða sektardómar og náðun myndu vekja úlfúð og spilla fyrir nauðsynlegri endurnýjun og sátt í samfélaginu. „Dagar linkindarinnar og svika samábyrgðarinnar hljóta að fara að styttast,“ sagði Bjarni Benediktsson 1934.

# Barnamenningarhús

Fríkirkjuvegur 11

Sóley Tómasdóttir
Oddviti VG í Reykjavík



Fríkirkjuvegur 11 er perla í hjarta miðborgarinnar. Áratugum saman hefur húsið þjónað reykvískum börnum. Þegar meirihluti Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks ákvað haustið 2006 að selja Björgólfi Thor Björgólfssyni húsið lögðust borgarfulltrúar VG gegn því, enda dýrmætur hluti úr sögu barnanna í borginni. Húsið hefur hýst íþrótta- og tómstundasvið um langt skeið en þar á undan voru þar haldin ýmiss konar námskeið og starfsemi í þágu almennings og með sérstakri áherslu á börn.

Borgarfulltrúar VG lögðu til að húsið yrði áfram í eigu borgarinnar og gert að barnamenningarhúsi. Þessi hugmynd er ekki úr lausu lofti gripin því að fjöldi fólks hefur talað fyrir sérstakri stofnun sem ætlað væri að standa vörð um barnamenningu á Íslandi. Samtök um barnamenningarstofnun hafa unnið vandaða vinnu, kynnt sér starfsemi sambærilegra húsa í nágrannalöndunum. Sú vinna lögð til grunvallar þegar VG flutti tillöguna í borgarstjórn haustið 2006.

Tillagan var felld. Húsið var selt og hefur staðið autt síðan, þrátt fyrir háleit markmið. Undanfarnar tvær vikur hefur þó heldur betur lifnað yfir húsinu, enda var því breytt í ævintýrahöll í tilefni barnamenningarhátíðar í Reykjavík. Ævintýrahöllin var stórkostleg í alla staði og hafa í kjölfarið aftur sprottið upp hugmyndir um nýtingu hússins í þágu barna.

Við vinstri græn stöndum enn föst á þeirri skoðun að húsið við Fríkirkjuveg 11 eigi að þjóna almenningi. Húsið er enn til staðar og á sér sögu sem bætir upp þau dapurlegu þrjú ár sem nú eru liðin frá sölunni. Þetta hús er kjörið til að nýta í þágu barna í Reykjavíkurborg og borgarfulltrúar vinstri grænna munu gera allt sem í þeirra valdi stendur til að það nái fram að ganga – hér eftir sem hingað til.




GÓÐ MENNTUN
FYRIR BARNIÐ ÞITT

**Landakotsskóli** er sjálfstætt starfandi grunnskóli fyrir 1. til 10. bekk ásamt deild fimm ára barna. Fámennir bekkir og frábærir kennarar skila barninu þínu betri menntun þar sem lögð er áhersla á góðan anda og vinalega framkomu. Auk þess að starfa eftir aðalnámsskrá hefur Landakotsskóli tekið upp ýmsa nýbreytni í skólastarfinu, m.a. með því að stórauka tungumálakennslu.

**Allt þetta og meira til á ríkan þátt í frábærum námsárangri nemenda**

- Grunnskóli frá 5 ára bekk upp í 10. bekk
- Franska kennd frá 5 ára bekk
- Enska kennd frá 1. bekk og upp í 10. bekk
- Spænska kennd á unglingastigi
- Fleiri tímar í stærðfræði og íslensku
- Mikil áhersla lögð á tónlistar- og danskennslu
- Fáir nemendur í hverjum bekk
- Betri námsárangur

**Innritun stendur yfir**

*„Ég set menntun og velferð barna minna í algjöran forgang í lífi mínu. Ég vil að barnið mitt fái bestu skólagöngu sem völ er á.“*
***Páll Baldvin Baldvinsson foreldri***

*„Eftir að ég færði mig yfir í Landakotsskóla fór mér rosalega fram, sérstakleg í stærðfræðinni, og ég komst í þann menntaskóli sem ég sóttist eftir“*
***Helgi Gunnar Ásmundarson fyrrverandi nemandi***

Hafðu samband við skólastjóra í síma **510 8200** eða sendu tölvupóst á **sigridurhja@landakotsskoli.is**
Kynntu þér allt um Landakotsskóla á vefsíðu skólans **www.landakotsskoli.is**

# Úr viðjum vanans

Uppgjör og endurskoðun

Þórhildur Þorleifsdóttir
Leikstjóri og formaður Jafnréttisráðs.



Fjármálaráðuneytið tilkynnti nýlega um skipan starfshóps um breytingar á skattakerfinu. Hæstvirtur fjármálaráðherra er ábyrgur fyrir skipan hópsins þótt tilnefningaraðilar eigi líka hlut að máli. Í tilkynningunni mátti sjá svart á hvítu að hópurinn var skipaður fimm körlum og einni konu. Margir trúðu vart sínum eigin augum. Þetta er náttúrulega alvarlegt brot á lögum nr. 10/2008 auk þess að vera í hróplegu ósamræmi við nýleg lög um jöfn kynjahlutföll í stjórnum og ráðum. Það má vel vera að þessi gjörð fjármálaráðherra verði ómerkt og hann iðrist, bæti ráð sitt og ákveði að fara að íslenskum lögum og hefur kannski þegar gert það.En þrátt fyrir allt er þetta lögbrot fjármálaráðherrans ekki aðalatriði málsins, né heldur að þessi skipan skuli ganga átölulaust fyrir sig í gegnum alla stjórnsýsluna, allt til ráðherra. Aðalatriðið, og í raun mergurinn málsins, er að þessi gjörð lýsir hugarheimi þeirra sem hlut áttu að máli. Hugarheimi sem bundinn er í viðjum vanans og hefðbundinnar menningar og er í raun allsráðandi. Vís maður sagði: „Góð meining enga gjörir stoð.“ Orðum verða að fylgja athafnir.

**Hugmyndaheimur**

Nú fer í hönd tími uppgjörs og endurskoðunar. Þar fer lítið fyrir umræðu eða skoðun á undirstöðum hugmyndaheimsins sjálfs. Það á að lappa upp á, en ekki að takast á við grundvöll hugmyndanna sem byggt var á og urðu okkur að falli. Til að orða það umbúðalaust. Karlveldið sjálft. Birtist það okkur ekki grímulaust í hruninu? Flest virðist hníga í þá átt að það ætli að standa af sér sviptingarnar og sé tekið til við það á fullu að hreiðra um sig á nýjan leik. Lofar bara bót og betrun og ætlar að bæta siðferðið og haga sér skár. Herða aðeins leikreglurnar, setja strangari lög – og fara eftir þeim! Alt er þetta gott og blessað – en snertir ekki undirstöðurnar, sjálfan hugmyndaheiminn.

Ríkjandi hugmyndir alls staðar í heiminum eru byggðar á karlveldi, sem vissulega tekur á sig ýmsar birtingarmyndir og má þar nefna mismunandi hugmyndir um skiptingu gæða jarðarinnar. En það hefur staðið meira af sér en hrun einnar smáþjóðar. Trúarbrögð, hagfræðikenningar, lýðræðis- og mannréttindahugmyndir hafa ekki haggað því mikið. Aðeins mýkt ásýnd þess. En ruglum ekki saman karlveldi, sem er hugmyndaheimur – menning, og einstaklingum. Þetta snýst ekki um „vonda karla“ og „góðar konur“. Konur aðhyllast líka hugmyndir karlveldisins, enda aldar upp í þeirri menningu, líkt og karlmenn. Nei, þetta snýst um hugmyndir – ekki einstaklinga.

**Að sigra eða tapa**

En gleymum því ekki að hugmyndir karlveldisins grundvallast á fornri og nýrri hernaðarhyggju, landvinningum og yfirráðum yfir auðlindum og mannauði. Obbi karlmanna er alinn upp til að fara út á völlinn og þar gildir sá einfaldi sannleiki að sigra eða tapa, að drepa eða vera drepinn. Þetta gegnsýrir hugmyndir karla sem ráða heiminum – hugarfar hernaðar. Hvað kemur þetta nú okkur á Íslandi við eða skipan eins starfshóps. Er ekki full langt seilst kann einhver að spyrja. Ekki held ég það. Íslendingar eru ekki einir í heiminum og hafa ekki mótað þá hugmyndafræði sem þeir lúta. En þeir eru svo sannarlega afsprengi hennar eins og dæmin sanna. Hér er ekki verið að gera fjármálaráðherra eða stjórnsýsluna að blórabögglum. Hann, stjórnsýslan og kannski þjóðin öll er afsprengi hugmyndafræði sem er svo samofin menningu okkar að við veitum henni ekki athygli og lítum kannski á eins og náttúruafl. Voru fjármálamennirnir ekki alveg í stíl hernaðarhyggjunar. Óðu út á vígvöllinn – auðvitað til að sigra, eins og allir ætla sér á þeim velli, en höfðu ekki erindi sem erfiði og töpuðu. Fáir efuðust um erindi þeirra og hefðu líklega aldrei agnúast út í það, ef þeir hefðu ekki tapað. Sigurvegarar eru hylltir. Það er ekki nema þeir tapi sem óánægjan brýst út.

> Það á að lappa upp á, en ekki að takast á við grundvöll hugmyndanna sem byggt var á og urðu okkur að falli. Til að orða það umbúðalaust. Karlveldið sjálft.

**Smáþjóð í sjálfsskoðun**

En óánægjan virðist ekki ætla að leiða til þess að kafa nógu djúpt, skoða nógu vel og spyrja grundvallarspurninga. Við virðumst ætla að láta nægja að lappa upp á, laga þetta og hitt, þar á meðal stjórnarskrána, en skirrast við að ráðast að grundvellinum sjálfum. Hugmyndaheiminum. Fyrir hrun var um fátt talað meir en peninga og hvað við ættum mikið af þeim og sífellt meira. Eftir hrun er um fátt talað meir en peninga, en nú hvað við eigum lítið af þeim. Þessi umræða er svo krydduð kröfum um bætt siðferði og betri reglur. Allt gott um það. En karlveldið blívur og hugmyndaheimurinn er sá sami.

Heilt samfélag hrundi og er ein rjúkandi rúst – ekki bara efnahagslega heldur menningar- og hugmyndafræðilega. Það gerist sem betur fer ekki oft í lífi hverrar þjóðar. Því þá ekki að nota þetta einstaka tækifæri til að skyggnast raunverulega í líf okkar og menningu. Draga okkur sjálf upp á hárinu og snúa innhverfunni út. Horfast svo í augu við það sem við finnum og sjáum. Smáþjóð veltir ekki elsta og áhrifaríkasta valdakerfi sögunnar, en við getum horfst í augu við það og tekist á við það. Til þess þarf umræðu og miskunnarlausa sjálfskoðun.

# Afbrot og refsingar

Málefni fanga

Helgi Gunnlaugsson
Prófessor í félagsfræði við Háskóla Íslands



Um þessar mundir fagnar Fangahjálpin Vernd 50 ára afmæli. Á starfstíma sínum hefur samfélagið allt tekið stakkaskiptum sem birtist m.a. í málaflokki afbrota. Fagmennska hefur aukist og opinber gögn um afbrot og fangelsismál eru nú aðgengileg. Á sama tíma hafa áhyggjur af afbrotum vaxið og kröfur um hertar refsingar eru háværar. Refsingar hafa þyngst og álagið á fangelsiskerfið hefur aldrei verið meira en einmitt núna. Við þessar aðstæður verður starf fangahjálparinnar brýnna en nokkru sinni fyrr.

**Auga fyrir auga?**

Aðlögun fanga inn í samfélagið að nýju eftir afplánun er ekki auðveld á tímum efnahagsþrenginga og atvinnuleysis auk viðhorfa sem oftar en ekki eru andsnúin föngum og málefnum þeirra. Hvers vegna á samfélagið að rétta brotamönnum sáttahönd þegar fórnarlömbin sitja eftir grátt leikin? Svarið er hvorki einfalt né einhlítt en við þurfum sífellt að spyrja okkur grundvallarspurninga af þessu tagi. Svarið afhjúpar í raun hvers konar samfélagi við búum í. Hver er siðferðisgrundvöllur samfélagsins – hvaða gildi eigum við að hafa í heiðri í samskiptum hvert við annað?

Eigum við að svara brotum í sömu mynt – svara illu með illu? Oft það fyrsta sem upp í hugann kemur þegar við heyrum af ódæðisverkum. Eða eigum við að bæta fyrir brotið og huga að betrun einstaklingsins?

> Á sama tíma verður að skapa svigrúm fyrir fanga til að að vinna sig aftur inn í samfélagið.

Hvort sjónarmiðið vegur þyngra í reynd má deila um en bæði eru óneitanlega til staðar. Fangelsisvist felur í sér valdbeitingu en um leið skýr skilaboð samfélagsins til brotamannsins um að horfast í augu við athæfi sitt og axla ábyrgð á verkum sínum. Á sama tíma verður að skapa svigrúm fyrir fanga til að að vinna sig aftur inn í samfélagið.

Ef vonin er tekin burt frá brotamanninum erum við um leið að plægja jarðveginn fyrir áframhaldandi pínu og hrösun, sem kemur ekki bara niður á brotamanninum sjálfum, heldur samfélaginu öllu. Hvort sem refsingin innan veggja fangelsis er eitt, tíu eða jafnvel tuttugu ár snýr brotamaðurinn aftur út í samfélagið, hvort sem okkur líkar betur eða verr. Miklu skiptir að hann sé tilbúinn og fær tækifæri til að taka þátt í samfélaginu og að samfélagið sé reiðubúið að taka við honum aftur. Hér hefur fangahjálpin Vernd leikið mikilvægt hlutverk við að auðvelda föngum aðlögunina í samfélagið að nýju.

**Þolendur afbrota eru margir**

Fórnarlömb afbrota eru mörg og þau finnast ekki aðeins meðal þolenda afbrota og aðstandenda þeirra sem oft eiga um sárt að binda. Fangar eru aldrei einir og þeir eiga einhverja að, foreldra, börn eða aðra nákomna sem ekkert hafa gert af sér og standa oft berskjaldaðir gagnvart brotum ástvinar. Gerandinn verður svo stundum fórnarlamb eigin verknaðar, hann getur ekki hlaupið frá afleiðingum verka sinna, jafnvel þó hann afpláni fjölda ára í fangelsi. Margir þjást vegna brotanna, sem læsa sig ekki aðeins um þolendur brota og aðstandendur þeirra, heldur ekki síður gerendur og aðstandendur þeirra.

Hugsjónin bak við Vernd hefur einmitt falist í þessu; að þó afbrotið geti verið skelfilegt þarf brotamaðurinn ekki endilega að vera ófreskja. Gera verður greinarmun á manneskjunni og afbrotinu sem oft er alls ekki auðvelt. Að fordæma brotið án þess að fordæma einstaklinginn.

**Félagsleg staða fanga**

Langflestir fangar eru karlar í yngri kantinum og það er í sjálfu sér áhugavert rannsóknarefni. Hver eru einkennin að öðru leyti? Í rannsóknum sem ég hef staðið að ásamt öðrum í fangelsum landsins á undanförnum árum hefur skýrt komið fram að félagslegu baklandi fanga er í mörgum tilfellum verulega ábótavant og þar liggja iðulega rætur afbrotavandans.

Fjölskyldutengsl rofin, búsetuskipti tíð og óregla á heimilinu. Skólaganga í molum, margir þjást af náms- og hegðunarerfiðleikum, og stór hluti ekki lokið grunnskólanámi – jafnvel í ríkari mæli en á Norðurlöndunum. Á sama tíma hefur komið fram mikill áhugi fanga á að mennta sig og fjöldi þeirra stundar nám í fangelsi til að bæta sig. Mörgum hefur tekist vel upp í bæði námi og starfi eftir afplánun og byrjað nýtt líf án afbrota. Ýmislegt er því hægt að gera til að draga úr afbrotum.

Blaðberinn bíður þín
Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.

Blaðberinn... ...góðar fréttir fyrir umhverfið

TRIXI
barnabakpoki
Verð: 8.500 kr.
VAUDE

Vandaður og léttur bakpoki fyrir börnin.
66° NORÐUR

TACORA
bakpoki
Verð: 17.200 kr.
VAUDE
Einnig fáanlegur í hvítu.

Vatnsheld yfirbreiðsla fylgir.
66° NORÐUR

TONGA
rúllutaska
Verð: 28.800 kr.
VAUDE
Einnig fáanleg í 85 L.

Uppdraganlegt handfang og á hjólum. 60 L.
66° NORÐUR

# Opið bréf til félagsmanna BÍ

Fjölmiðlar



Þóra Kristín Ásgeirsdóttir
Formaður Blaðamannafélags Íslands

Ár er síðan ég var kosin formaður Blaðamannafélags Íslands. Hópurinn er breyttur, margir hafa fengið reisupassann á fjölmiðlum eða horfið til annarra starfa. Það eru miklir átakatímar í blaðamennsku eins og öðru. Í fyrra fékk ég óskorað umboð ykkar til að stýra Blaðamannafélaginu, sem ég hef gert eftir bestu getu.

Þetta hefur verið viðburðaríkt ár, erfitt og mikil áskorun. Ég hef haldið uppi vörnum fyrir blaðamennsku, sem formaður stéttarfélags og fagfélags. Það hefur ekki verið auðvelt. Oft hefði verið betra fyrir sjálfa mig að taka ekki slaginn.

En ég hef gert það, þar sem mér hefur fundist vegið að sjálfstæði okkar, trúverðugleika og vinnuaðstæðum og kjörum.

### Endurmat blaðamanna

Við höfum þurft að takast á við efnahagshrun og sjálfsmynd okkar hefur beðið hnekki. Við blaðamenn höfum þurft endurmeta margt sem brást í samfélaginu og spyrja, átti ég eða minn fjölmiðill einhvern hlut að máli? Á sama tíma blasti við að helstu gerendur í efnahagshruninu áttu og stýrðu fjölmiðlum. Þetta hef ég gagnrýnt og nú er svo komið að þetta er það sem ég er mest gagnrýnd fyrir af ykkur sem kusuð mig til að vera formaður í þessu félagi. Orð mín um að eignarhald þessara fjölmiðla skaði trúverðugleika eru sögð hafa vakið reiði meðal blaðamanna á 365.

Ég var rekin af Morgunblaðinu ásamt fjölda annarra blaðamanna, eftir að Davíð Oddsson tók við ritstjórn. Ég hef gagnrýnt ritstjóraskiptin harðlega, ekki síst með tilliti til uppgjörsins eftir bankahrunið. Margir blaðamenn á Morgunblaðinu eru ekki sammála mér um það. Gott og vel, en ég tel að formaður Blaðamannafélags sem ekki hefði tjáð sig í slíku máli væri ekki formennskunnar verður.

### Dæmd og léttvæg fundin

Ég tók að mér að ritstýra vefritinu Smugunni frá í mars. Þetta gefur framkvæmdastjóri félagsins upp sem ástæðu til að fara fram gegn mér þar sem flokkspólitík og blaðamennska fari ekki saman. Það fer vel á því að eini maðurinn í félaginu sem þarf ekki bera kinnroða fyrir eignarhaldið er í vinnu hjá félaginu sjálfu. Ég er semsagt dæmd og léttvæg fundin vegna eignarhalds á litlum vefmiðli, sem er umræðuvettvangur fyrir vinstri menn, á sama tíma og ég er gagnrýnd fyrir að hafa efasemdir um að helstu gerendur efnahagshrunsins séu þeir réttu til að eiga fjölmiðlana sem gera upp þennan kafla Íslandssögunnar.

Ég stend hér ekki í neinni málsvörn. Ég ætla ekki að segja ykkur ósatt. Ég myndi gera þetta aftur. Ef þið viljið formann sem telur það ekki hlutverk formannsins að gagnrýna slíka hluti þá hefðuð þið aldrei átt að kjósa mig. Svo einfalt er það. Blaðamenn eru ekki leikskólabörn. Ég hef unnið með mörgu afbragðs fólki í blaðamennsku með mismunandi skoðanir á þjóðmálum. Og góðir blaðamenn hafa oftast sterka réttlætiskennd og áhuga á stjórnmálum. Það leiðir af starfinu og ræður líka stundum starfsvalinu. Það er hræsni að ganga um og halda að blaðamenn séu faglegri eða heiðarlegri ef þeir hafa ekki skoðanir. Og ég tek ekki þátt í því.

### Naut ekki stuðnings framkvæmdastjóra

Mér varð snemma ljóst að ég nyti ekki stuðnings Hjálmars Jónssonar framkvæmdastjóra. Mér fannst það erfitt því formaður er í öðru starfi líka og þarf að reiða sig á framkvæmdastjórann um allt sem fram fer í félaginu og upplýsingar um framkvæmd allra hluta. Hjálmar var liðlegur í mörgum málum og oft hinn elskulegasti. En um leið og ég vildi hafa eitthvað að segja um stefnu félagsins fann ég fyrir andstöðu. Ég vildi upplýsingar til að leggja fyrir stjórn um fjármál og framkvæmd ýmissa hluta og þetta skapaði togstreitu. Hún varð að lokum til þess að það varð hérumbil ófundarfært í stjórninni, þar sem framkvæmdastjórinn óð uppi með alls kyns áskanir og hafði félagslög að engu.

> Stjórnin beið upplýsinga frá framkvæmdastjóra en í millitíðinni lýsti hann yfir framboði til formennsku og taldi ekki tilefni til að víkja af skrifstofunni meðan hann ræki framboð sitt.

Ég lýsti því þá yfir í bókun að ég gæti ekki undir þessum kringumstæðum tekið ábyrgð á eftirliti með fjárreiðum félagsins eins og stjórn er skylt að gera. Trúnaðarbrestur væri milli mín og framkvæmdastjórans. Stjórnin var hins vegar klofin og vildi leita sátta. Meirihlutinn kallaði eftir upplýsingum sem enn hafa ekki borist þrátt fyrir fullyrðingar um annað. Framkvæmdastjórinn las fá og rýr svör um nokkur atriði varðandi kaup og kjör á skrifstofu félagsins upp á fundi en var gerð grein fyrir því að upplýsingarnar væru ekki fullnægjandi. Sigurður Már Jónsson, fyrrverandi ritstjóri Viðskiptablaðsins, hefur stutt framkvæmdastjórann dyggilega og sat hjá þegar stjórnin kallaði eftir þessum upplýsingum. Fram kom vilji hjá stjórnarmönnum til að gæta þagmælsku út á við, félagsins vegna, og gerði ég það.

Stjórnin beið upplýsinga frá framkvæmdastjóra en í millitíðinni lýsti hann yfir framboði til formennsku og taldi ekki tilefni til að víkja af skrifstofunni meðan hann ræki framboð sitt. Í viðtölum sagði hann pólitík og blaðamennsku ekki eiga saman. Svo er nú það. Hann sá sér leik á borði og hugðist fljóta inn á pólitískri óánægju í þægilegt sæti sem einvaldur á Blaðamannafélaginu.

Ég er ekki flokksbundin og hef ekki sóst eftir vegtyllum stjórnmálaflokka. En hér varð hrun, afþví að enginn taldi það hlutverk sitt að gagnrýna og eftirliti var ekki sinnt. Fjölmiðlar sögðu glaðlega frá ársreikningum bankanna korteri fyrir hrun, kynntum af sérfræðingum bankanna með glærusýningum. Mér finnst ekki fara vel á því árið 2010, ef það að biðja um upplýsingar og skrifa ekki upp á óséða hluti, sé að vega að æru manna eins og látið er að liggja í stuðningi við Hjálmar Jónsson.

### Dreg framboð til baka

Ég hefði viljað halda áfram að vera formaður Blaðamannafélagsins og hrinda í framkvæmd ásamt stjórn, breytingum á rekstri félagsins. Fyrst og fremst hafði ég þó áhuga fyrir faglegu hlutverki þess um tjáningar- og prentfrelsi. Ég hefði viljað vera dæmd af verkum mínum en ekki skoðunum. Sú ósk gekk ekki eftir.

Sé Hjálmari Jónssyni alvara með því að framboð hans og herferð gegn mér sé drifin áfram af pólitísku hreinlyndi þá býð ég fram sáttahönd. Ég dreg framboð mitt til baka og óska þess jafnframt að hann sýni það drenglyndi að víkja sem framkvæmdastjóri félagsins ætli hann að vera í stjórn. Ef ekki væri heiðarlegast að auglýstur yrði nýr aðalfundur þar sem fleiri geta gefið kost á sér, nú þegar ljóst er að ég verð ekki í kjöri. Hjálmar Jónsson gæti þá haldið formannsframboði sínu til streitu og lagt það í dóm félagsmanna.



coop

# MEXÍKÓ DAGAR

**MEXICO TACO SAUCE**
HOT, 230 g




149 KR

**MEXICO TACO SAUCE**
MEDIUM, 230 g




149 KR

**MEXICO TACO SAUCE**
MILD, 230 g




149 KR

**KJÚKLINGABRINGUR**
900 g




1.298 KR

**MEXICO JALAPENO**
220 g




269 KR

**KJÚKLINGALUNDIR**
700 g




998 KR

**MEXICO TACO SHELLS**
135 g




254 KR

**MEXICO TORTILLA WRAP**
20 cm
8 stk




199 KR

**MEXICO TORTILLA WRAP**
25 cm
6 stk




199 KR

**MEXICO TORTILLA WRAP**
HEIL-
HVEITI
25 cm
6 stk




199 KR

markhonnun.is

Skráðu þig á póstlistann á **www.netto.is!**
Mjódd - Salavegi - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbæ

Tilboðin gilda 29. - 2. maí eða meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur

# DANSKAR GÆÐAVÖRUR Á GÓÐU VERÐI Í NETTÓ

## ANANAS
FERSKUR



2 FYRIR 1

## MEXICO CHUNKY SALSA
HOT, 300 g



179 KR

## MEXICO CHUNKY SALSA
MEDIUM, 300 g



179 KR

## MEXICO MIX TACO SPICE
40 g




99 KR

## MEXICO TORTILLA CHIPS
CHILI, 150 g




149 KR

## UNGNAUTAHAKK
NETTÓ

28% AFSLÁTTUR



899 KR/KG
ÁÐUR 1.249 KR/KG

nettó
*Ódýrt fyrir heimilið!*

# Ísland er samt best

Íslenskt samfélag

Róbert Marshall
Alþingismaður



Það er eins og maður sé kominn á tónleika hjá lögreglukórnum, sagði ég við Kjartan sýslumann þar sem hann stillti sér upp í röð á sviðinu með Haraldi Johannessen og Víði Reynissyni í almannavarnadeildinni ásamt fleiri sérfræðingum á íbúafundi á Hellu í síðustu viku.

Ég sat á fremsta bekk með Rögnu dómsmálaráðherra, Kristjáni samgöngu, Jóni landbúnaðar og Álfheiði heilbrigðis. Þarna voru líka á fremstu bekkjum landlæknir og Trausti Jónsson veðurfræðingur. Katrín sem fræddi um áhrif öskunnar á dýrin, Sigrún sem sagði frá rannsóknum á vatninu, Hildur frá Bjargráðasjóði og Ásgeir frá Viðlagatryggingu. Prestur og læknir og sérfræðingur í áfallahjálp. Og svo kannski svona hundrað manns frá Hellu og nágrenni.

Svona er Ísland best.

Smæðin og nálægðin gerir það að verkum að hægt er að snara saman helstu ráðamönnum og forsvarsmönnum stofnana og sérfræðingum landsins til að takast á við aðsteðjandi vanda í sveitunum austan Þjórsár. Veita upplýsingar og stappa stálinu í heimamenn. Víðir Reynisson stýrði fundinum og fórst það vel úr hendi; þetta var afslappað en fagmannlegt, skipulagt en heimilislegt. Við erum ein fjölskylda og öll í þessu saman. Víðir man gosið í Eyjum og það stafar af honum reynslu og færni.

Fundurinn stóð í einn og hálfan tíma og svo var haldinn annar á Hvolsvelli engu síðri og alveg eins.

Það er samhugur og eindrægni sem einkennir okkur Íslendinga þegar á bjátar. Það eru þau verðmæti sem við búum að og eigum að sækja í núna þegar að okkur öllum steðjar stærri ógn en eldgos, jarðskjálftar og veðurofsi.

Þau gerningaveður sem nú ganga yfir landið í kjölfar bankahruns bera í sér hættu sem á sér vart jöfnuð í sögunni. Efnahagslegt sjálfstæði landsins gæti farið forgörðum til langframa. Við höfum sumpart misst það í hendur Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og erum undir náð og miskunn vinaþjóða með lánveitingar.

En það er tímabundið ástand. Nú ríður á að við stillum saman strengi okkar besta og færasta fólks, leggjum til hliðar pólitískar smákrytur og förum að haga okkur eins og fólk. Skýrslan liggur fyrir. Niðurstöðuna má setja svona í facebook-status: „Orsakir bankahrunsins er að finna í hinum neikvæðustu þáttum mannlegs eðlis.“

Margir finna til djúprar skammar. Það er í lagi en öllu má ofgera. Græðgi, óhóf, sérgæska og heimska eru enda ekki séríslensk fyrirbrigði nokkru fremur en að uppsprettu útrásarinnar hafi mátt finna í samanlögðum viskubrunni fornrar víkingaþjóðar í þúsund ár, jafnvitleysislegt og það hljómar í dag.

Við höfum ekki ráð á frekari barlómi og við höfum ekki ráð á því að reka pólitík eins og þeir kynntu hér til sögunnar, hinir ágætu herramenn Davíð Oddsson og Ólafur Ragnar Grímsson. Pólitík hörku, reiði og persónulegrar óvildar. Við erum 320 þúsund og búum á eyju.

Ríkisstjórnin og formenn stjórnarandstöðunnar ættu að fara með íbúafundi um allt land. Kannski með borgarafund í Háskólabíó. Kynna hugmyndir sínar og svara spurningum. Spurningin sem við þurfum að svara er þessi: markar skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis ekki grunninn í þeirri pólitík sem við þurfum að vinna hér á næstu árum?

Það tel ég og myndi helst vilja byrja að vinna. Mér þóttu umræðurnar sem fram fóru í þinginu dagana tvo eftir rannsóknarskýrslu tilgangslitlar. Ég var ekki búinn að lesa skýrsluna og á enn langt í land. Kannski les ég hægar en allir á Íslandi. En það sem ég hef lesið segir mér að hér sé um grundvallarrit að ræða.

Ég myndi vilja að minn stjórnmálaflokkur mótaði sér sérstaklega stefnu á grundvelli hennar og að aðrir gerðu slíkt hið sama. Þetta mun taka tíma, 1-2 ár, og á sama tíma þarf að skapa atvinnu og sinna bráðavanda heimila sem ráða ekki við afborganir. Í næstu kosningum, 2013, geta Íslendingar kosið sér þá forystu sem þeir telja að best hafi dregið lærdóm af hruninu og best hafi brugðist við í kjölfar þess.

En umfram allt þurfum við nú að temja okkur þann lærdóm sem draga má af viðbrögðum þeirra sem komið hafa að náttúruhamförunum fyrir austan. Venjum okkur á vinsemd og kurteisi. Stuðlum að samhug og eindrægni. Munum að við erum ein fjölskylda og öll í þessu saman.

Þannig er Ísland best.




# Af líffræðilegum fjölbreytileika

Lúpína

Einar Gunnarssonr
Skógfræðingur



Hæstvirtur umhverfisráðherra kvaddi sér hljóðs í Fréttablaðinu nýverið. Umfjöllunarefnið er barátta fyrir vexti og viðgangi dýra og plöntutegunda og þeirri meintu ógn sem „líffræðilegum fjölbreytileika“ stafar af „framandi ágengum tegundum“. Er svo að skilja að á Íslandi ríki jafnvægi lífbreytileika og heilbrigðra vistkerfa. Draumaland sem beri að varðveita eins og steingerving, enda drjúpi smjör af sérhverju íslensku strái.

Nú er það svo að Ísland geymir eitt mest raskaða gróðurvistkerfi í heimi af mannavöldum og flóra og fána einkennast öðru fremur af fábreytni. Sérstæðurnar á heimsvísu eru því fáar hvað varðar gróður og dýralíf, nema ef vera skyldi skortur á breytileika lífs. Sæmilega heilleg gróðurvistkerfi þekja innan við 5 prósent af flatarmáli landsins og því er til þess að gera afmarkað verkefni að vernda þau. Þessi svæði flokkast eftir sem áður sem hálfnáttúruleg, því vart er lófastór blettur á þessu landi sem ekki hefur orðið fyrir umtalsverðri röskun af mannavöldum, þótt ekki standi þar mannvirki eða sýnilegar mannvistarleifar enda margar löngu borist á haf út.

Í grein ráðherra eru fullyrðingar sem ástæða er til að staldra við og óska frekari rökstuðnings og heimilda fyrir, enda ber stjórnvaldi að gæta orða sinna og athafna í hvívetna.

1. Því er haldið fram sem alkunnum sannleika að „Lúpína og skógarkerfill [séu] ágengar tegundir og erfitt getur reynst að hemja gróður þrífst í skjóli lúpínunnar og gróðurframvinda er til þess að gera hröð þar sem lúpína er. Samanborið við útbreiddasta manngerða gróðurvistkerfið, graslendi, batnar málstaður lúpínu en frekar. Lítið er til af rannsóknum á áhrifum lúpínu á lífríkið en nokkrar um afmarkaða þætti. Um hegðan skógarkerfils í gjaldþrota íslensku gróðurvistkerfi er enn minna vitað en dæmi eru um að hann hafi náð nokkurri útbreiðslu í gömlum túnum, saurmenguðum skurðum og lúpínubreiðum og leggst þá hvít hula yfir bláa litinn sem ætti að falla núverandi umhverfisráðherra vel í geð.

2. Í næstu setningu virðist sem umhverfisráðherrann geirnegli kenningu um hina gríðarlegu ógn sem að öllu lífi steðjar af þessum skaðvöldum. „Í Hrísey hafa lúpína og skógarkerfill til að mynda orðið ríkjandi á þeim hluta eyjunnar sem er á náttúruminjaskrá vegna fjölskrúðugs gróðurs og fuglalífs. Þannig geta þessar plöntutegundir ógnað líffræðilegri fjölbreytni hér á landi.“ Hvar eru rannsóknirnar sem styðja þessar fullyrðingar?

Nú er það svo að þegar lúpínu var sáð í Hrísey var gróðurlendið mikið raskað og rofið. Því hefur nýlega verið haldið fram að lúpína þeki um 15 prósent svæðisins sem er á náttúruminjaskrá og áður var örfoka og að það sé mikil ógn við rjúpnastofninn. Þetta er þó aðeins staðlaus staðhæfing, enda dvelja rjúpur gjarnan í lúpínubreiðum með unga sína ófleyga. Þar er og urmull skordýra og skjól fyrir fálka og mávum. Hagamýs kunna vel að meta aukna framlegð lúpínunnar, nokkuð sem uglur hagnýta sér.

3. „Ágengar framandi lífverur ógna ekki aðeins jafnvægi í náttúrunni heldur geta þær líka valdið fjárhagslegu tjóni.“ Hvaðan er kenningin um að það ríki jafnvægi

Því hefur nýlega verið haldið fram að lúpína þeki um 15 prósent svæðisins sem er á náttúruminjaskrá og áður var örfoka og að það sé mikil ógn við rjúpnastofninn.

útbreiðslu þeirra“. Nú er ekki gott að ræða þessar tvær ólíku tegundir í sömu andránni (hvað þá mink) þótt helstu talsmenn gegn framandi tegundum hafi tamið sér orðræðu öfga og haturs líkt og þeir sem tala um pestir, faraldra, glæpi og útlendinga með vaðal ógnar og heimóttaskapar. Fylgir gjarnan sögunni, á innsoginu, að fæðingatíðnin sé ógnvænleg.

Um lúpínuna er talsvert vitað og um hálfar aldar reynsla er af ræktun hennar, aðallega á verstu rofsvæðum landsins. Talsverð útbreiðsla hennar er þó að mestu til komin vegna stórvirkra vélsáninga á vegum Landgræðslu ríkisins á skilgreindum landgræðslusvæðum en er ekki tilkomin vegna skjótrar útbreiðslu tegundarinnar sem slíkrar. Vart þarf þó að deila um að lúpínan bindur jarðveg og kolefni og á henni þrífst niturbindandi örvera. En íslenskur gróður líður fyrir nær algjöra þurrð á köfnunarefni eftir 11 alda rányrkju og skort á niturbindandi plöntum og skógarvistkerfum. Margs konar í náttúrunni komin? Ráðherrann nefnir dæmi um svimandi háan kostnað ríkja Evrópusambandsins og kostnaðarfrekar lúpínuherferðir í Skaftafelli, málar ástandið með sterkum lit. Sér aðeins kostnað og ógn en lítur fram hjá virði vistþjónustu. Hvað þá að spurt sé þeirrar spurningar, hvað kalli á þessi útgjöld. Boðberar bókstafstrúar einblína á undirgrein h. 8. greinar alþjóðasáttmála um lífbreytileika og túlka líkt og ofsatrúarsöfnuðir hina heilögu bók. Orðræða sem er sláandi lík upprunafordómum.

Íslendingar hafa í gegnum aldirnar valdið algjöru vistfræðilegu gjaldþroti á landi og standa nú frammi fyrir skammarlegu skipbroti „hins íslenska efnahagsundurs“ sem líkt og hið fyrra var varðað góðum ásetningi, heimóttarskap, hefðarspeki, þjóðrembu, þagnar- og þjóðarlygi. Útrýmingarárátta sem refurinn hefur gefið langt nef á þar hlut að máli.

**Lengri útgáfu greinarinnar er að finna á www.visir.is**

vísir.is
„...ég sá það á vísi“



**EBAY** hefur opnað nýjan vef, ebay.co.uk/fashion. Um er að ræða afsláttarvef þar sem hægt verður að fá fatnað frá merkjum á borð við Kookai, Karen Millen, Ted Baker og fleirum á góðum afslætti allan sólarhringinn.

# ;ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ **Sölufulltrúar** **Henný Árnadóttir** henny@365.is 512 5427 **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447


Skór & töskur í miklu úrvali

www.gabor.is

Sérverslun með

Gabor xena

FÁKAFENI 9 - - Sími: 553 7060

Opið mánud-föstud. 11-18 & laugard. 11-16



Eirberg

Bjargar mannslífum

PRIMEDIC hjartastuðtækið

- Ávallt tilbúið til notkunar
- Einfalt og öruggt
- Einn aðgerðarhnappur
- Lithium rafhlaða
- Íslenskt tal

PRIMEDIC Saves Life. Everywhere.



Sími 569 3100 · Stórhöfða 25 · www.eirberg.is




Ása Björk Antoníusdóttir með „rottuna“ góðu sem móðir hennar skartaði einnig í lifanda lífi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI





Kringlunni • sími 5688777


# Rottan heldur á mér hita

**Ása Björk Antoníusdóttir erfði tískuáhugann beint frá móður sinni, Hrafnhildi Sigurðardóttur sem stofnaði verslunina Hjá Hrafnhildi 1992 en féll frá áratug síðar. Allar götur síðan hefur Ása daðrað við tískuna.**

„Uppáhaldsflíkin mín er loðkragi sem ég kalla „rottuna“ í daglegu tali. Hún passar eiginlega við allt, fullkomnar dressið hverju sinni og heldur á manni hita. Loðkraginn hefur að auki tilfinningalegt gildi fyrir mig því móðir mín heitin átti hann og var upphaflega úr verslun hennar Hjá Hrafnhildi,“ segir Ása Björk Antoníusdóttir, framkvæmdastjóri nýju Tuzzi tískuverslunarinnar í Kringlunni.

„Ætli ég erfi ekki tískuáhugann frá mömmu, en hún var byrjuð að versla með föt heima þegar ég var smástelpa. Ég er því alin upp við falleg föt og skart allt í kringum mig, þar sem verið var að máta og skoða dagana langa,“ segir Ása Björk sem ung byrjaði í alls kyns bisnesshugleiðingum og hefur lokið prófgráðum í viðskiptafræði og síðar fjármálum frá Danmörku.

„Tískubúðarekstur á vel við mig þótt ég hafi einhvern tímann ætlað aðra leið. Hjá Hrafnhildi er enn rekið sem fjölskyldufyrirtæki og meira að segja afi er í bókhaldinu og amma í búðinni flesta daga, bæði um áttrætt,“ segir Ása Björk sem starfs síns vegna fylgist vel með tískustraumum.

„Að einhverju leyti tekur fataskápurinn mið af tískunni á hverjum tíma, þótt mér finnist mikilvægast að konur velji sér fatnað sem klæðir þeirra líkamsvöxt, dregur fram það besta og endurspeglar persónuleika þeirra. Ég klæðist gjarnan víðum og síðum efripörtum á móti þröngum buxum eða leggings. Það hentar mínum líkamsvexti og er ekki síður þægilegur klæðnaður, en eins finnst mér flott að blanda saman andstæðum,“ segir Ása Björk sem á myndinni klæðist þröngum, stuttum gallabuxum, undirkjól og gagnsærri, kvenlegri blússu yfir.

„Ég fullkomna svo útlitið með hælaskóm, leðurjakka og loðkraganum góða. Allar konur ættu að eiga flottan leðurjakka því leður er klassískt, endist vel og er nú að koma sterkt inn, hvort sem er í jökkum, kjólum eða buxum,“ segir Ása Björk sem með Tuzzi færir ferskan blæ í tískuflóru Kringlunnar. „Í Kringlunni er mikið um bresk merki, en ég kem inn með tískufatnað frá Ítalíu, Þýskalandi og Danmörku, í öllum stærðum og verðflokkum.“

*thordis@frettabladid.is*


Gleðilegt sumar!

SAGA, ÞÓR OG VALHÖLL

Heilsudýnur á frábæru verði.

Queen rúm með botni frá kr. 99.900

STILLANLEG RÚM



IQ-CARE

HEILSUDÝNUR OG HEILSUKODDAR

Queen rúm með botni kr. 179.900

Svefn & heilsa ★★★★★

www.svefn.is

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150 - Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00 – laugardaga 12.00 - 16.00



**BETH DITTO** hefur ákveðið að halda samstarfi sínu við tískuvöruverslunina Evans áfram. Hún mun hanna aðra línu fyrir verslunina og mun örugglega vera einstök eins og söngkonan sjálf.


GÆÐATÖSKUR Á GÓÐU VERÐI



Ný sending!

af svörtum og rauðum ferðatöskum.

Töskur og hanskabúðin

Komið í miðbæinn og skoðið úrvalið hjá okkur

Skólavörðustíg 7, 101 Reykjavík. Sími 551-5814, th.is






belladonna

Skeifunni 11 • 108 Reykjavík • Sími: 517-6460 • Fax: 517-6465
www.belladonna.is



;ALLT HELGIN

**Jóna María Hafsteinsdóttir**
jmh@365.is - sími 512 5473

**Henný Árnadóttir**
henny@365.is - sími 512 5427

**Þórdís Hermannsdóttir**
thordish@365.is - sími 512 5447


# Ýktar kvenlegar línur

**Ýr Þrastardóttir útskrifast nú í vor úr námi í fatahönnun frá hönnunar- og arkitektúrdeild Listaháskóla Íslands. Útskriftarverkefni hennar er fatalínan Sinatrical Patchwork og hefur vakið mikla athygli.**

„Ég hef unnið mikið með rúskinn og leður, meðal annars í annars árs útskriftarsýningu minni. Núna tók ég þetta skrefi lengra og vann með alls kyns fleiri efni, svo sem silkiblöndur og ullarefni, og fatalínan varð í raun mikill bútasaumur,“ segir Ýr en hún lét einnig prenta mynstur á efni úti í Bretlandi og notaði í fötin.

„Hugmyndin var að láta ólík efni og liti mynda mynstrin. Mynstrin sem eru á fötunum vann ég upp úr ljósmyndum bandaríska ljósmyndarans og listamannsins Mans Ray en þær skannaði ég inn og breytti, vann þær í photoshop og lét svo prenta afraksturinn á efni.“

Ýr hannaði buxur, jakka og skyrtur þar sem jakkarnir eru flestir aðþröngir í mittið og með ýktar axlir til að leggja áherslu á kvenformið. Buxurnar eru háar yfir naflann og þröngar í mittið og eru fötin að sögn hönnuðarins undir áhrifum frá 8. áratugnum. „Ég vann fötin úr óteljandi mismunandi bútum, í einum jakkanum voru 68 bútar þannig að allur saumaskapur var mjög tímafrekur. Hugmyndin er að fólk geti ráðið því hvaða efni og bútar eru valin í flíkurnar hvað efni og lit varðar. Þannig að hugmyndin er að leyfa kúnnunum að ráða því sjálfir að nokkru leyti hvernig flíkin lítur út.“ Verkefni Ýrar er til sýnis í Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsinu.

*juliam@frettabladid.is*



Verk Ýrar Þrastardóttur eru til sýnis í Hafnarborg.



Lína Ýrar kallast Sinatrical Patchwork.



Hægt er að snúa jökkunum við en annað prentmynstur er inni í þeim.

Gegnsæ silkiskyrta með mynstri unnu úr mynd eftir Man Ray.



Bútasaumsjakki úr leðri, rúskinni og silkiblöndu. Buxurnar eru úr ullarefni og svo er prentað mynstur inni í vösunum.





TUZZI

NÝ VERSLUN Í KRINGLUNNI

SÍMI 5688777

## ÚR HÁBORG TÍSKUNNAR

Bergþór Bjarnason skrifar frá París



# Herrar í blómaskyrtum, með gasgrímur og logsuðugleraugu

Í miðju eldgosi er erfitt að hugsa til sumars og óttalega ómerkilegt að ætla sér að tala um tíðaranda og tísku. Fyrir það fyrsta hefur jörðin enn og aftur sýnt okkur að ekki er alltaf hægt að horfa langt fram í tímann og skipuleggja hvert einasta andartak. Dálítið grátbroslegt að sjá almenning vælandi í fréttatímum fjölmiðlanna hér í borg vegna þess að páskafríið sem hófst á föstudag er farið í vaskinn. Á meðan deyr fólk eins og fyrr í Afríku og annars staðar úr sulti, alnæmi eða einhverju öðru og enginn tekur eftir því. Og hver veit, sumartískan á Íslandi og jafnvel víðar verður kannski einna helst mótuð af gasgrímum og hlífðargleraugum en við skulum vona það besta.

Segja má um herratískuna fyrir sumarið 2010 eins og kventískuna síðasta vetur að tískan er afskaplega varfærin, mikið um endurtekið efni frá fyrri árum og hefðbundinn stíll það sem er mest áberandi. Efnin eru bómull og hör. Þetta skýrist auðvitað af erfiðu efnahagsástandi. Fáir hönnuðir vilja taka áhættu um þessar mundir og því er það frekar efnahagsleg afkoma en sköpunargleði sem ræður ríkjum. Áður mátti oft á tíðum sjá skemmtilega hönnun á tískusýningum, hönnun sem ekki endilega rataði á sölustaði tískuhúsanna. Sá tími er liðinn og hægt að telja á fingrum annarrar handar þá hönnuði sem leyfa sér þann munað að vera skapandi. Þar má nefna Riccardo Tisci hjá Givenchy, Gareth Pugh eða Alexander heitinn McQueen en næstsíðasta tískulínan sem hann hannaði fyrir dauða sinn er nú í búðum.

Litirnir eru daufir, fölgrátt og drapplitað eða rjómahvítt. Það er ekki hægt að segja annað en að það sé eftirsjá að sterkum litum síðasta sumars. Góðu fréttirnar eru þær að flestir eiga eitthvað í skápnum frá síðustu sumrum í ljósum litum þar sem þeir eru alltaf hluti af sumartískunni. Helst að sjá megi köflóttar skyrtur (Hermès jafnt sem H&M). Einnig má nefna smáblómamynstrið Liberty sem Cacharel notaði mikið. Þetta mynstur hefur verið notað í kventísku síðustu misseri en heldur nú innreið sína í herratískuna, hvort sem er í skyrtum, treflum, skóm eða skyrtuhnöppum (Paul Smith, Agnès B og Nike í íþróttaskóm).

Á kreppuárunum í kringum 1930 var talað um glamúr og glæsileika Hollywood-myndanna sem ópíum fólksins á erfiðum tímum. Kvikmyndirnar áttu að láta fólk dreyma og gleyma raunveruleikanum. Stundum hefur tískan einnig verið eins konar draumaheimur ansi langt frá raunveruleikanum fyrir flesta en um leið uppsprettulind dagdrauma. Í dag er hins vegar krafan um hagnað og árangur svo mikilvæg að fantasían er dauð í tískunni.

*bergb75@free.fr*

Eirberg



Ný sending
af sundfatnaði
komin

www.eirberg.is • 569 3100
Stórhöfða 25

vísir.is
„...ég sá það á vísi"

GOS, GOS OG LÆS ?
Eru erlendir ferðamenn orðnir afhuga Íslandi? Hvernig breytum við vörn í sókn?

OPINN SAMRÁÐSFUNDUR
MIÐBORGARINNAR OKKAR




Fimmtudagskvöldið 29. apríl kl. 20 á Kornhlöðuloftinu, Bankastræti 2

*Fulltrúar ferðaþjónustunnar ræða samræmd viðbrögð og aðgerðaráætlanir ásamt því að hlusta eftir áherslum verslunar- og þjónustuaðila miðborgarinnar.*

Fundarstjóri verður **EGILL HELGASON.** Gestir fundarins verða m.a.:
**SVANHILDUR KONRÁÐSDÓTTIR**, formaður Ferðamálaráðs og sviðsstjóri Menningar- og ferðamálasviðs Reykjavíkur.
**ÓLÖF ÝRR ATLADÓTTIR,** ferðamálastjóri.
**EINAR KARL HARALDSSON** frá Iðnaðarráðuneytinu og Framkvæmdanefnd markaðsátaks ferðaþjónustunnar.
**ÁRNI GUNNARSSON,** formaður Samtaka ferðaþjónustunnar SAF og forstjóri Flugfélags Íslands.

Aðgangur ókeypis og öllum heimill meðan húsrúm leyfir.

***Stjórn Miðborgarinnar okkar***




CHANCE
CHANEL




www.chanel.com

IT'S YOUR CHANCE. EMBRACE IT.

Í framhaldi af CHANCE og CHANCE EAU FRAICHE, bætist einn ilmur í CHANCE flóruna CHANCE EAU TENDRE hreinn, ljóðrænn, mjúkur og kvenlegur ilmur. Blíður ilmur fyrir bjartsýna konu sem trúir á hamingju og lætur tækifærin ekki framhjá sér fara.

Verið Velkomin að uppgötva nýjungar í CHANEL
29. apríl–1. maí í snyrtivöruverslun Lyfja & heilsu Kringlunni.

Lyf & heilsa Kringlunni



SPENNANDI
SUMAR '10
NÝ SENDING

MC PLANET
Opið
**mán.fim** 12–18, **fös.** 12–16, **lau.** lokað
Sími **694 7911**
Eikjuvogur 29, 104 Rvk.






Hinn ungi Takahiro Kawamura sótti innblástur til fiðrilda.



Blóðrulistin kemst á æðra stig í verkum Ayumi Mitsukane og Rie Hosokai.

# Ungir hönnuðir keppa í Japan

**So-en tískukeppni fór fram í Tókýó á dögunum en keppnin er haldin á vegum hins virta Bunka-tískuskóla. Þar sýndu ungir japanskir hönnuðir það sem í þeim býr og bar margt frumlegt þar fyrir sjónir.**

Bunka-tískuskólinn er virtur japanskur skóli þar sem kennd er tískuhönnun og aðrar skyldar greinar. Fyrsti vísir að skólanum varð til árið 1919 þegar Isaburo Namiki stofnaði lítinn skóla þar sem ungum stúlkum var kennt að sauma vestræn föt.

Nafni skólans var breytt í Bunka árið 1936 og þá var einnig, á vegum skólans, farið að gefa út fyrsta tískutímarit Japans, So-en, sem er einmitt nafnið á keppninni sem haldin er árlega. *solveig@frettabladid.is*



Hárfín tæknileg útfærsla á flókinni flík eftir Momoko Watanabe.

Frumleg flík eftir Tomoyuki Mizuno.

Látlaus en falleg blómaflík.


















# burnout 2010

FIMMTUDAGUR 29. APRÍL 2010




## Í gang eftir 70 ár

**Grímur Jónsson hefur unnið við að gera upp afar fágætt mótorhjól síðustu misserin.** SÍÐA 6




FRÉTTABLAÐIÐ

# Krefjandi keppni

Sniglarnir halda keppni í hjólafimi í fjórða sinn í ár. Njáll Gunnlaugsson, ökukennari og í umferðarnefnd Sniglanna, segir keppnina vera bæði skemmtilega og krefjandi.

„Allir sem eru með mótorhjólapróf geta tekið þátt,“ segir Njáll. „En fyrstir koma, fyrstir fá.“ Pláss er fyrir um 25 manns í keppninni, en enn sem komið er hafa einungis konur skráð sig. „Karlarnir eru yfirleitt seinni til, en þeir tínast inn smám saman,“ segir hann.

Keppnin í hjólafiminni snýst meðal annars um grein sem er kölluð snigl. Hún snýst ekki um að keppa við klukkuna heldur færni og tækni á mótorhjóli. „Þeim mun meiri tíma sem þú færð í sniglinu, þeim mun fleiri stig færðu,“ segir Njáll. „Þetta snýst um að keyra 10 metra vegalengd á sem lengstum tíma án þess að setja fæturna niður. Allt yfir hálfa mínútu er nokkuð gott.“ Íslandsmetið í Snigli er 1 mínúta og 15 sekúndur, en það er 16 metra vegalengd. Keppt verður í öðrum greinum þar sem úrslitin ráðast á tíma og tækni, en refsistig verða gefin fyrir villur í brautinni.

Keppt verður á Suzuki 125 Vanvan-hjóli. „Það er létt og gott hjól til þess að tryggja jafnræði í keppninni,“ segir Njáll. „En það verða áhorfendur og kannski er aðalhindrunin fyrir keppendurna að láta ljós sitt skína fyrir framan annað fólk.“ - SV

**Verðlaunin í hjólafiminni:**

**1. Verðlaun** 60.000 kr. Bensínúttekt frá Orkunni
**2. Verðlaun** Hjálmur frá Suzuki umboðinu
**3. Verðlaun** 20.000 kr. Gjafabréf frá IKEA
**Stigahæsta kona** Dagsferð með Biking Viking mótorhjólaleigunni
**Stigahæsti karl** Dagsferð með Biking Viking mótorhjólaleigunni



„Allir sem eru með mótorhjólapróf geta tekið þátt,“ segir Njáll Gunnlaugsson, sem hér bregður á leik.



Frá hópkeyrslu Snigla 2009. MYND/GUNNAR GUNNARSSON

# „Burnout“-sýningin nú einnig mótorhjólasýning

**Síðustu vikur eru búnar að vera annasamar fyrir Berg Kristinsson, varaformann Snigla og sýningarstjóra Burnout-sýningarinnar. Dagana 30. apríl til 2. maí verður haldin Burnout-helgin 2010 að Kauptúni 3 sem er samstarfsverkefni Snigla, Kvartmíluklúbbsins og BÍKR.**



Sigurður Andersen, sem á sæti í varastjórn Snigla og Kvartmíluklúbbsins og Bergur Kristinsson, varaformaður Snigla, stilla sér upp við sýningarsvæðið. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Burnout-helgin 2010 mun bjóða upp á dagskrá við allra hæfi og þar á meðal sýningarviðburð sem verður sennilega sá stærsti síðan bílasýningarnar voru í sýningarhöllinni Ártúnshöfða. Á sýningunni verða yfir 200 tæki, sportbílar, kvartmílutæki og þar af um 100 mótorhjól á tæplega 8.000 fermetrum.

„Gamalt og sérstakt er markmið Snigla með mótorhjólahluta sýningarinnar,“ segir Bergur en mótorhjól, bæði gömul og sérstök hjól sem ekki hafa sést á sýningu áður, verða sýnd á um 2.500 fermetrum. Kynning verður á Mótorhjólasafni Íslands og margir gripir safnsins á svæðinu og „airbrush“ sýnt. „Við höfum víða leitað fanga og meðal annars kemur stór farmur af hjólum frá Vestmannaeyjum sérstaklega á sýninguna,“ segir Bergur.

**MÓTMÆLT MEÐ HÓPKEYRSLU**

Umferðarnefnd Snigla mun meðal annars dreifa límmiðum á sýningunni með áletruninni „Sérðu mótorhjól? – Líttu aftur!“ til að setja í afturrúður bíla. Nefndin er búin að vera önnum kafin í vetur vegna útkomu nýrra umferðarlaga sem Sniglar hafa gert athugasemdir við. „Við höfum fengið nokkra hluti í gegn en erum enn ósátt við þrjú atriði,“ segir Bergur. „Fyrst skal nefna greinina um skyldunotkun hlífðarfatnaðar sem gengur lengra en í Evrópu. Við skiljum ekki alveg hvernig ráðherra ætlar að setja reglugerð um flokkun hlífðarfatnaðar því enginn alþjóðlegur staðall er til um slíkt. Við gerum einnig athugasemdir við hækkun réttindaaldurs um þrjú ár sem er stutt litlum rökum. Loks að banna eigi þeim sem eru lægri en 150 cm að sitja aftan á mótorhjóli.“ Til að mótmæla ætla Sniglar að byrja árlega hópkeyrslu sína á sjálfum Laugaveginum klukkan 11.30.

„Keyrslan endar svo á sýningunni sjálfri þar sem ýmsir viðburðir eru skipulagðir. Við munum sjá mótorhjól falla úr krana niður á jörðina en það er hluti af umferðarátaki okkar og svo verður einnig keppt í Íslandsmeistaramóti í hjólafimi fyrir utan sýningarsvæðið. Við vonumst að sjálfsögðu til að sem flestir mæti og taki þátt í þessu með okkur, og þá sem flestir á hjólum,“ segir Bergur brosandi. - ng

Gefðu vatn

907 2002

Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

# Nýr keppnisbíll til landsins

X Rallý er nýtt keppnislið í rallýakstri sem tekur þátt í Íslandsmeistaramótinu 2010 og er undir stjórn Aðalsteins Jóhannssonar.

„Sumarið í fyrra var mjög viðburðaríkt,“ segir Aðalsteinn, sem tók í fyrsta sinn þátt í akstursíþróttum á síðasta ári. „Við ákváðum að byggja upp keppnislið með nýrri öflugri keppnisbifreið, faglegri umgjörð og almennum skemmtilegheitum í góðu og nánu samstarfi við Skeljung, Sonax og Mitsubishi.“

Smartmedia og fleiri aðilar koma að keppnishaldinu í sumar. Liðið leggur áherslu á að leggja sitt af mörkum til að kynna rallý á Íslandi á skemmtilegan og faglegan hátt, til dæmis með því að halda úti heimasíðunni www.xrally.is og framleiðslu myndefnis fyrir Netið sem sýnir öðruvísi og spennandi hlið á þessari akstursíþrótt.

Fest hafa verið kaup á glænýrri sérsmíðaðri keppnisbifreið af gerðinni MMC Evolution X sem kemur til landsins á næstu dögum og mun taka þátt í fyrstu keppni í Íslandsmeistaramótinu í rallýi á Suðurlandi 21.-22. maí. Keppnisbifreiðin er búin öllum nýjasta tæknibúnaði sem rallýbílar hafa yfir að ráða, til dæmis háþróðu tölvukerfi sem stýrir meðal annars öllum drifbúnaði bílsins til að hámarka hraða og grip. Þá er keppnisbifreiðin einnig búin öllum nauðsynlegum og viðbótar öryggisbúnaði sem völ er á. - SV




Bifreiðin er af gerðinni MMC Evolution X.

Bifreiðaíþróttaklúbbur Reykjavíkur · Kvartmíluklúbburinn · Bifhjólasamtök Lýðveldisins Sniglar

# BURNOUT 2010

30. apríl – 2. maí

## Stærsta mótorsportsýning Íslandssögunnar



**Kauptún, við IKEA:**
Fös. 30. apríl 18–23
Lau. 1. maí 11–23
Sun. 2. maí 11–22

- 8.000 m² innisýningarsvæði
- Yfir 250 bílar og hjól til sýnis o.m.fl.
- Verðlaunaafhending vegna góðaksturs- og rallýkeppna, lau. kl. 21.00
- Verðlaunafhending vegna sýningartækja, sun. kl. 21.00

**Aðgangseyrir**
Fullorðnir 1.500 kr.
Helgarpassi 2.000 kr.
Frítt fyrir 12 ára og yngri
(í fylgd með fullorðnum)

**Samskipasvæðið v. Holtagarða:**
Lau. 1. maí kl. 10.30–18

- 50.000 m² útisvæði
- Flottasta rallýbraut Íslandssögunnar!
- Áskorendakeppni í brautinni – rallýbílar keppa á móti torfærubílum, mótorkrosshjólum o.fl.
- Opinn pittur – komdu og skoðaðu keppnistækin í návígi milli umferða.
- Stanslaust stuð og uppákomur allan daginn.

**Aðgangseyrir**
Fullorðnir 1.000 kr.
Frítt fyrir 14 ára og yngri
(í fylgd með fullorðnum)

Samskip

**Hópakstur Sniglanna 1. maí**
12.00 Hópakstur kemur að Kauptúni
13.00 Mótorhjól látið falla úr krana til að líkja eftir árekstri
14.00 Íslandsmeistarakeppni í hjólafimi – vegleg verðlaun

Ýrr hjá Tattoobike sýnir airbrush.

Mótorhjólasafn Íslands · Suzuki

Mountain Dew · Domino's · Skeljungur · BJB · Sonax · Doritos · Krónan · Bílabúð Benna · BYKO



„Þetta er tæki með 1100 hestafla vél – alvöru kvartmílubíll, byggður frá grunni,“ segir Rúdólf um kvartmílubílinn sem hann og sonur hans Kristinn, til vinstri, hafa verið að smíða síðustu ár. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Sérblaðið Matur

Kemur út laugardaginn 1. maí

Auglýsendur vinsamlegast hafið samband:

Benedikt
• benediktj@365.is
• sími 512 5411

Bjarni Þór
• bjarnithor@365.is
• sími 512 5471

Hlynur Þór
• hlynurs@365.is
• sími 512 5439

# Smíða 1100 hestafla bíl

**Rúdolf Jóhannsson, einn af stofnendum Kvartmíluklúbbsins, er um þessar mundir að ljúka við smíðar á kvartmílubíl sem verður eitt af aðdráttaröflum „Burnout“-sýningarinnar um helgina.**

„Við Kristinn sonur minn, erum búnir að vera að dunda okkur við þetta síðustu fimm ár,“ segir Rúdolf. „Við erum báðir miklir bíladellukarlar og skemmtum okkur vel við þetta.“

Rúdolf segir að smíðin líti út eins og venjulegur kvartmílubíll, í raun eftirlíking af Pontiac GTO 65. Það sem sé frábrugðið er að boddíið er allt úr plasti og burðarvirkið úr rörum. „Þetta er tæki með 1100 hestafla vél – alvöru kvartmílubíll, byggður frá grunni,“ segir hann.

Kvartmíluklúbburinn á 35 ára afmæli á þessu ári. Sýningin um helgina verður stór og er þetta í fyrsta sinn sem klúbbarnir stunda samstarf af þessu tagi og taka höndum saman. „Sýningar sem þessar eru aðaltekjulind klúbbsins, fyrir utan það að vera svakalega skemmtilegar, bæði fyrir okkur og gestina,“ segir Rúdolf, en kvartmílubrautin í Kapelluhrauni hjá Straumsvík var einmitt byggð á sínum fyrir fjármagn sem kom frá sýningum sem þessari. „Brautin er orðin mikið og skemmtilegt mannvirki,“ segir Rúdolf. „Og þrátt fyrir að við byggðum hana fyrir okkar fé, án styrkja, þá er klúbburinn nánast skuldlaus í dag.“

Rúdolf segir að bíla- og mótordella fólks sé margs konar og viðhorfið til áhugamálsins breytt frá því sem áður var. „Núorðið er komið svo mikið af flottum og góðum bílum til landsins,“ segir hann. „Hér áður fyrr var skrítinn mórall í kringum mótorsport, en mér finnst það vera mjög breytt núna. Þegar auðmennirnir og gömlu karlarnir í þjóðfélaginu fóru að láta sjá sig á mótorhjólum fylgdi restin smátt og smátt með.“

- SV



Feðgarnir hafa lagt mikla vinnu í smíði bílsins, sem verður eitt af aðdráttaröflum sýningarinnar um helgina.




Bíllinn er í raun eftirlíking af Pontiac GTO 65 nema boddíið er allt úr plasti og burðarvirkið úr rörum, að sögn Rúdólfs.



Bifreiðaíþróttaklúbbur Reykjavíkur hefur starfað í 33 ár og staðið fyrir ýmsum uppákomum. Um næstu helgi verður haldin sýningaröð í mótorsporti á vegum hans.

# Brot af því besta úr heimi mótorsportsins

Bifreiðaíþróttaklúbbur Reykjavíkur (BÍKR) stendur fyrir sýningaröð í ýmiss konar mótorsporti um helgina. Jón Þór Jónsson, formaður BÍKR, segir brautina vera glæsilega og allir muni finna eitthvað við sitt hæfi.

„Þetta verður mikil sýning fyrir áhorfendur," segir Jón. „Og brautin er þannig hönnuð að fólk er með útsýni yfir hana alla, allt frá ræsingu til endamarks." BÍKR hefur staðið fyrir bikarmótaröð í rallýakstri síðustu ár og í vetur var haldið mót í fyrsta skipti á þeim árstíma. Síðasta umferðin í mótaröðinni fer svo fram á laugardeginum á svæði Samskipa við Sundahöfn. Jón segir sportið verða vinsælla ár frá ári og býst við fjölda áhorfenda. „Pallarnir taka við tvö til þrjú þúsund manns og brautin er mjög áhorfendavæn."

Ökutækin sem prýða sýninguna verða af ýmsum toga. Torfærubílar, mótorhjól og fjórhjól eru meðal þeirra sem ökumenn leika listir sínar á. Einnig verður keppt í rallýakstri og brautin við Sundahöfn, sem er á 50 þúsund fermetra svæði, þannig sett upp að hægt er að ræsa tvo bíla í einu og keppa til enda. Brautin er með stökkpöllum og alls kyns þrautaleiðum sem gera það að verkum að áhorfendur fá brot af því besta úr heimi mótorsportsins.

Bifreiðaíþróttaklúbbur Reykjavíkur er búinn að vera starfandi í 33 ár og segir Jón starfið ganga mjög vel. „Nú höldum við fjórar af sex umferðum í Íslandsmótum í rallýakstri, þar á meðal Rallý Reykjavík sem er alþjóðleg keppni og þar af leiðandi langstærsta keppnin sem haldin er hér á landi," segir Jón.

*- sv*

# Með fartölvuna tengda

Einn þeirra Íslendinga sem hafa brennandi áhuga á bílum er Guðmundur Þór Jóhannesson netsérfræðingur. Hann eignaðist ársgamlan Mitsubishi Lancer Evolution fyrir fjórum árum sem síðan hefur tekið miklum stakkaskiptum hvað búnað varðar. „Ég gerði lítið fyrsta árið en byrjaði svo að breyta bílnum, auka aflið og styrkja hluti í drifrásinni, svo sem gírkassa, millikassa, afturdrif, kúplingu og alls konar hluti, auk þess að skipta um sæti og bæta við öryggisbeltum. Á tímabilinu 2007 til 2009 fór Lancerinn í gegnum þrjár mismunandi uppsetningar á vélarhlutum. Upprunalega var hann 280 hestöfl. Árið 2007 var hann kominn í 430 og 2009 var hann farinn að teygja sig í 800."



**Guðmundur segir bílaáhugann hafa fylgt sér alla tíð. Hér er hann fyrir framan Nissan-bíl frúarinnar.** FRÉTTABLAÐIÐ/ PJETUR

- Þú hefur semsagt alltaf verið að brasa í bílnum?

„Já, alltaf. Sú er einmitt ástæðan fyrir því að ég er ekki að keyra í ár. Það verður að vera smá tími fyrir fjölskylduna líka. Svo eru allir varahlutir orðnir tvöfalt dýrari en áður."

Tölvukunnáttan hefur komið Guðmundi Þór vel í þessum bransa. „Þetta er ekki bara spurning um að vera með skiptilykilinn inni í skúr, heldur líka fartölvuna tengda við bílinn til að stilla hluti saman og ná sem mestu afli út úr því sem maður er með. Það er svo mikið tölvudót í bílum í dag. Við erum fimm félagar sem leigjum saman aðstöðu og hinir eru allir í svipuðum pælingum og ég. Svo eru margir fleiri að koma sterkir inn í félagsskap túrbóbílaeigenda," segir Guðmundur Þór.

Aðspurður segir hann eina möguleikann til að nota hestaflafjöldann vera á kvartmílubrautinni í Hafnarfjarðarhrauni.

*- gun*

**Lancerinn hefur gengið í gegnum miklar breytingar.**














Bílabúð Benna og Kvartmíluklúbburinn eiga jafn langa sögu og hafa lengi fylgst að.

## Samofin saga

Bílabúð Benna og Kvartmíluklúbburinn voru stofnuð á sama ári, 1975, og hefur saga þeirra verið samofin alla tíð síðan. Benedikt Eyjólfsson, eigandi Bílabúðar Benna, var á fyrstu árum Kvartmíluklúbbsins virkur þátttakandi í kvartmílukeppnum og öllu sem tengist mótorsporti á Íslandi. Alla tíð síðan hefur Benedikt stutt dyggilega við Kvartmíluklúbbinn og sportið sem slíkt og verið mikill frumkvöðull í mótorsporti á Íslandi.

Bílabúð Benna og Kvartmíluklúbburinn hafa staðið saman að fjölmörgum bíla- og mótorhjólasýningum í gegnum tíðina og meðlimum Kvartmíluklúbbsins býðst afsláttur af ýmsum vörum og þjónustu hjá Bílabúð Benna. Bílabúð Benna verður með sölubás á sýningunni Burnout 2010 þar sem kynntar verða þær sérpantanir sem fyrirtækið hefur gert fyrir kvartmílubifreiðar.

**● ROKK, RÓL OG MÓTORHJÓL** No-club stendur fyrir balli á skemmtistaðnum Players í Kópavogi að kvöldi 1. maí, í tengslum við hópkeyrslu mótorhjólamanna sem er farin fyrr um daginn. Þar mun bandið Síðasti séns leika fyrir dansi og verður DJ Mikkólf hljómsveitinni til halds og trausts. Miðaverð á ballið er 1.500 krónur. Áhugi á mótorsporti er ekki skilyrði fyrir því að komast inn og eru allir velkomnir.



# Steypuhrærivél aftur að mótorhjóli

**Í litlum bílskúr við Háaleitisbrautina hefur Grímur Jónsson vélsmiður unnið við að gera upp afar fágætt mótorhjól síðustu misserin.**




Smiðurinn við dýrgripinn. MYND/TRYGGVI ÞORMÓÐSSON

Hjólið er af gerðinni Henderson, sem er amerískt hjól framleitt á árunum 1912-1931. Henderson-hjólin voru með 4ra strokka toppventlavél og þóttu fullkomin á sinni tíð. Þessi gerð hjólsins var smíðuð stuttu eftir að Ignaz Schwinn keypti Henderson-fyrirtækið 1917. Hjólin voru framleidd í Detroit til að byrja með en Schwinn flutti framleiðsluna til Chicago. Þar voru þau framleidd ásamt Excelsior-mótorhjólunum þar til Schwinn hætti framleiðslu mótorhjóla 1931. Hönnuður hjólsins, William Henderson, hélt reyndar áfram framleiðslu 4ra strokka mótorhjóls undir merkinu ACE sem var keypt af Indian.

### UMBOÐIÐ Á AKUREYRI

Ingólfur Esphólín flutti hjólið til landsins en hann bjó á Akureyri. Hvort hjól Gríms sé árgerð 1918 eða 1919 er erfitt að segja með vissu. Hjólið er með bókstafinn Z í verksmiðjunúmeri sem segir að það sé 1919-árgerð en Espholin Co. byrjaði að auglýsa mótor-reiðhjól 11. október 1918 í blaðinu Íslendingi. Hið rauða „X" er í merkinu á hjólinu, en það var á DeLuxe-útgáfunni árið 1918.

Líklegt má telja að aðeins eitt Henderson-hjól hafi ratað til landsins. Það bar fyrst númerið RE-408 þegar það var í eigu Sigurðar I. Hannessonar í Ánanaustum á árunum fyrir seinna stríð en fékk númerið R-1103 árið 1937. Hjólið er svo afskráð 12. september 1938 eftir tveggja áratuga notkun.



Grímur smíðaði marga hluti í hjólið frá grunni.

### FANNST Á BROTAJÁRNSHAUG

Grímur frétti fyrst af hjólinu þegar honum var sagt frá mótor sem líklega væri af mótorhjóli og stóð í vélsmiðju Héðins í Reykjavík. Þetta var árið 1963. Þannig komst hann á sporið og eftir smá eftirgrennslan kom í ljós að grindin og fleira úr hjólinu var enn í gömlum brotajárnshaug í Ánanaustum. Vélin hafði verið tekin úr hjólinu á uppgangsárum seinni heimsstyrjaldarinnar til að nota í steypuhrærivél. Hún hafði svo brætt úr einum stimpli og aldrei farið í hjólið aftur. Grímur byrjaði á uppgerðinni fyrir næstum tveimur áratugum og smíðaði þá stimpla í hjólið. Þá þurfti að steypa aftur þar sem þeir fyrri voru alsettir eitlum vegna of lítils kolefnis í steypunni. Endurgerð hjólsins hófst svo ekki fyrir alvöru fyrr en 2007. Grímur keypti annan Henderson-mótor nánast sömu gerðar úr flugvél og notaði meðal annars stimpilstangir úr honum. Grímur sá hins vegar sjálfur um að smíða ventlastýringar, stimpla, stimpilhringi, stimpilbolta, ventlagorma og ýmsar fóðringar í gömlum rennibekk í skúrnum hjá sér. Einnig rétti hann af grindina og smíðaði smáhluti í hjólið og ryðbætti bretti og fleira. Þurfti Grímur að leita víða áður en hann fékk rétt hnoð í brettin en þau fundust í gamalli skúffu í Blikksmiðju Reykjavíkur.

### Í GANG EFTIR 70 ÁR

Þótt Grímur hafi endursmíðað stóran hluta hjólsins sjálfur aðstoðaði Kristinn Sigurðsson hann við að finna hluti sem margir komu að utan. Gjarðir í hjólið komu frá Bandaríkjunum sem og rafkerfi en gúmmí í handföng og fótborð frá Kanada. Í Póllandi fannst sérfræðingur í gerð hnakka fyrir þessar gerðir mótorhjóla og olíuþykktarmælirinn kom alla leið frá Ástralíu. Grímur fékk aðstoð völundar að nafni Guðna Ingimundarson við að magna upp magnetuna í hjólinu og stilla hana ásamt blöndungi fyrir gangsetningu. Guðni er ekki óvanur endursmíði gamalla véla enda hefur hann gert upp margar bátavélar frá fyrri tíð. Loks var hjólið sprautað hjá Sigurði í Bílsetrinu í Mosfellsbæ.

Fyrsta púst vélarinnar var á gólfinu í skúrnum við Háaleitisbrautina en fyrir rúmum þremur vikum var mótorinn prufukeyrður og stilltur fyrir suður í Garði og hafði þá ekki verið gangsettur í sjö áratugi. Henderson-hjólið er nánast fullgert þótt enn sé eftir að smíða og laga fáeina hluti. Það verður frumsýnt almenningi á Burnout-sýningunni í Kauptúni um komandi helgi. *-ng*

### Henderson 1918 IZ

**Vél:** 4ra strokka línuvél, IOE
**Rúmtak:** 67 ci/1100 cc
**Slag/strokkmál:** 3 x 2,53 tommur
**Hestöfl:** 14,2
**Blöndungur:** Schebler
**Kveikja:** Magneta
**Gírkassi:** 3ja gíra
**Framgaffall:** Henderson Spring Fork
**Bremsur:** Bandabremsur
**Dekk:** 3x28 tommur








**● LANDSMÓT Í HÚNAVERI** Landsmót bifhjólafólks verður haldið í Húnaveri dagana fyrsta til fjórða júlí en það hefur verið haldið ár hvert síðan 1987. Mótið í ár er það tíunda sem haldið er í Húnaveri.

Mótin hafa verð haldin í nafni Sniglanna í gegnum árin en í ár eru það Óskabörn Óðins MC sem halda mótið. Allir vélhjólamenn eru velkomnir og vilja mótshaldarar sjá alla klúbbana fjölmenna og setja upp tjaldbúðir en veitt verða verðlaun fyrir þær flottustu. Þeir lofa fjölbreyttri dagskrá að venju og verður Sniglabandið fremst í flokki ásamt fleiri hljómsveitum. Þá verða kappleikar, „burnout"-keppni og ýmislegt fleira ásamt AA-fundum fyrir óvirka alkóhólista. Á meðal veiga má svo nefna landsmótssúpu á laugardagskvöld og orkumikla morgunhressingu alla morgna.




Endum
rúntinn
heima!
BIFHJÓLASAMTÖK
sniglar
LÝÐVELDISINS



**Kvartmílubrautin freistar að keyra hratt.**
MYND/FRIÐRIK DANÍELSSON

# Kvartmílubraut í andlitslyftingu

„Það var orðið tímabært að gera endurbætur á kvartmílubrautinni sem er orðin þrítug og slitin eftir því. Nú er búið að malbika og breikka helminginn af keppnisbrautinni, en einnig leggja bundið slitlag á veginn að brautinni sem er stór áfangi því mölin hefur aftrað mönnum frá því að koma á fínni bílum á brautina,“ segir Ingólfur Arnarson, formaður Kvartmíluklúbbsins.

„Þá erum við búnir að fá áhorfendapalla og tímatöflu báðum megin brautarinnar sem sýnir upplýsingar um hraða, tíma og annað meðan á ferð stendur og eftir að henni lýkur,“ segir Ingólfur sem einnig sér fram á nýtt vegrið meðfram allri keppnisbrautinni fyrir sumarið.

„Keppnisbrautin verður opin allar helgar í sumar og nokkur kvöld í viku til æfinga þegar ekki er keppni, en brautin er eini staðurinn á landinu þar sem fara má eins hratt og menn komast án þess að missa ökuskírteinið.“ *- þlg*



● **FÆRRI SLYS** Bifhjólaslysum fækkaði töluvert árið 2009 miðað við árið á undan, að því er fram kemur í slysaskýrslu Umferðarstofu árið 2009. Heildarfjöldi slasaðra og látinna fer úr 107 niður í 89, sem er fækkun um 16,8 prósent. Horft er til samanlagðs fjölda litið slasaðra, alvarlega slasaðra og látinna sem voru á léttum og þungum bifhjólum. Þess má geta að árið áður hafði samanlögðum fjölda slasaðra og látinna bifhjólamanna fjölgað um 18,9 prósent. Frá þessu er greint á vef Umferðarstofu, www.umferdarstofa.is.





512 Auglýsingasími 54 01




Allt sem þú þarft...



„Við reynum að leiðbeina fólki eftir bestu getu og koma því í skilning um að ástandið sé ekki eins ógnvænlegt og það lítur út fyrir í sjónvarpinu," segir Karl hótelstjóri á Hótel Klaustri. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Klaustur enn á sínum stað

**Karl Rafnsson, hótelstjóri á Hótel Klaustri á Kirkjubæjarklaustri, lítur björtum augum á framtíðina þótt röskun hafi orðið á rekstrinum þessar vikurnar, vegna elds og flóða úr Eyjafjallajökli.**

„Það er enginn uppgjafartónn í okkur," segir Karl með mestu rósemd og lýsir stöðunni nánar frá sínum bæjardyrum. „Þegar seinna gosið brast á og vegurinn fór í sundur sunnanlands þurftum að koma fólki frá okkur norðurleiðina. Við misstum öll viðskipti í tíu daga en það er að koma hreyfing á þau aftur og miðað við hvernig vorið og sumarið líta út í okkar bókum þá erum við bara brött. Við höfum tækifæri til þess með haustinu að vinna upp þetta tap sem hefur orðið. Það er bara verkefni að glíma við."

Karl kveðst þó greina óvissu hjá fólki sem eigi bókaða Íslandsferð. „Hingað er mikið hringt og sent af tölvupósti til að spyrja hver staðan sé. Við reynum að leiðbeina fólki eftir bestu getu og koma því í skilning um að ástandið sé ekki eins ógnvænlegt og það lítur út fyrir í sjónvarpinu. Hér sé byggilegt enn og Klaustur á sínum stað."

Á Hótel Klaustri eru 57 herbergi, þar af tíu eins manns. „Ég tek rúmlega hundrað manns í gistingu," segir Karl og er í framhaldinu inntur eftir veitingasölu. „Morgunmaturinn er seldur sérstaklega. Svo leggjum við mikið upp úr kvöldmatnum en minna er um matargesti um miðjan daginn nema hópa sem hafa pantað fyrirfram."

Eldsumbrotin í Eyjafjallajökli hafa rifjað upp sögur um Kötluhlaup, Öræfajökulsgos og Skaftárelda. „Þetta er auðvitað ekki það versta sem hefur dunið yfir hér," segir Karl. „Það eru virkar eldstöðvar allt í kringum okkur og þegar við sem stundum ferðaþjónustu á svæðinu höfum sest niður til að greina hvað sé jákvætt og hvað neikvætt við svæðið þá munum við alltaf eftir því." Spurður hvort hann sé sárreiður forsetanum fyrir að minnast á Kötlu í erlendum fjölmiðlum svarar hann: „Forsetinn hefði alveg getað látið þetta ósagt. Auðvitað er Katla viss vá en hann hefði mátt sleppa því að minnast á hana í þessu samhengi."

Til framtíðar litið telur Karl eldgosin í undanförnu geta orðið landinu til framdráttar. „Ísland hefur aldrei fengið aðra eins kynningu og núna, þó með þessum hætti sé," segir hann. „Vonandi kveikir hún forvitni hjá einhverjum og áhuga á að heimsækja okkur."

*gun@frettabladid.is*

## Íslandsperlur í Perlunni um helgina

FERÐASÝNINGIN ÍSLANDSPERLUR FER FRAM Í PERLUNNI 1. OG 2. MAÍ.



Fagur regnbogi í Norðurárdal. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Að sýningunni standa markaðsstofur landshlutanna í ferðaþjónustu, Ferðaþjónusta bænda, Opinn landbúnaður og Beint frá býli. Gestum verður boðið að ganga hringinn í kringum landið og fá smjörþefinn af því besta sem ferðalöngum stendur til boða í sumar. Hver landshluti kynnir sínar perlur og áhugaverða staði til að skoða og heimsækja.

Tilgangurinn með sýningunni er að kynna fjölbreytileikann í ferðaþjónustu á Íslandi, veita almenningi tækifæri til að koma á einn stað í þeim tilgangi að kynna sér ferðaþjónustuna á Íslandi, smakka, skoða, spjalla og spyrja. Einnig að koma á framfæri nýjungum á komandi sumri og leyfa fólki að kynna sér náttúrutengda ferðamennsku eins og fugla-, sela- og hvalaskoðun. Beint frá býli kynnir og sýnir á sýningunni innlenda matarframleiðslu.

Aðgangur er ókeypis en sýningin stendur frá 10 til 17 báða dagana.



Noma í Kaupmannahöfn hefur verið valinn besti veitingastaður heims en hann trónir efst á lista S.Pellegrino yfir 50 bestu veitingahús heims árið 2010.

**www.freisting.is**

Dýrasta hótelherbergi heims er konunglega villan í Grand Resort Lagonissi í Aþenu. Nóttin kostar sex milljónir króna en herberginu fylgir sundlaug, einkaströnd og píanóleikari.



**www.turisti.is**


Ráðstefnur og fundarhöld

á glæsilegu sveitasetri í fallegu og afslöppuðu umhverfi.

Ef halda skal veislu, námskeið eða hópefli eru fáir staðir betur staðsettir en Grímsá sveitasetur og Veiðihúsið við Laxá í Kjós. Við tökum að okkur allar tegundir af veislum og uppákomum. Bæði húsin taka allt að 40 manns í gistingu sem leigjast með eða án þjónustu.

TILBOÐ :

**3 rétta máltíð, gisting og morgunverðarhlaðborð frá kr. 9.900,- á mann.**





Veiðihúsið í Kjós

Í Veiðihúsinu við Laxá í Kjós er stór og vandaður veislusalur sem tekur allt að 100 manns í sæti og með gistingu fyrir allt að 50 manns.



Grímsá Veiðihús

Í veiðihúsinu við Grímsá er glæsilegur salur sem tekur allt að 70 manns í sæti og gisting fyrir allt að 36 manns. Í húsinu er gufubað og heitur pottur svo hægt er að slaka vel á eftir góðan dag.









**Pöntunarsímar:** 618 0083 & 437 0083

www.grimsa.is

LAXA IN KJOS

GRÍMSÁ Veiðihús



Borðapantanir í síma 511-5090

WWW.SMAKKARINN.IS

Verkalýðsdagurinn á Einari Ben

Í tilefni Verkalýðsdagsins 1. maí býður Einar Ben

5 rétta Stolt matreiðslumeistarans á aðeins 5.900 kr.

3 rétta Stolt matreiðslumeistarans á aðeins 4.500 kr. dagana 1. og 2. maí

Upplýsingar á www.einarben.is og www.smakkarinn.is

Einar Ben RESTAURANT & BAR

## Húsaviðhald







Viðhaldsverk ehf

**Húsaviðgerðir**
Múrarar, málarar og smiðir með mikla reynslu í viðhaldi fasteigna geta bætt við sig verkum. Allt viðhald fasteigna. Viðhaldsverk ehf S. 699 0712 & 618 7712 verk@vidhaldsverk.is




Málarameistari, múrarar, flísalagnir, parket, svo sem málun utan sem innan og steypumúr og margt fleira. s. 771 6673.

**N & V Verktakar ehf**
Flísar - parket - gifs- steinslípun - gifsmúr - mála og margt fleira sem viðkemur húsaviðhaldi að utan sem innan. Frábært verð! Uppl. í s. 661 3149.

**Húsaviðgerðir**
Skiptum um rennur og bárujárn á þökum og múrviðgerðir og fl. Uppl. í s. 659 3598.

**Ryð og lekavarnir á þökum!**
Við sérhæfum okkur í viðgerðum og málun á öllum stærðum og gerðum þaka. Varist kostnaðarsamar framkvæmdir. Byggingarfélagið Reisir. S. 773 4441.

## Stífluþjónusta




## Tölvur




Tölvuviðgerðir, gagnabjörgun. Kem á staðinn. Gott verð. S. 699 6735 Baldvin.

## Nudd

A whole body massage S. 895 6753.

Unaðsnudd á tilboði,frábært nudd fyrir karlmenn,láttu það eftir þér, S:6921123

Heilsunudd & óhefðbundnar lækningar Nuddstofan umhyggja - nuddstofan.is uppl: 5516146

Whole body massage. S. 849 5247.

Fantastic whole body massage S. 692 4599, Maria.

Gott nudd. Uppl. í s. 616 7919 & 867 3264.

## Spádómar




Spásíminn 908 5666. Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

## KEYPT & SELT

## Til sölu










Öryggis- og peningaskápar.



Eigum nokkur rafmagns golfhjól á frábæru verði kr 210.000 uppl: 8666610

Mjög gott 28" sjónvarp grundig m/fjarstýringu verð 8þús. Mjög vel með farið eldhúsborð og þrír stólar í stil verð 10þús og mjög góður skemmtari verð 20þús. s: 773 7389

Til sölu öll tól og tæki til notkunar á smiði úr listgleri. Skápur með 18 plastskúffum og lager af ýmsu listgleri fylgir. Sjón er söguríkari. Uppl. s. 564 1525 og 894 2515

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
**Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61. Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.**

**Kaupi gull !**
**Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð. Upplýsingar á demantar.is í s. 699 8000 eða komið í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**



Óska eftir ljósmyndum af eldgosinu á póstkort uppl: 860-8832 demantskort@demantskort.is

## Til bygginga




Krossviður, kambstál, gips og fl. Uppl. í s: 555 7905 og www.ulfurinn.is

## Verslun






NÝ SENDING!!! árfram lagersala 1-3 þús. Emilía Bláu húsin Faxafeni s: 588-9925 emilia.is

## Ýmislegt

**Athyglisverð nýung**
Ef þú hefur áhuga á ódýrum ferðalögum sendu inn nafn og netfang á midlun@simnet.is

## HEILSA

## Heilsuvörur



Aloe Vera Heilsunnar vegna Betri lífstill - meiri orka. Magnús og Hlíf sjálfstæðir dreifingaraðilar 822 8244 www.flp1.is

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

Árangur með Herbalife í 30 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd




**TANTRA MASSAGE**
An exclusive gift for men, women and couples. Tel. 698 8301 www.tantra-temple.com

**SPA - DREAM OASIS**
**Fáðu kort og nudd frítt.**
NUDD: Heilln., Slökunarn., Skrúbb, Pottur, Sólbekkir og fleira. Símar 567-6666 og 862-0941. http://dreamoasis.magix.net

Eðalnudd. Veldu það besta. Tilboð í dag. S. 659 6019.

**NUDD - AFRICANA - NUDD**
**JB HEILSULIND**
**S. 445 5000**
Algjör nautn, 2ja klukkustunda meðferð 9900.- kr. Nuddari frá Senegal. Tilb. f. 2 skrúbb, heitur pottur, nudd kr. 9900.- kr. Detox úthreinsun f. 2 kr. 9900.- margar teg. nudd. slökun, veitingar, heilsu, vítamín, næringarráðgjöf, snyrting. Ekkert sex nudd. No sex massage. Uppl. - pantanir s. 4455000 JB Heilsulind Skúlagötu 40.

## SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Námskeið

**SIGLINGANÁMSKEIÐ**
Námskeið fyrir börn og fullorðna. Skráning á www.brokey.is & s: 895 1551 Siglingafélag Reykjavíkur

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

## TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Gisting

**Gisting 2 / 1**
**á Norðurlandi og Alicante Spánn, dæmi 2. hæða raðhús með öllu aðeins 150 evrur vikan. Uppl. solarhus@gmail.com 696 3667 465 2247**

## HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**Rvk. Hfj. og Kef.**
**Stúdíó, 2ja og 4ra herbergja. Nánari upplýsingar á www.heimahagar.is**

**www.leiguherbergi.is**
**1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj aðganur að internet, baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**
**Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj Internet, bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

**Leiguliðar ehf**
**Fossaleyni 16**
**Skrifstofa Leiguliða auglýsir lausar íbúðir, leiguverð frá kr. 58.000. Reykjavík, Selfoss, Þorlákshöfn, Akranes, Hafnarfjörður. Gæludýr leyfð. Sjá www.leigulidar.is eða 517 3440.**

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Stúdíóíbúð til leigu í Kóp. 35 fm,ásett verð 75þ á mán.Hiti,rafmagn og net innif. uppl í 8637747

**SKAMMTÍMALEIGU**
SKAMMTÍMALEIGU-ÍBÚÐIR-RVÍK Í miðbænum DRA.is/fyrirspurn á info@dra.is næg bilast 2-10 manna íbúðir

## Húsnæði óskast

2ja-3ja herb. Húsnæði óskast í miðbæ RVK. skilvísar greiðslur. Vinsamlegast hafið samband í síma 699 2988.

Reglusöm kona óskar eftir 2-3 herb. íbúð á sanngjörnu verði sem fyrst. Skilvísum greiðslum heitið. S. 615-3860.

Söðlasmiðurinn í mosó óskar eftir húsnæði 20-35fm húsnæði eða bílskúr. Uppl s. 661 8864

Íbúð óskast í hverfi 101-105-108. Útsýni kostur. Uppl í S. 858 7573 & 896 3420

Ungur nemi 23 ára reglusamur óskar eftir íbúð/bílskúr og skilvísum greiðslum lofað ásamt hund uppl: 772-0692

## Fasteignir

Hef til sölu 16,8 hektara landspilda úr jörðinni Háfshjáleiga, Rangárþingi ytra, Rangárvallasýslu, landnúmer 207724. Tilboð óskast. Áhugasamir kaupendur hafi samband við Jóhannes Albert Sævarsson hrl. hjá Lögfræðistofu Reykjavíkur í síma 5157400 eða johannes@icelaw.is

## Atvinnuhúsnæði

Til leigu hluti af atvinnuhúsnæði. Innkeyrsludyr, Wc, eldhús og skrifstofa. Verð 40 þús, pr mán. Uppl. í s. 898 4202.

## Geymsluhúsnæði

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Lágt verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

## ATVINNA

## Atvinna í boði

Kol ehf - hringjum út

**Kvöld- og helgarvinna**
Kvöld- og helgarvinna. Tímakaup og bónusar. Okkur vantar öflugt og skemmtilegt fólk til úthringinga! Hringdu núna í síma 550 3610 kol@kol.is

Starfskraftur óskast til Danmerkur sem getur járnað og tamið ísl. hesta, einnig farið í hestaferðir með túrista, svo og alm. bústörf sem fylgja hestamennsku. Uppl. 004522343727 ( ísl.) eda 004523458649 (dk,deuts,english)

Stýrimann og vélstjóra vantar á rækjutogara sem fer til veiða í hvallál uppl: 8930389 / 8488234

Óska eftir starfsfólki í ræsingar ofl fullt starf verður að tala og skilja íslensku umsóknir sendist á umsjon@visir.is

Þaulvanur starfskraftur óskast til starfa á bónstöð þarf að geta unnið sjálfstætt og hafa þekkingu á viðeigandi efnum og geta skrifið út nótur og tekið við kreditgreiðslum. Uppl. 662 5844 e. kl. 15

Vilt þú vinna mikið og hafa mikil laun eða vilt þú vinna lítið og hafa lítil laun? Uppl í s 6932272 og 7732100.

## Atvinna óskast

Smiðir geta bætt við sig verkum einnig flísalögnum og fl. uppl: 847-2448

## TILKYNNINGAR

## Einkamál

**Spjalldömur 908 1616**
**Opið frá kl. 13:00 og frameftir á virkum dögum. Opið allan sólahringin um helgar.**
**908 1616.**

Myndarlegur karlmaður á besta aldri langar að kynnast konu 25-65.ára. Sendu sms í 869 5168

# Þjónustuauglýsingar

Sími 512 5407


IVECO
Viðgerðar- og varahlutaþjónusta
VélRás
Sími 555 6670 • www.velras.is • Rauðhellu 16 • Vagnhöfða 5

Lækkað verð á Royal Canin hundafóðri!
Medium 15kg. Verð: 10.900 kr.
Maxi 15kg. Verð: 11.200 kr.
Opið virka daga 10-18 og lau 10-16
DÝRAGARÐURINN
Síðumúla 10 • S: 517-6525

ditto.is
Mikið úrval af saltkristal lömpum og kertastjökum.
ditto.is
Smiðjuvegi 4, græn gata. Kópavogi. Sími 517-8060
www.ditto.is

Ný spennandi skartgripanámskeið hjá Glit.
Víraskartgripanámskeið með perlum og steinum. Mjög spennandi námskeið sem býður upp á nýja möguleika í skartgripagerð.
Eitt kvöld kr. 6000 innifalinn vír
Úrval af skartgripaefni gott verð
Glit ehf, Krókhálsi 5, 110 Rvk. www.glit.is s. 587 5411

CARGO sendibílaleiga
566 5030
www.cargobilar.is
Sendibílar til leigu
Þú leigir hann.
Krefst ekki meiriprófs réttinda

BÍLAVERKSTÆÐI AUÐUNS
TOYOTA ÞJÓNUSTA
ALLAR ALMENNAR BÍLAVIÐGERÐIR
FOSSALEYNI 16 • GRAFARVOGI
WWW.BIFREIDAVERKSTAEDI.IS
S. 587 1350

NITRO MONSTER KIT
ÖFLUGIR FJARSTÝRÐIR
BENSÍNBÍLAR Í ÚRVALI
Tómstundahúsið
Tómstundahúsið • Nethyl 2 • sími: 5870600 • www.tomstundahusid.is

Bílaþjónustan Bilaði Bíllinn
Vagnhöfða 7, kjallara • 110 RVK • S. 445 5562 • Gsm 615 2562
Bremsuviðgerðir • Bón og þvottur • Bremsuklossar • mössun • Spindilkúlur • Stýrisenda • Rafgeyma • allar perur.
Bjóðum einnig upp á aðstöðu fyrir þig til að gera við sjálfur.
ÓDÝR OG GÓÐ ÞJÓNUSTA
OPIÐ FRÁ 10:00-22:00 ALLA DAGA

- Hjólbarðaviðgerðir
- Smurþjónusta
- Bremsur
- Demparar
- Rafgeymar
- o.fl.

HJÓLBARÐA GRAFARVOGS VERKSTÆÐI
Gylfaflöt 3
Grafarvogi
Sími 567 4468
dekk@gummisteypa.is
GENERAL HJÓLBARÐAR

SMURSTÖÐIN EHF.
„Sá smurði gengur"
Smurþjónusta og smáviðgerðir
Dalvegi 16a • 201 Kópavogi • Sími 554 3430

Allt á einum stað
BREMSUVIÐGERÐIR
BREMSUKLOSSAR
SPINDILKÚLUR
ALLAR PERUR
HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA
RAFGEYMAÞJÓNUSTA
OLÍS SMURSTÖÐ
BÓN OG ÞVOTTUR
SMUR- BÓN OG DEKKJAÞJÓNUSTA
SÆTÚNI 4 • SÍMI 562 6066

Full verslun af nýjum vörum frá Bat& Bodyworks og Victoria´s Secret!!!
B&B handsápurnar vinnsælu, Body Mist, Body Lotion; Bubble bath, Body scrub, Glossar o.mfl. Nýir ilmir: ma, Orange Safir, Berry summer Vanillas, Island Waters. Mango Temptation
WWW.Snót.is
S: 897 2902

Viðgerðarþjónusta á heitum pottum!
Gerum við flestar tegundir af heitum pottum yfir 11 ára reynsla fagmanna. Eigum öll hreinsiefni fyrir heita potta og mikið úrval af varahlutum td. dælur og hitara.
Eigum síur í flestar tegundir potta.
MV heildverslun ehf S: 897 2902 netfang: mvehf@hive.is

ÓDÝR OG SKEMMTILEG NÝJUNG
Frábær leið til að halda sér í formi.
Sími 695 3764
www.hullahringir.is

CMT ORANGE TOOLS
CMT sagarblöð og fræsitennur
Ásborg vélar og verkfæri
Smiðjuvegi 11 S 5641212

Rafstilling ehf
startarar-alternatorar-perur
viðgerðir-sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23-s: 5814991
rafstilling@rafstilling.is

BRA
BÍLASPRAUTUN OG RÉTTINGAR AUÐUNS
Nýbýlavegi 10 - Kóp. - S. 554 2510
TOYOTA-þjónusta www.bilasprautun.is

Við hjá Bori ehf erum sérfræðingar í steypusögun og kjarnaborun.
Hringdu og við gerum tilboð, þér að kostnaðarlausu.
Allar nánari upplýsingar veita:
Guðjón Þór, S: 895 9490 og Þórarinn, S: 895 9491 f.h. Bors ehf.
BOR ehf

Þjónustuauglýsingar
Alla fimmtudaga
sigrunh@365.is
arnarut@365.is

## Tilkynningar

### Úthlutanir úr IHM-sjóði

Í samræmi við reglur um ráðstöfun greiðslna frá Innheimtumiðstöð gjalda auglýsir RSÍ hér með eftir umsóknum um fjárframlög úr svonefndum IHM-sjóði Rithöfundasambandsins.

Rétt til úthlutunar eiga rithöfundar, leikskáld, þýðendur og handritshöfundar verka sem flutt hafa verið í sjónvarpi eða hljóðrituð **síðustu tvö almanaksár**. Um úthlutun geta sótt allir þeir sem telja sig eiga rétt, án tillits til félagsaðildar. Höfundum handrita fræðslu- og heimildarmynda er bent á að sækja um til Hagþenkis – félags höfunda fræðirita og kennslugagna.

**Með umsóknum fylgi yfirlit um birt verk umsækjanda í sjónvarpi eða hljóðvarpi 2008 og 2009, taka skal fram lengd flutnings í mínútum og hlutfall ef höfundar eru fleiri en einn.**

Umsóknir skulu berast Rithöfundasambandi Íslands, Gunnarshúsi, Dyngjuvegi 8, 104 Reykjavík fyrir **15. maí nk.** rsi@rsi.is

Skipulags stofnun

**Mat á umhverfisáhrifum – Ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu framkvæmdar**

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að eftirtaldar framkvæmdir skuli ekki háðar mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum. nr. 106/2000 m.s.br.

### Skálasvæði við Álftavatn í Rangárþingi ytra

### Dettifossvegur (862), breyting á tengingum að Hólmatungum og Vesturdal/Hljóðaklettum í Norðurþingi

Ákvarðanirnar liggja frammi hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, 150 Reykjavík. Þær er einnig að finna á heimasíðu Skipulagsstofnunar: **www.skipulag.is**.

Ákvarðanir Skipulagsstofnunar má kæra til umhverfisráðherra og er kærufrestur til **28. maí 2010**.

## Atvinna

AUSTUR STEIKHÚS
AUSTURSTRÆTI 7 - 101 REYKJAVÍK

**Langar þig til að vinna á líflegum og skemmtilegum vinnustað?**

Óskum eftir lærðum eða mjög góðum þjónum. Vinsamlegast sendið umsókn á austur1907@gmail.com eða hafið samband í s. 699 3040 Óli Már.

**TÓNLISTARSKÓLINN Í REYKJAVÍK**



**Innritun stendur yfir**
**SJÁ TONO.IS**

## Fasteignir

ATVINNUHÚS EHF

### 1000 fm. atvinnuhúsnæði óskast

Höfum kaupanda að 1000-1200 fm. framleiðslu- og lagerhúsnæði. Helst á einu gólfi með góðri lofthæð. Helst á svæði 110 eða nágrenni.

Atvinnuhús ehf • Atli Vagnsson hdl., lögg. fasteignasali
Hverfisgata 4 • 101 Reykjavík • Sími: 561 4433 / 698 4611
atli@atvinnuhus.is

## Fasteignir

ÞINGHOLT

*Jónas Örn Jónasson hdl og löggiltur fasteignasali.*






| Ísak | Jónas | Sigurður | Svava |
|---|---|---|---|
| S: 8225588 | S: 7708200 | S: 6168880 | S: 8983023 |



**Ljárskógar - Einbýli**
Vorum að fá í sölu þetta fallega einbýlishús á tveimur hæðum ásamt tvöföldum bílskúr. Búið er að endurnýja m.a. eldhús, hurðir, skápa, gólfefni o.fl. 6 svefnherbergi.



**Grófarsmári - Kópavogi**
Erum með stórglæsilegt 257,5 fm parhús með bílskúr á glæsilegum útsýnisstað í Kópavoginum. Á neðri hæðinni er búið að útbúa um 50 fm sér íbúð. Húsið er staðsett í lokuðum botnlanga.



**Bjarkarás - Garðabæ**
Stórglæsileg 136 fm séríbúð/hæð í tveggja hæða húsi á góðum stað Íbúðin er fullbúin með glæsilegum innréttingum og tækjum. Verð tilboð, eign í sérflokki.



**Funalind - Kópavogi**
Falleg og rúmgóð 3ja herbergja íbúð á 3 hæð í glæsilegu fjölbýlishúsi. Stutt í skóla, verslanir og þjónustu. V 23,9m



**Hlíðasmári - Til leigu**
í þessu glæsilega húsi ýmsar stærðir af skrifstofuhúsnæði, ný og glæsileg eign. Gott útsýni, næg bílastæði. Uppl. gefur Ísak 8225588



**Breiðhella - 5m lofthæð**
Í einkasölu glæsilegt 125 fm iðnaðarbil í Hafnarfirði með 5m. lofthæð, hurð 4x4,2 m. Tilboð óskast. Uppl. Ísak 822-5588

**VILTU STÆRRI EIGN? – VILTU MINNI EIGN?**

**DÆMI UM SKIPTI EIGNIR**

- **Barðastaðir** verð 53,9 millj. Penthouse vilja skipti á ódýrari eign.
- **Einbýlishús í Kaupmannahöfn,** skipti á eign á Íslandi.
- **Fífusel** 2ja verð 10 m.m - skipti á sumarhúsi, íbúð á suðurlandi.
- **Nóatún** 3ja herb. ,skipti á stærri eign í póst númeri 104 og 105
- **Háaleitisbraut** stór íbúð m/bílskúr v. 27 skipti á parhúsi á Selfossi
- **Flyðrugrandi** 3ja herb. Skipti á stærri í vesturbæ.
- **Álftanes einbýli** – vill skipta á parhúsi á Selfossi
- **Raðhús á Spáni,** skipti á eign á Íslandi. ( eignarhlutur 12m )
- **Einbýli Grindavík** ( Eignarhlutur 4 m ) - skipti á bíl eða sumarhúsi
- **Einbýlishús** 82 fm á Stöðvarfirði – öll skipti skoðuð.
- **Parhús í Orlando** – skipti á eign á Íslandi. ( eignahlutur 15 m )
- **Einbýli Borgarnesi** verð 34,9 – Vill skipta á íbúð á Reykjavíkursvæðinu

**Hafðu samband við Sigurð S 6168880 eða Ísak S 8225588**

**Sími 512-3600 Fax 512-3601 www.tingholt.is - Skipholt 15 Reykjavík**

## Atvinna

# Eru markaðs- og kynningarmál þínar ær og kýr?

**365 MIÐLAR LEITA AÐ ÖFLUGUM KYNNINGARSTJÓRA Á SVIÐI MARKAÐSMÁLA.**

Starfið felst í að halda utan um kynningar- og markaðsmál fyrir Fréttablaðið og visir.is.

Nauðsynlegt er að umsækjendur hafi viðeigandi menntun og/eða hafi starfað við kynningar- og markaðsmál eða í fjölmiðlum.
Viðkomandi þarf að vera skipulagður, skapandi, úrræðagóður, vinnusamur, samstarfsfús, heiðarlegur og ábyrgur. Hér er um krefjandi og skemmtilegt framtíðarstarf að ræða á líflegum og opnum vinnustað.

**Umsóknarfrestur er til 7. maí.**
**Frekari upplýsingar veitir Einar Bjarnason, framkvæmdastjóri markaðssviðs einar.bjarnason@365.is.**
**Sótt er um á vef 365 miðla – http://365midlar.is/storf-hja-365**



365




VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR: 2 2+ 2 BÍÓ 2 BÍÓ+ 2 EXTRA 2 EXTRA+ AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR. 515 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

LEIKARINN DANIEL DAY-LEWIS
ER 53 ÁRA Í DAG



*„Ég á í einkennilegu sambandi við tímann. Það fer fram hjá mér að hann líður, en samt finnst mér ég aldrei sóa honum til einskis. Mér er bara fyrirmunað að skilja hvernig hann líður.“*

***Daniel Day-Lewis sló í gegn fyrir leik í Óbærilegum léttleika tilverunnar árið 1988. Hann hefur fengið Óskarsverðlaun fyrir My Left Foot og There Will Be Blood.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST** 29. APRÍL 1968

## Söngleikurinn Hárið frumsýndur




Söngleikurinn Hárið var frumsýndur í Biltmore-leikhúsinu á Broadway í New York fyrir 42 árum. Söngleikurinn fjallar um hóp hippa sem lifa og hrærast í umróti kynlífsbyltingar sjöunda áratugarins og umdeilds stríðsreksturs Bandaríkjanna, en margar af lagasmíðum Hársins urðu einmitt baráttusöngvar andstæðinga Víetnamstríðsins.

Hárið olli miklu fjaðrafoki enda komu við sögu ólögleg fíkniefni, frjálsar ástir og óvirðing við bandaríska fánann, ásamt óvanalegum nektarsenum. Tónlistin braut blað í sögu söngleikja; rokk hélt innreið sína í leikhúsið, leikaralið var af mörgum kynþáttum og áhorfendum boðið að koma á svið í lokaatriðinu.

Hárið segir sögu Claudes og vina hans sem allir eru síðhærðir, lifa bóhemlífi í New York og eru hatrammir andstæðingar Víetnamstríðsins. Vinirnir keppast við að koma jafnvægi á lífsstrit sitt og ástarlíf meðan kynslóðin á undan er fordómafull, siðavönd og hlutlaus.

Hárið var sýnt 1.750 sinnum á Broadway og annað eins fylgdi í kjölfarið í öðrum borgum Bandaríkjanna, sem og Evrópu, ekki síst í Lundúnum þar sem söngleikurinn var sýndur 1.997 sinnum. Allar götur síðan hefur Hárið verið sett á svið um allan heim með tilheyrandi endurgerð tónlistarinnar sem rokið hefur aftur og aftur í toppsæti vinsældalista. Kvikmyndin Hair, byggð á söngleiknum, var frumsýnd 1979. Hún nýtur enn vinsælda og er enn talin eiga fullt erindi við mannfólkið.

### MERKISATBURÐIR

1106 Jón Ögmundsson vígður fyrsti Hólabiskupinn.
1899 Kristilegt félag ungra kvenna, KFUK, stofnað.
1930 Símasamband kemst á milli Englands og Ástralíu.
1967 Brandur, breskur landhelgisbrjótur, strýkur úr Reykjavíkurhöfn með tvo íslenska lögregluþjóna um borð.
1986 800.000 bækur brenna þegar eldur brýst út í borgarbókasafni Los Angeles.
1991 Króatía lýsir yfir sjálfstæði.
1992 Óeirðir brjótast út í Los Angeles eftir að lögregla gengur í skrokk á blökkumanninum Rodney King.



**EYJAFJALLAJÖKULL** Gos séð frá Hellisheiði og Hellu.

## Gosin söguleg

Eldgosin að undanförnu hafa á ýmsan hátt verið söguleg og borið nafn Íslands út um víða veröld á óvæntan hátt, þótt þau hafi ekki verið stór.

Haraldur Sigurðsson jarðfræðingur mun halda erindi um þau á morgun á vegum Vísindafélags Íslands. Þar mun hann fjalla um hegðun eldkeilnanna í gosunum tveimur því andesítkvikan sem berst upp í sprengigosinu í Eyjafjallajökli er á margan hátt frábrugðin basalt-kvikunni sem kom upp í hraungosinu á Fimmvörðuhálsi. Hann mun líka útskýra myndun öskunnar í Eyjafjallajökli og óvenju mikla útbreiðslu öskuskýja til meginlands Evrópu.

Haraldur er prófessor emeritus í jarðfræði við Rhode Island-háskóla og einn þekktasti og virtasti jarðvísindamaður þjóðarinnar. Fyrirlestur hans verður í sal 132 í Öskju, Náttúrufræðihúsi Háskóla Íslands og hefst klukkan 20 á morgun. Aðgangur er ókeypis og öllum heimill. **- gun**

## Leiðsögn í Gerðubergi

Ástríðulist er samsýning fjölmargra lærðra og leikinna listamanna sem stendur yfir í Gerðubergi en listamennirnir eiga það sameiginlegt að nálgast listina af einlægni og ástríðu.

Verkin koma víða að, eða frá Safnasafninu á Svalbarðsströnd, Listasafni Akureyrar, Listasafni Reykjavíkur, Hafnarborg Sólheimum, úr einkaeigu og frá listamönnunum sjálfum. Verkin eru afar fjölbreytt og má nefna veggverk, skúlptúra, textílverk og innsetningar. Á sýningunni er lögð áhersla á fjölbreytni, sköpunargleði, frelsi og frumlega sýn á lífið og listina og mætti skilgreina verkin sem alþýðulist (folk art), utangarðslist (outsiders art), bernska list (naive art) og samtímalist (contemporary art).

Við val á verkum höfðu sýningarstjórarnir Þorbjörg Br. Gunnarsdóttir og Þórunn Elísabet Sveinsdóttir það að leiðarljósi að þau endurspegluðu umfram allt sköpunarþörf, kraft, gleði og persónulega nálgun á viðfangsefninu. Þær munu leiða gesti um sýninguna sunnudaginn 2. maí klukkan 14 en henni lýkur viku síðar. **- ve**



**SKÖPUNARGLEÐI** Sýningarstjórar bjóða upp á leiðsögn um sýninguna klukkan 14 á sunnudag.



**HÆFILEIKARÍK** Elín Arna Aspelund er upprennandi söngstjarna á sviði óperunnar og leikur sjálfa Carmen fyrir opnu húsi í Salnum í Kópavogi í kvöld.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

SÖNGKONAN ELÍN ARNA ASPELUND: SYNGUR OG LEIKUR CARMEN Í KVÖLD

## Carmen hörð í horn að taka

„Það er mikið mál að túlka Carmen og hún er hörð í horn að taka. Hún er með eindæmum skapstór og hef ég þurft að kafa ansi djúpt til að finna viðlíka skapsmuni í sjálfri mér. En þótt við Carmen séum ákaflega ólíkar er vissulega ævintýri að feta í hennar spor,“ segir söngkonan og læknaneminn Elín Arna Aspelund, sem í kvöld og næstkomandi sunnudagskvöld kemur fram sem Carmen í samnefndri óperu eftir Georges Bizet í Salnum.

Óperan er sú nafntogaðasta í veröldinni en hún var fordæmd eftir frumsýningu í Opéra-Comique leikhúsinu í París 1875. Þremur mánuðum síðar var Bizet allur og naut ekki þeirrar alþjóðlegu frægðar sem hann öðlaðist eftir að Carmen var aftur sett á svið í Vín fjórum mánuðum eftir dauða hans.

„Líkt og Bizet kom aldrei til Spánar, þrátt fyrir að hafa tekist jafn vel upp að tónmála þjóðlegar spænskar hefðir og tíðarhætti, hef ég aldrei komið til Spánar, en þeim mun meira krefjandi og gaman er að setja sig inn í og túlka sögusvið Carmenar í Sevilla,“ segir Elín Arna sem hóf ung nám í píanóleik við Suzuki-skólann en söðlaði yfir í söngnám þegar kórsöknunglingsáranna kveikti söngáhuga hennar fyrir alvöru.

„Ég er nú á lokastigi söngnámsins, en svo býðst háskólanám að því loknu. Söngur er mitt hjartans mál því í honum felst mikil upplifun og góð útrás fyrir andann. Á söngæfingum kúplar maður sig líka frá öllu álagi og öðlast hvíld og endurnæringu í staðinn.“

Í Salnum munu nemendur söngdeildar Tónlistarskóla Kópavogs flytja óperuna Carmen, en leik- og tónlistarstjórn er í höndum Önnu Júlíönu Sveinsdóttur, söngkennara skólans, og Krystynu Cortes, píanóleikara skólans.

„Bæði nemendur og kennarar hafa æft óperuna stíft í allan vetur og söngnemar í sýningunni eru á öllum stigum en það kemur vægast sagt vel út. Ég er með þeim lengra komnu í söngnáminu og virkilega upp með mér að vera valin í hlutverk Carmenar, en þetta hefur verið strembinn skóli og tekið á undir lokin, ekki síst leiktúlkunin sem ég hef þurft að leggja mesta vinnu í. Þegar upp er staðið er óperan skemmtileg, sagan og aríurnar dásamlegar, en óneitanlega flókið hlutverk að fást við,“ segir Elín Arna sem legið hefur yfir eldri útfærslum af Carmen um leið og hún hefur leitað að eigin túlkun á henni og skoðað hvernig henni finnst Carmen eiga að vera. „Carmen mun því eflaust verða ný og breytt í minni túlkun, en hún er svo sterkur persónuleiki að hún þekkist alltaf sem einmitt hún sjálf.“

Meðfram söngnáminu er Elín Arna á þriðja ári í læknisfræði við Háskóla Íslands. Einnig stundar hún salsadans af kappi, en dans hefur verið hluti af lífi hennar frá því hún dansaði barnung á ballettskóm.

„Dagurinn er vissulega annasamur á stundum, en með góðu púsli og skipulagi hefst þetta. Námið er þungt og tímafrekt en ég gef mér alltaf tíma í söng og dans, því maður hefur gott af því að sinna áhugamálum líka. Draumurinn er svo að geta bæði starfað sem læknir og söngkona í framtíðinni, því mig langar að komast eins langt og ég get í söngnum líka og gaman að geta samtvinnað það sem ég hef mesta ánægju af í lífinu.“

Tónleikarnir hefjast klukkan 20 í kvöld og á sunnudagskvöldið 2. maí. Aðgangur er ókeypis á meðan húsrúm leyfir. **thordis@frettabladid.is**




†

*Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð, vináttu og hlýhug við andlát og útför okkar ástkæra*

**Björns Ragnarssonar**

frá Garðakoti, húsvarðar, Miðleiti 5-7, Reykjavík,

og heiðruðu minningu hans.

**Jóna Bergsdóttir**
**Oddný Egilsdóttir**
**börn, tengdabörn og barnabörn.**


## Alþjóðlegur hláturdagur á sunnudag

Hláturkætiklúbburinn mun standa fyrir hláturgöngu í Laugardalnum á sunnudaginn í tilefni af árlegum alþjóðlegum hláturdegi. Farið verður frá gömlu þvottalaugunum klukkan 13 og gengið um dalinn. Á leiðinni verður sungið og farið í hláturæfingar. Öllum er velkomið að taka þátt í gleðinni.

Alþjóðlegi hláturdagurinn er ávallt haldinn hátíðlegur fyrsta sunnudaginn í maí. Hláturjóga snýst um að efla góða heilsu, gleði og alheimsfirð með því að hlæja saman. Í tilkynningu frá Hláturkætiklúbbnum segir að hlátur sé aðeins til bóta ef hann er með stuðningi og þegar hlegið sé í að minnsta kosti tíu til fimmtán mínútur. Óvenjulegt sé að hlæja svo lengi í daglegu lífi en auðvelt með tækni hláturjóga.

Þar er einnig tekið fram að í Bangalore á Indlandi verði brátt sett á stofn fyrsta alþjóðlega háskólasetrið í hláturjóga.

Nánari upplýsingar um hláturjógadaginn má nálgast á www.worldlaughterday.org



**HLÁTURINN LENGIR LÍFIÐ** Ásta Valdimarsdóttir hláturjógakennari leiðir hópinn um Laugardal.

# Úrslit í hönnunarsamkeppni

Úrslit í hönnunarsamkeppni í anda Ásmundar verða kunngerð í Ásmundarsafni á morgun klukkan 17. Dóttir listamannsins, Ásdís Ásmundsdóttir, mun afhenda fyrstu verðlaun að upphæð 500 þúsund krónur en fimmtán bestu hugmyndirnar í samkeppninni verða til sýnis í safninu.

Alls bárust 68 tillögur í hönnunarsamkeppninni um Ásmund Sveinsson en að henni standa verslunin Kraum, Listasafn Reykjavíkur og Hönnunarmiðstöð Íslands. Óskað var eftir tillögum að nytjahlut sem endurspegla skyldi hugarheim og verk myndhöggvarans.

Fyrir utan peningaverðlaun verður hlutur verðlaunahafans seldur í verslunum Kraums í Aðalstræti og á Kjarvalsstöðum og í safnverslunum Listasafns Reykjavíkur í Hafnarhúsi og Ásmundarsafni. Einnig má gera ráð fyrir því að fleiri munir sem bárust í samkeppnina verði valdir til sölu á næstu mánuðum.

Að mati dómnefndar fela þær fimmtán hugmyndir sem sýndar verða í Ásmundarsafni allar í sér skemmtilegar og raunhæfar hugmyndir að vöru með vísun í form- og hugarheim Ásmundar Sveinssonar.



**ÁSMUNDUR SVEINSSON** Sýndar verða fimmtán bestu hugmyndirnar í Ásmundarsafni.

Á morgun verður einnig opnuð sýningin Ég kýs blómlegar konur… konur í verkum Ásmundar Sveinssonar, þar sem sjónum er beint að konum og kvenímyndinni í verkum Ásmundar. Þá hefur hluti af vinnustofu Ásmundar verið endurgerður, sem gerir gestum kleift að skyggnast inn í líf og starf myndhöggvarans.



**TVENNIR TÓNLEIKAR** Glymur og Dropinn eru færeyskir kórar sem flytja lög í Norræna húsinu.

# Færeyskur kórsöngur

Tveir færeyskir kórar eru á leiðinni til landsins í smá heimsókn og munu troða upp í Norræna húsinu um helgina, laugardaginn 1. maí og sunnudaginn 2. maí.

Þetta eru kórarnir Glymur, sem kemur fram á fyrri tónleikunum og Dropinn sem flytur lög á þeim seinni. Á tónleikadagskránni eru bæði gamlir og nýir færeyskir söngvar og ókeypis er inn á laugardagstónleikana sem hefjast klukkan 18. Glymur mun brýna rokkaða tóna á sunnudaginn þegar tónleikarnir verða með rokkívafi og þeir tónleikar hefjast klukkan 15. **- jma**

---



**Kristín Ísleifsdóttir,**
Kleppsvegi 62, áður Álftamýri 53, Reykjavík,

sem lést á líknardeild Landspítala, Landakoti 23. apríl, verður jarðsungin frá Háteigskirkju föstudaginn 30. apríl kl. 15.00.

**Guðjón Tómasson**
**Kristmann Grétar Óskarsson** — **Bergljót Hermundsdóttir**
**Sigríður Guðjónsdóttir** — **Jón Ingvarsson**
**Ingibjörg Guðjónsdóttir**
**Guðjón Axel Guðjónsson** — **Katrín Björk Eyvindsdóttir**
**Kristín Laufey Guðjónsdóttir** — **Óðinn Jónasson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Okkar innilegustu þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa, langafa og langalangafa,*

**Einars Siggeirssonar,**
Hörpulundi 5, Garðabæ.

**María Theódóra Jónsdóttir**
**Birgir Ævar Einarsson** — **Kristín Guðmundsdóttir**
**Elínborg Einarsdóttir** — **Karl Hallgrímsson**
**Matthías Einarsson** — **Aðalheiður Magnúsdóttir**
**Guðmundur Einarsson**
**Hrefna Einarsdóttir**
**Jón Dan Einarsson** — **Ásta Hrönn Stefánsdóttir**
**Einar Einarsson** — **Hildur Pálsdóttir**
**Friðrik Einarsson** — **Kristín S. Ingimarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Ástkær systir okkar,*

**Sigrún Alexandersdóttir,**
Gnoðavogi 38, Reykjavík,

lést mánudaginn 19. apríl. Hún verður jarðsungin frá Langholtskirkju föstudaginn 30. apríl kl. 13.00.

**Kristinn Reynholt Alexandersson**
**Árni Alexandersson**
**Heiðar Alexandersson**
**Þorsteinn Jóhannsson**
**Lísa Birgisdóttir** — **Harri Hákonarson**

---



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Þórdís Aðalbjörg Þorvarðardóttir**
Digranesheiði 35, Kópavogi,

lést á hjúkrunarheimilinu Sólvangi í Hafnarfirði, laugardaginn 17. apríl. sl. Útförin fer fram frá Kópavogskirkju föstudaginn 30. apríl kl. 15.00.

**Þorgeir Þorbjörnsson** — **Erla Vigdís Kristinsdóttir**
**Sigurgeir Þorbjörnsson** — **Hlín Gunnarsdóttir**
**Jón Baldur Þorbjörnsson** — **Auðbjörg Bergsveinsdóttir**
**Þorvarður Ingi Þorbjörnsson**
**Arinbjörn Þorbjörnsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Guðlaug Bergmann Júlíusdóttir,**
Reykjanesvegi 12, Njarðvík,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, fimmtudaginn 22. apríl. Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju, föstudaginn 30. apríl kl. 13.00.

**Valgeir Ólafur Helgason**
**Júlíus H. Valgeirsson** — **Ásgerður Þorgeirsdóttir**
**Guðrún Bergmann Valgeirsdóttir** — **Sigfús R. Eysteinsson**
**Jóhanna Valgeirsdóttir** — **Leifur Gunnlaugsson**
**Erla Valgeirsdóttir** — **Guðni Grétarsson**
**Einar Valgeirsson** — **Unnur M. Magnadóttir**
**Susan Anna Wilson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Ástkær eiginmaður minn og faðir,*

**Jón Eyjólfsson,**
Dvalarheimilinu Höfða, Akranesi,

lést á Dvalarheimilinu Höfða þriðjudaginn 27. apríl. Útför hans fer fram frá Akraneskirkju þriðjudaginn 4. maí kl. 14.00. Þeim sem vildu minnast hans er bent á Dvalarheimilið Höfða, Akranesi.

**Svava Gunnarsdóttir**
**Gunnar Jónsson**

---



*Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Ásdís Andrésdóttir Arnalds,**
Kleppsvegi 4, Reykjavík,

andaðist sunnudaginn 25. apríl. Útför hennar verður gerð frá Áskirkju mánudaginn 3. maí kl. 15.00.

**Sigurður St. Arnalds** — **Sigríður María Sigurðardóttir**
**Andrés Arnalds** — **Guðrún Pálmadóttir**
**Sigrún Jóhannsdóttir**
**Ólafur Arnalds** — **Ása Lovísa Aradóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Okkar innilegustu þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og vinarhug við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,*

**Viðars Gestssonar**
pípulagningameistara,

og heiðruðu minningu hans. Sérstakar þakkir færum við starfsfólki blóðlækningadeildar 11G á Landspítalanum fyrir einstaka alúð og umönnun.

**Halldóra Jóna Karlsdóttir**
**Valdís Viðarsdóttir**
**Gyða Viðarsdóttir** — **Jón Magnús Jónsson**
**Íris Björk Viðarsdóttir** — **Jóhann Friðgeir Valdimarsson**
**afabörn og langafabörn.**

---



*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og sonur,*

**Sigtryggur Jónsson,**

andaðist sunnudaginn 25. apríl. Útför hans fer fram í Brewster, New York, laugardaginn 1. maí.

**Lína Margrét Þórðardóttir**
**Kristín Sigtryggsdóttir** — **Ragnheiður Sigtryggsdóttir**
**Þórður Sigtryggsson** — **Tara Flynn Kai Alexander**
**Magnús Finn** — **Kristín Sigtryggsdóttir**

---



*Ástkær móðir mín og tengdamóðir,*

**Úrsúla María Valtýsdóttir,**
Hringbraut 50, Grund,

lést föstudaginn 9. mars. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Valtýr Einarsson** — **Helga Engilbertsdóttir**

---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is**.






# Laus sæti og staðfast fólk

**BAKÞANKAR**
**Páls Baldvins Baldvinssonar**



Rosalega sem það er erfitt að standa upp úr sætinu. Það er allt suðandi í kringum mann, endalaust kvabb.
-Ha! 27 milljónir? Voru þær svona margar!
-Veistu ég bara veit ekkert um þetta, það voru aðrir sem sáu um það.

**AF HVERJU** það kostaði svona mikið að koma mér í embætti alþingismanns? Þetta er bara svo dýrt. Það er svo dýrt að hafa fólk í vinnu við að hringja í heilan flokk og svo verður að gefa því að borða. Ég… Við náðum víst góðum díl við vin minn – okkar – sem á veitingastað. Lét ég hringja í allan flokkinn? Veistu hvað eru margir í honum? Nei, nei, ég – við hringdum bara í þá sem eru í kjördæminu – eða flesta. Eins marga og hringingarfólkið komst yfir. Þetta er kvöld- og helgarvinna.

**EN ANNARS** veit ég ekkert um þetta. Það voru aðrir sem sáu um það. Styrktarfélag mitt. Jú, það ber mitt nafn. Er gaman að hafa félag um sjálfan sig? Jú, jú, þetta eru nú bara vinir mínir. Ég á marga vini. Hver ber ábyrgð á þeim rekstri? Ég get ekki svarað því. Veit ég ekki hver það var? Er ég búinn að gleyma því líka? Nei, ég er ekki svo gleyminn. Nei, ég gleymi ekki vinum mínum.

**VERÐ** ég að borga til baka? það vona ég ekki. Styrktaraðilar mínir, ég meina félagsins, geta ekki ætlast til þess. Það væri fáránlegt. Hafa þeir hringt í mig? Af hverju spyrðu að því? Æ sér gjöf til gjalda – er það einhver málsháttur? Ég skil ekki svona fornmál. Greiði á móti greiða? Heldurðu að þetta sé eitthvað mafíusamfélag? Hér er allt gegnsætt og á að vera það. Ég er alveg búinn að gera grein fyrir mínu máli.

**TALAÐU** frekar við einhvern af hinum sem fengu minna. Það hlýtur að vera einfaldara að gera grein fyrir því bókhaldi – það er allt minna. Fékk ég eitthvað af þessu sjálfur? Ertu vitlaus? Ég að svíkja undan skatti. Það væri nú ósvífið af þingmanni. Annars skil ég ekki hvað þú ert að pönkast í mér. Talaðu frekar við eitthvað af Samfylkingarfólkinu – það fann upp á þessu.“

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# Mosaeyðing

**Svona gerum við gegn mosa.**

Notum mosaeyði eða:

1. Tætum, rökum eða klórum mosann í grasflötinni.
2. Berum grasáburð á grasflötina.
3. Berum kalkáburð á grasflötina.
4. Sáum grasfræi í sárin.
5. Gott að blanda grasfræi saman við úrvals gróðurmold áður en sáð er.
6. Græn og falleg grasflöt eftir 2-3 vikur.





**Laufhrífur** frá **999**

**Hrífur** frá **1.299**

**Grasfræ** 1 kg garðablanda tilboð **1.299**

vnr.10205053

**Turbokalk** 12.5 kg tilboð **1.599**

**Garðakalk** 12.5 kg tilboð **1.499**

vnr.10220784
vnr.10221525

**Graskorn** 5 kg poki tilboð **1.099**

vnr.5087660

**Mosaeyðir** 5 kg fata tilboð **3.499**

vnr.10205047

# STRÍÐ GEGN MOSA

## Nú er rétti tíminn



100 sm, stórir og flottir **Sýpris** **999**

**Hortensía** **1.990**

5stk **Liljur** **1.990**



illgresiseyðir **Casoron** **2.949**

vnr. 5087770

blómaval
*heillandi heimur*

Skútuvogur - Grafarholt - Dalvík - Akureyri
Egilsstaðir - Selfoss - Reykjanesbær - Akranes

**Ath. kl. 21 í kvöld í Múlanum**

*Þar kemur fram kvartettinn Þel. Hljómsveitarstjórn er í höndum trommuleikarans Kára Árnasonar. Kvartettinn Þel rekur minni gamals tíma er hann leikur íslenskar vísur úr Vísnabókinni og önnur þjóðlög, í nýjum útsetningum. Ásamt Kára koma fram Andrés Þór Gunnlaugsson gítarleikari, Agnar Már Magnússon sem leikur á Rhodes-píanó og bassaleikarinn Þorgrímur Jónsson. Tónleikar Múlans eru í Jazzkjallaranum á Café Cultura, Hverfisgötu 18.*

# menning

menning@frettabladid.is

## 39 þrep suður um heiðar

Sökum gríðarlegrar eftirspurnar hefur Leikfélag Akureyrar ákveðið að sýna enska gamanleikinn 39 þrep í Íslensku óperunni í maí. Uppselt var á nær fimmtíu sýningar fyrir norðan og gagnrýnendur á einu máli: „Stórkostleg sýning". Í þessum óborganlega gamanleik fara fjórir leikarar á kostum í hundrað þrjátíu og níu hlutverkum: þau Atli Þór Albertsson, Björn Ingi Hilmarsson, Jóhann G. Jóhannsson og Þrúður Vilhjálmsdóttir. Leikmynd hannaði Finnur Arnar Arnarson og búninga Rannveig Eva Karlsdóttir. Halldór Örn Óskarsson hannaði lýsingu og Gunnar Sigurbjörnsson hljóðmynd. Leikstjóri sýningarinnar er María Sigurðardóttir en hún sló eftirminnilega í gegn með sýningunum Sex í sveit sællar minningar og Fló á skinni sem nutu mikilla vinsælda. Sýningarfjöldi sunnan heiða er takmarkaður. Miðasala er hafin á midi.is og opera.is.



**LEIKLIST** Úr sýningunni sem byggist á skjótum fataskiptum og fjölbreyttu úrvali af þeim karakterum sem á sviðið stíga á andartaki. MYND/SKAPTI HALLGRÍMSSON

**> Ekki missa af**

tónleikum Mannakorna í Háskólabíói en uppselt er á báða tónleikana með Mannakornum sem fara fram laugardaginn 15. maí í Háskólabíói, en nú eru ósóttar pantanir til sölu. Ekki er von á að efnisskráin verði flutt aftur en hver veit nema talið verði í fleiri tónleika með þessu uppleggi. Því nóg er eftirspurnin.


## METSÖLULISTI EYMUNDSSON

SAMKVÆMT BÓKSÖLU Í EYMUNDSSON UM LAND ALLT

21.04.10 - 27.04.10



**1** Rannsóknarskýrsla Alþingis
Rannsóknarnefnd Alþingis




**2** Nemesis - kilja
Jo Nesbø




**3** Hafmeyjan - kilja
Camilla Läckberg




**4** Maxímús Músíkús trítlar í tónlistarskólann




**5** Góða nótt, yndið mitt - kilja
Dorothy Koomson




**6** Hvorki meira né minna - Fanney R. Elínardóttir/María Elínardóttir




**7** Fyrirsætumorðin - kilja
James Pattersson



**8** Sítrónur og saffran - kilja
Kajsa Ingemarsson




**9** Vetrarblóð - kilja
Mons Kallentoft



**10** Aðþrengd í Odessu - kilja
Janet Skeslien Charles

Eymundsson.is

Eymundsson
Bóksali frá 1872


# List án landamæra blífur

**Hátíðin List án landamæra er sett í Ráðhúsi Reykjavíkur í dag kl. 17. Er hún nú haldin í sjöunda sinn en yfir fimmtíu viðburðir eru á dagskránni víða um land á næstu vikum, flestir á höfuðborgarsvæðinu eins og áður, en einnig í Borgarnesi, á Ísafirði, Akureyri, Húsavík, Egilsstöðum, í Vestmannaeyjum, á Selfossi og á Suðurnesjum.**



**MENNING** Verk eftir Kristin Þór Elíasson prýðir forsíðu bæklings hátíðarinnar í ár en þetta er í sjöunda sinn sem hún er haldin. MYND/KRISTINN ÞÓR ELÍASSON

Fjölmörg atriði verða á opnuninni í dag: tónlist, upplestur og gjörningar. Katrín Jakobsdóttir setur hátíðina. Leikkonurnar Ólafía Hrönn Jónsdóttir og Sigrid Husjord munu sjá um kynninguna en Sigrid er norsk og flaug hingað af tilefninu. Þegar dagskránni er lokið verður stór samsýning opnuð í Austursal Ráðhússins. Þar mun fjölmargt ólíkt myndlistarfólk sýna, en sýningin mun standa til 9. maí. Stórt veggverk, samvinnuverkefni allra á Lækjarási, verður til sýnis. Verkið byggir á ljóði eins úr hópnum, Auðuns Gestssonar, og fjallar um náttúruna og gróðurinn í kringum Lækjarás, með samlíkingu milli vaxtar gróðursins og Lækjaráss og margbreytileika fólksins sem staðinn sækir. Stór hópur frá Gylfaflöt mun taka þátt. Þau munu sýna 10 fótaskemla í tilefni 10 ára afmælis Gylfaflatar.

Á dagskránni fram undan á höfuðborgarsvæðinu má nefna opnun samstarfssýningar Elínar Önnu Þórisdóttur og Kristins Þórs Elíassonar á Mokka í dag kl. 15. Á meðal annarra viðburða sem fram undan eru mætti nefna myndlistarsýningu á Kaffi Rót á föstudag, Geðveikt kaffihús og handverksmarkað í Hinu húsinu á laugardag og hönnunarsýningu í Norræna húsinu á sunnudag. Fram undan á Suðurnesjum má nefna dagskrá í Garði á morgun undir yfirskriftinni „Fuglarnir í Garðinum" sem mun standa til 30. maí, en þar verður spunnið sameiginlegt listaverk um allan Garðinn á tímabilinu. Á hátíðisdegi verkalýðsins á laugardag er opnun sýningar Safnasafnsins á Svalbarðsströnd í tilefni af 80 ára afmæli Sólheima í Grímsnesi. Listahópurinn Geðlist frá Akureyri mun afhjúpa skúlptúr á bílastæði Safnasafnsins sama dag. Á Egilsstöðum verður hátíðardagskrá í Sláturhúsinu og í Reykjanesbæ opnar ljósmyndasýning í Göngugötunni Kjarna. Í Borgarnesi opnuðu Alþýðulistamenn sýningu um síðustu helgi, en hún mun standa í Gallerí Brák til 9. maí.

Dagskrárbækling listahátíðarinnar er hægt að sjá á Netinu: listanlandamaera.blog.is. Hægt verður að nálgast prentuð eintök í Ráðhúsinu í dag og á öllum viðburðum hátíðarinnar.

# Rússagull í bland

Klassík í hádeginu er vönduð tónleikaröð sem býður gestum upp á fjölbreytta dagskrá tónlistar í Gerðubergi. Hverjum tónleikum er fylgt úr hlaði með kynningum flytjenda með því markmiði að veita áheyrendum innsýn inn í heim klassískrar tónlistar.

Á morgun kl. 12.15 verða söngvararnir Gissur Páll Gissurarson tenór og Nathalía Druzin Halldórsdóttir messósópran með tónleika þar og eru aríur, ljóð og rússnesk sönglög á efnisskránni eftir stóran hóp tónskálda Rússa í bland við áberandi lagasmiði Evrópu vestanverðrar. Undirleik annast Nína Margrét Grímsdóttir en hún er listrænn stjórnandi tónleikaraðarinnar. Efnisskráin er svo endurtekin á sunnudaginn 2. maí kl. 13.15.



**TÓNLIST** Nathalía Druzin Halldórsdóttir messósópran.

Gissur Páll Gissurarson tenórsöngvari þreytti frumraun sína í hlutverki í Oliver Twist ellefu ára. Frá 1997 stundaði hann nám í Söngskólanum í Reykjavík. Hann hóf nám við Conservatorio G.B Martini í Bologna árið 2001 og sótti síðan tíma hjá Kristjáni Jóhannssyni. Fyrsta óperuhlutverk Gissurar var í Il Trovatore í Ravenna. Veturinn 2004 tók hann þátt í Così fan tutte, undir stjórn Claudio Abbado. Sumarið 2005 söng Gissur Páll Danilo í Kátu ekkjunni. Árið 2007 söng Gissur í Rakaranum í Sevilla Werther eftir Massenet og Les Mammelles de Tiresiase eftir Poulenc.

Á síðasta ári söng Gissur Páll hlutverk Nemorino í uppsetningu Íslensku óperunnar á Ástardrykknum og Sálumessu Mozarts undir stjórn Hákons Leifssonar.

Nathalía Druzin Halldórsdóttir hóf tónlistarnám ung að aldri í Tónlistarskóla Kópavogs. Á háskólaárum sínum fór hún að sækja söngtíma og eiginlegt söngnám hóf hún í Pétursborg í Rússlandi þar sem hún dvaldi sem nemandi. Árið 2003 hóf Nathalía nám við Nýja Tónlistarskólann hjá Alinu Dubik. Á liðnu ári hélt hún einsöngstónleika í Laugarneskirkju, flutti dagskrá tileinkaða skáldkonunni Höllu Eyjólfsdóttur í Gerðubergi og stóð fyrir tónleikum í Salnum undir yfirskriftinni Sjö söngkonur.

Þetta eru lokatónleikarnir í röðinni Klassík í hádeginu á þessu starfsári. Að þessu sinni verða tónleikarnir um 45 mínútur án hlés.

Gert er ráð fyrir að tónleikagestir hafi möguleika á að kaupa sér hádegissnarl fyrir eða eftir tónleikana. - pbb


SOTHYS
PARIS
SOTHYS
PARIS
Aroma-Sothys
SOTHYS
PARIS
Thalassothys
TILBOÐ
Thalassothys Bodylotion
400ml á verði 200ml
Shower Gel sturtusápa
á hálfvirði
Tilboðið gildir frá 29. apríl og á meðan birgðir endast
í Hagkaup Smáralind, Skeifunni, Kringlunni og Holtagörðum.
SOTHYS
PARIS
50 ára
HAGKAUP
fyrir íslendinga í 50 ár



• Meðlimir Who Knew börðu hver annan í klessu í myndbandi.

• Ofurskutlan Lilja Ingibjörg og grófu spurningarnar sem hún svaraði ekki á Netinu.

Hundarnir veiða þar sem skinkurnar djamma:

• Popp kortleggur sukkið í 101.

POPP

Fylgirit Fréttablaðsins




# Hver þolir dagsljósið?

Leiklist ★★★★

**Glerlaufin eftir Philip Ridley**

**Leikarar:** Lilja Guðrún Þorvaldsdóttir, Jóel Sæmundsson, Ólafur S.K. Þorvaldz, Vigdís Másdóttir

**Framleiðendur og sviðsmynd:** Alheimurinn ehf. og Börn Loka

**Búningar:** Thelma Björk Jónsdóttir

**Ljós:** Arnar Ingvarsson

**Tónlist:** Védís Hervör Árnadóttir

**Aðstoðarleikstjóri:** Þóra Karítas Árnadóttir

**Leikstjóri:** Bjartmar Þórðarson

Frumsýning á Norðurpólnum á laugardagskvöldið. Maður hlýtur að eiga að segja á Norðurpólnum og ekki í Norðurpólnum þó svo að sýningin sé vitaskuld inni í þessu bráðskemmtilega leikhúsi eða öllu heldur fjöllistahúsi sem áður hýsti plastframleiðslu úti á Seltjarnarnesi.

Leikhópur undir leikstjórn Bjartmars Þórðarsonar kynnir okkur fyrir fjölskylduharmleik þar sem meðvirkni og lygi ræður ríkjum.

Glerlaufin er stutt og þétt leikrit um tvo bræður sem eru ólíkari en allt en þó samtvinnaðir af uppeldi sínu og sameiginlegum hremmingum í bernsku. Barry er drykkfeldur myndlistarmaður en Steven er hinn ábyggilegi fyrirtækisforstjóri með glerborð og plaststóla á fullkomnu heimili með fallega eiginkonu. Móðir þeirra skoppar á milli þeirra eins og badmintonkúla allt eftir því hvernig slegið er hverju sinni.

Höfundur verksins, Philip Ridley, nam málaralist í St.Martin School of Art og hefur sýnt verk sín um gjörvalla Evrópu og í Japan. Hann hóf feril sinn sem gjörningalistamaður.

Þetta er eilífðarspurning um hver er saklaus og hver er sekur, hver stendur sig vel og hver stendur sig illa og hvað er að vera góð manneskja: Barry á við áfengisvanda að stríða og bróðir hans gerir allt sem í hans valdi stendur til þess að halda honum á beinu brautinni og móðirin viðheldur hlutverkaskipan sem haldist hefur óbreytt frá bernsku þá er faðir þeirra framdi sjálfsmorð sem hún hefur líklega aldrei alveg meðtekið eða viljað horfast í augu við.

Þetta er vel skrifað og vel þýtt drama (hver þýðir?) þar sem hvert hlutverk er skýrt og afmarkað og þó svo að sagan sé kunnugleg og margsögð er hún engu að síður spennandi, á stundum skondin, þó harmleikurinn sé undirliggjandi. Lilja Guðrún Þorvaldsdóttir leikur miðaldra móður drengjanna sem hún af sjúklegri meðvirkni sinni vaggar inn í hverja vitleysuna á fætur annarri. Lilju Guðrúnu tekst undravel að koma hinni hræddu en vammlausu konu til skila. Það er mergjaður kraftur í hverri hreyfingu og henni tekst svo skemmtilega að sýna lygina með öllum þeim yfirbreiðslum sem einkenna fársjúka eiginkonu alkóhólista sem mun aldrei horfast í augu við sannleikann. Hún leikur á alla sína skondnu strengi og áhorfendur njóta hverrar kexköku sem hún deilir út til að trufla og eyða því tali sem upp kemur.



**LEIKLIST** Lilja Guðrún Þorvaldsdóttir leikur stórt hlutverk í Glerlaufunum sem sýnd eru á Norðurpólnum á Seltjarnarnesi. MYND FRÉTTABLAÐIÐ

Bræðurnir eru ólíkir og hlutverk þeirra mjög skýrt afmörkuð þegar í bernsku. Barry sem staðið hafði föður sínum nær vinnur aldrei úr þeim harmi sem föðurmissirinn olli honum né þeirri niðurlægingu sem hann varð fyrir hjá ókunna manninum. Sem sagt ansi hreint kunnuglegt þema um orsakir ruglaðs lífs. Ólafur S.K. Þorvaldz fer með hlutverk Barrys og tekst vel að koma hinum öra en skilningsríka dreng til skila. Hann er sá sem hefur sannleikann í hendi sér og vill koma honum upp á yfirborðið en hin eru bara stolt af því að hann skuli vera edrú og með spurninguna á vörunum alla daga um hvort hann sé nú nokkuð farinn að drekka, eða hæla honum fyrir að vera svona edrú.

Steven er öllu flóknari persóna í leiknum og fer Jóel Sæmundsson með það hlutverk og hann á ekki í nokkrum vandræðum með að koma hinum undirliggjandi sársauka og reiði til skila. Vigdís Másdóttir leikur eiginkonuna sem er í senn puntudúkka og leitandi að hamingju sem hún heldur sig finna í fínni innréttingu. Vonandi vakna stúlkur af þeim draumi einhvern tíma en Vigdís, sem íðilfögur gerir manni sínum allt til geðs, sýnir hér að hún býr yfir styrk og skopskyni auk þess sem hún, þrátt fyrir að vera svo bæld hér, hefur mikla útgeislun. Glerlaufin eru gjafir keyptar fyrir fé fengið með sársauka.

**Elísabet Brekkan**

**Niðurstaða:** Klassísk lítil vel sögð saga í leikmynd sem hentaði innihaldinu.

## BÓKSÖLULISTINN

*Listinn er birtur á tveggja vikna fresti og mælir sölu íslenskra bóka. Listinn er byggður á upplýsingum frá flestum bóksölum landsins, dagvöruverslunum og öðrum verslunum sem selja bækur. Rannsóknarsetur verslunarinnar annast söfnun upplýsinga fyrir hönd Félags íslenskra bókaútgefenda.Eftirfarandi verslanir taka Þátt í gerð listans: Bókabúð Máls og menningar, Bókabúðin Eskja, Bókabúðin Hamraborg, Bókabúðin Iða, Bókabúðin við höfnina (Stykkishólmi), Bóksala stúdenta, Bónus, Hagkaup, Kaupás, N1, Office 1, Penninn - Eymundsson, Samkaup*

*Metsölulisti 12.04.10 - 24.04.10*

| Nr. Titill *Höfundur* | Forlag/útgefandi |
|---|---|
| 1. **Rannsóknarskýrsla Alþingis** *Rannsóknarnefnd Alþingis* | Alþingi |
| 2. **Hafmeyjan** *Camilla Läckberg* | Undirheimar |
| 3. **Maxímús músíkús trítlar í tónlistarskólann** *Hallfríður Ólafsdóttir* | Mál og menning |
| 4. **Nemesis** *Jo Nesbø* | Uppheimar |
| 5. **Hvorki meira né minna** *Fanney Rut Elínardóttir* | N29 |
| 6. **Góða nótt, yndið mitt** *Dorothy Koomson* | JPV útgáfa |
| 7. **Fyrirsætumorðin** *James Patterson* | JPV útgáfa |
| 8. **Sítrónur og saffran** *Kajsa Ingemarsson* | Mál og menning |
| 9. **Vetrarblóð** *Mons Kallentoft* | Undirheimar |
| 10. **Póstkortamorðin** *Liza Marklund/James Patterson* | JPV útgáfa |

*Uppsafnaður metsölulisti tímabilið 01.01.10-24.04.10*

| | |
|---|---|
| 1. **Rannsóknarskýrsla Alþingis** *Rannsóknarnefnd Alþingis* | Alþingi |
| 2. **Póstkortamorðin** *Liza Marklund/James Patterson* | JPV útgáfa |
| 3. **Loftkastalinn sem hrundi** *Stieg Larsson* | Bjartur |
| 4. **Stúlkan sem lék sér að eldinum** *Stieg Larsson* | Bjartur |
| 5. **Svörtuloft** *Arnaldur Indriðason* | Vaka-Helgafell |
| 6. **Hafmeyjan** *Camilla Läckberg* | Undirheimar |
| 7. **Góða nótt, yndið mitt** *Dorothy Koomson* | JPV útgáfa |
| 8. **Þegar kóngur kom** *Helgi Ingólfsson* | Ormstunga |
| 9. **Meiri hamingja** *Tal Ben Shahar* | Undur og stórmerki |
| 10. **Horfðu á mig** *Yrsa Sigurðardóttir* | Veröld |

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Fimmtudagur 29. apríl 2010**

### → Kvikmyndahátíð

**Ítölsk kvikmyndahátíð** undir yfirskriftinni **Sögur af innflytjendum** fer fram í **Norræna húsinu** við Sturlugötu 29. apríl til 3. maí. Enginn aðgangseyrir og allir velkomnir. Enskur texti. Nánari upplýsingar á www.nordice.is.

**20.00** Sýnd verður kvikmynd Emanuele Crialese **Nuovomondo** (2006).

### → Tónleikar

**20.30** **Bubbi Morthens** heldur tónleika í **Bíóhöllinni** við Vesturgötu á Akranesi. Húsið verður opnað kl. 20. Enginn aðgangseyrir.

**21.00** **Trúbatrixur** standa fyrir tónleikum á **Cafe Rósenberg** við Klapparstíg. Fram koma Myrra Rós, Halla Norðfjörð, Elín Ey, Sigga Eyþórs, Johnny Stonghands, Toggi og Helgi Valur.

**21.00** **Kvartettinn Þel** kemur fram á tónleikum **Jazzklúbbsins Múlans** sem fara fram í kjallara **Cafe Cultura** við Hverfisgötu 18.

**21.00** **Uwaga Wagga**, sem er samstarfsverkefni tónlistarmanna frá Bosníu, Póllandi, Danmörku og Íslandi, stendur fyrir tónlistaruppákomu á **Græna Hattinum** við Hafnarstræti á Akureyri. Djass, folk og elektró.

**21.30** Kanadíska hljómsveitin **Woodpigeon** heldur tónleika á **Sódómu Reykjavík** við Tryggvagötu. Einnig koma fram Pascal Pinon, Mukkaló og Útidúr. Húsið verður opnað kl. 21.

**22.00** **Lights on the Highway** halda órafmagnaða tónleika á **Dillon** við Laugaveg 30.

**22.00** Hljómsveitin **Dúndurfréttir** heldur tónleika á **NASA** við Austurvöll. Húsið verður opnað kl. 20. Nánari upplýsingar á www.midi.is.

### → Sýningar

Sýningu **Kristjáns Péturs Sigurðssonar** á **Kaffi Karólínu** við Kaupvangsstræti á Akureyri hefur verið framlengt til 7. maí. Opið mán.-fim. kl. 11.30-01, fös. og lau. kl. 11.30-03 og sun. kl. 14-01.


















**Cavendish**
OVEN CRISP
Alvöru franskar, stökkar
og geggjað góðar beint
úr ofninum!







**Slim Jim**
– the one and only

**Langloka + Coke 0.5 ltr.**




**Langlokur**
- New Orleans og Kentucky langlokur




**Heinz tómatsósa 907g**
– ekta amerísk




**Ritz kex með ostabragði**
– þetta verður þú að prófa!




**BBQ og buffaló vængir**
– fulleldaðir




**Ariel þvottarefni**
– regular eða color, 25 skammtar

Betty Crocker KYNNINGAR
Föstudag og laugardag
í Skeifunni & Garðabæ



**Betty Crocker**
– bökunarvörur í miklu úrvali




**Bílar fylgja með í pökkunum!**
– Lucky Charms morgunkorn

24 Hagkaup
**OPIÐ**
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær

Gildir til 2. maí á meðan birgðir endast.

50 ára HAGKAUP fyrir Íslendinga í 50 ár


QUADRUPLOS


THE NATIONAL

## > Í SPILARANUM

Quadruplos - Quadruplos
Jamie Lidell - Compass
Plants And Animals - La La Land
Steve Sampling - Milljón mismunandi manns
The National - High Violet

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

# Elíza gerði samning

Tónlistarkonan Elíza Newman gefur út lagið sitt Eyjafjallajökull um allan heim á morgun. Henni var boðinn útgáfusamningur við plötufyrirtækið Your Favorite Music til að gefa lagið út og höfundarréttarsamningur við fyrirtækið Quite Great. Síðasta vika hefur verið afar viðburðarík hjá Elízu þar sem henni var boðið að koma fram á Al Jazeera-sjónvarpsstöðinni til að hjálpa erlendu fólki að bera fram orðið Eyjafjallajökull. Til þess samdi hún lítið lag á úkúlele sem kallast Eyjafjallajökull og sló það í gegn. Þessi frétt varð ein sú vinsælasta á Al Jazeera fyrr og síðar og var endursýnd mörgum sinnum. Hún var einnig sett á Netið og síðastliðna viku hafa 200 þúsund manns horft á myndbandið. Umfjöllun um lagið hefur birst í New York Times, Huffington Post, The Daily Telegraph og í fleiri fréttamiðlum um allan heim.


**ELÍZA NEWMAN** Tónlistarkonan Elíza Newman gefur út lagið Eyjafjallajökull um allan heim á morgun.

# Kvikmynd um ævi Ozzy Osbourne

**Sharon Osbourne hefur upplýst að kvikmynd verði gerð um líf eiginmanns hennar, rokkarans Ozzy Osbourne. „Þetta kemur allt fljótlega í ljós. Það er búið að kaupa réttinn og nú fer framleiðslan að hefjast," segir Sharon. Engir leikarar hafa enn verið ráðnir í myndina en Sharon fullyrðir að nægir peningar séu fyrir hendi til að framleiða myndina. Þó verði að líkindum óþekktir leikarar í aðalhlutverkunum.**



## TÓNNINN GEFINN
**Trausti Júlíusson**

## *40 þúsund eintökum seinna*

Vel heppnaðri barnamenningarhátíð í Reykjavík lauk á sunnudaginn með tónleikum í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum. Þar voru lög af Vísnaplötunum tveimur sem Bókaútgáfan Iðunn gaf út á áttunda áratugnum flutt af stórum hópi söngvara og hljóðfæraleikara. Þessar plötur sem nú hafa verið endurútgefnar eru einstakar í poppsögunni. Hugmynd þeirra Iðunnarmanna að fá tvo af fremstu poppurum þess tíma, Gunnar Þórðarson og Björgvin Halldórsson, til að útsetja og hljóðrita vísur úr þessari vinsælu bók hitti alveg í mark. Þeir Gunni og Böggi sem báðir bjuggu í London fengu þriðja íslenska popparann í borginni, Tómas Tómasson, í lið með sér og fyrri platan, Einu sinni var, var tekin upp í Ramport-hljóðveri Who-manna sumarið 1976 að mestu leyti með enskum hljóðfæraleikurum.


**FLOTT ENDURÚTGÁFA** Einu sinni var og Út um græna grundu eru komnar út saman í glæsilegri útgáfu.

Útsetningarnar sem Gunnar skrifaði tókust sérstaklega vel og vinnsla plötunnar var í sérflokki. Hún náði algjörri metsölu. Tuttugu þúsund eintök seldust á skömmum tíma og í dag er hún komin að minnsta kosti í fjörutíu þúsund. Ári seinna var leikurinn endurtekinn með plötunni Út um græna grundu. Plöturnar fengu góða dóma, en samt voru þeir til sem höfðu áhyggjur af þessum nýstárlegu útsetningum og gagnrýnanda Alþýðublaðsins fannst Einu sinni var allt of amerísk. Og vissulega voru útsetningarnar alþjóðlegar en ekki þjóðlegar. Stóð ég út í tunglsljósi hefur til dæmis stóra útsetningu í anda Phils Spector, Bokki sat í brunni er kántrískotið, Hann Tumi fer á fætur er í reggítakti og svo framvegis. Það er farið um víðan völl, en allt gengur upp. Það er sennilega ekki tilviljun að þeir Gunni, Böggi og Tommi hafa síðan verið á meðal öflugustu hljóðupptökumanna Íslands.

Nýja útgáfan er mjög flott. Plöturnar koma saman bundnar inn í 36 bls. harðspjaldabók sem í eru allir textar, umfjöllun um gerð platnanna og myndir. Þetta bókaform er nokkuð vinsælt í geisladiskaútgáfu í dag og oft notað þegar um veglegar endurútgáfur eða söfn er að ræða. Hér á það hins vegar sérstaklega vel við. Vísnaplötubók!






# Gósentíð handboltarokkara

**Svokallaðir handboltarokkarar eiga gósentíð í vændum miðað við þær plötur sem líta nú dagsins ljós hver á fætur annarri. Það eru hljómsveitirnar Godsmack, Stone Temple Pilots, Good Charlotte, Bullet For My Valentine og Drowning Pool sem bjóða í veisluna.**


NORDICPHOTOS/GETTY


**PUNGSVEITT ROKKVEISLA**
Rokkararnir í **Godsmack** gefa út sína fimmtu hljóðversplötu, The Oracle, 4. maí næstkomandi. **Scott Weiland** er mættur aftur með Stone Temple Pilots eftir langt hlé. **Joel Madden** er forsprakki Good Charlotte sem gefur út Cardiology 11. maí.

Godsmack gefur út sína fimmtu hljóðversplötu, The Oracle, 4. maí næstkomandi. Sveitin kemur frá Massachusetts í Bandaríkjunum og var stofnuð árið 1995 af forsprakkanum Sully Erna, sem hefur nefnt hinn sáluga Laney Staley úr Alice In Chains sem helsta áhrifavald sinn. Tvær plötur sveitarinnar, Faceless og IV, hafa komist í efsta sæti Billboard-sölulistans. Hafa þær fest hana í sessi sem eina vinsælustu þungarokkssveit síðasta áratugar í Bandaríkjunum, enda hafa plötur hennar selst í yfir nítján milljónum eintaka um heim allan. Á meðal vinsælustu laga Godsmack eru Straight out of Line, Awake og I Stand Alone sem hljómaði í ævintýramyndinni The Scorpion King.

Stone Temple Pilots öðlaðist heimsfrægð þegar grunge-bylgjan reist hátt í byrjun tíunda áratugarins. Sveitin fékk Grammy-styttu fyrir slagarann Plush og hafa plötur sveitarinnar selst í tæpum fjörutíu milljónum eintaka. Geri aðrir betur. Stone Temple hætti störfum 2003 eftir slagsmál söngvarans Scotts Weiland og gítarleikarans Deans DeLeo og eftir það gekk Weiland til liðs við Velvet Revolver. Núna hefur Stone Temple Pilots verið endurreist, allir eru orðnir vinir aftur og fyrsta hljóðversplatan í níu ár kemur út 25. maí. Athygli vekur að Atlanta gefur plötuna út en fyrirtækið höfðaði fyrir tveimur árum mál gegn Weiland og trommaranum Eric Kretz fyrir meint samningsbrot.

Good Charlotte spilar létt pönkrokk í anda Blink 182 og Green Day. Fimmta plata sveitarinnar, Cardiology, er væntanleg 11. maí. Good Charlotte, sem er nefnd eftir samnefndri barnabók, var stofnuð í Maryland í Bandaríkjunum 1995. Önnur plata sveitarinnar, The Young And The Hopeless, skaut henni upp á stjörnuhiminninn og sömuleiðis söngvaranum Joel Madden. Einkalíf hans hefur verið áberandi í fjölmiðlum, sérstaklega eftir að hann byrjaði með raunveruleikastjörnunni Nicole Richie. Þau eiga tvö börn saman og ætla að ganga upp að altarinu á næstunni.

Drowning Pool spilar eilítið harðara rokk, nokkuð í anda Godsmack. Fjórða plata sveitarinnar, samnefnd henni, kom út á þriðjudaginn. Drowning Pool var stofnuð í Dallas 1996 og er á mála hjá útgáfufyrirtækinu Eleven Seven Music ásamt sveitum á borð við Mötley Crüe og Blondie. Tíð söngvaraskipti hafa verið hjá Drowning Pool. Eftir að upphaflegi söngvarinn Dave Williams lést úr hjartasjúkdómi 2002 aðeins þrítugur hljóp Jason Jones í hans skarð. Eftir að hann hætti gekk Ryan McCombs til liðs við sveitina áður en Full Circle kom út 2007 og er hann enn að.

Bullet For My Valentine kemur frá Wales og spilar þungarokk þar sem gamaldags gítartilþrif eru áberandi. Sveitin hóf störf með því að spila lög Metallica og Nirvana undir nafninu Jeff Killed John. Árið 2002 gerði hún fimm platna samning við Sony BMg og kom fyrsta platan, The Poison, út 2005. Sveitin, sem gaf út sína þriðju plötu, Fever á þriðjudag, hefur selt yfir tvær milljónir platna á ferli sínum.

freyr@frettabladid.is

# Styttist í plötu Wolf Parade

Kanadísku rokkararnir í Wolf Parade undirbúa nú útgáfu þriðju breiðskífu sinnar. Seint á síðasta ári tóku meðlimir sveitarinnar sér pásu frá hinum böndunum sínum (Sunset Rubdown, Handsome Furs, Swan Lake, Moonface) til að taka upp plötuna sem kallast Expo 86. Platan kemur út í júní eða júlí á vegum Sub Pop.

Síðasta plata Wolf Parade var At Mount Zoomer sem kom út árið 2008. Hún fékk nokkuð góðar viðtökur en féll algerlega í skuggann af fyrstu plötu sveitarinnar, meistaraverkinu Apologies to the Queen Mary. Sú plata kom út árið 2005 og sama ár spilaði Wolf Parade á eftirminnilegum tónleikum á Gauki á Stöng á Iceland Airwaves.


**WOLF PARADE** Strákarnir frá Montreal í Kanada mæta með þriðju plötu sína í sumar.

Dan Boeckner, einn meðlima Wolf Parade, ræddi nýju plötuna í viðtali við Pitcfork á dögunum. Þar sagði hann að hann hefði ekki skemmt sér jafn vel við upptökur á Wolf Parade-plötu áður. „Nýja platan er mun markvissari en sú síðasta. Það er meiri kraftur á henni en ég get ekki borið hana saman við Apologies því það virðist svo langt síðan við gerðum þá plötu. Ég veit ekki hvort nýja platan er blanda af hinum tveimur; hún er klárlega öðruvísi en þær báðar. Þetta hljómar eins og hljómsveit að spila á tónleikum," segir hann.



Nikedagar
29. apríl til 4. maí
20%
afsláttur
af öllu Nike
Nikeskór, Nikefatnaður
dömur, herrar og börn
ÚTILÍF
HOLTAGÖRÐUM • GLÆSIBÆ • KRINGLUNNI • SMÁRALIND • WWW.UTILIF.IS

> SÍMINN HRINGDI

Unglingastjarnan **Miley** olli held- ur betur usla á tökustað nýjustu kvikmyndar sinnar The Last Song þegar síminn hennar hringdi í dramatísku atriði sem var verið að taka upp. Miley segist ekki geta án símans verið og þess vegna hafi hann óvart ratað með í tökuna.



# bíó

bio@frettabladid.is

# Russell Crowe ætlaði að drepa mann

Russell Crowe hótaði að drepa kvik- myndaframleiðandann Branko Lustig á tökustað kvikmyndarinnar Gladiator. Crowe hafði komist að því að aðstoðar- menn á tökustaðnum væru að vinna fyrir skítalaun og vildi að Lustig lagaði hlutina í snatri. „Helvítis fíflið þitt, ég drep þig með berum höndum,“ á Crowe að hafa sagt en þetta kemur fram í bók eftir rithöfundinn Nicole Laporte sem á að koma út á næst- unni. Reyndar hefur bókin þegar fengið misjafna dóma og Amazon- verslunin hyggst ekki dreifa henni. Í bókinni fer Laporte yfir samskipti kvikmyndastjarna, framleiðenda og leikstjóra í Hollywood og sviptir af þeim frægðarljómanum.

Reyndar er rithöfundurinn Laporte ekki að segja neitt nýtt með sögu sinni um Crowe því ástralski leikarinn er annálaður skaphundur, hefur margoft látið reiði sína bitna á öðrum. Frægasta dæmið er eflaust þegar hann henti síma í áttina að hótelstarfsmanni í New York fyrir nokkru. Framleiðandinn Lustig segist hafa hringt í einn af eig- endum DreamWorks, Steven Spielberg, eftir að Crowe hótaði honum lífláti. „Ég er hættur, Russell vill drepa mig,“ á Lustig að hafa sagt.



**CROWE** Er þekktur skapmaður og hefur margoft látið öllum illum látum þegar honum finnst á sér brotið. Hann hótaði meðal annars að drepa einn af framleiðendum Gladiator á tökustað.



**ÓTRÚLEGUR** Ron Burgundy var sannkallað karlrembusvín og nú er í farvatninu fram- haldsmynd um ævintýri þessa óforskammaða sjónvarpsmanns.

# Sjónvarpsþulurinn Burgundy snýr aftur

Leikstjórinn Adam McKay hefur staðfest að Anchorman 2 gæti farið í tökur á næsta ári ef guð og lukkan lofar og það tekst að finna gloppu í annars stífri dagskrá Wills Ferrell. Anchorman númer eitt sló í gegn hjá áhugamönnum um góðar grínmyndir en þar var gert stólpagrín að bandarískum karlkyns sjónvarpsþulum sem með frekju og yfirgangi og ótrú- legum karlrembustælum reyna að bæla niður allar konur í brans- anum. Will Ferrell, Steve Carell, Seth Rogen, Fred Willard, Ben Stiller og Luke Wilson léku helstu hlutverk í fyrstu myndinni og má búast við öðrum eins stjörnuher í framhaldsmyndinni.

McKay viðurkennir að fram- haldsmyndin gæti orðið eilítið erf- iðari í vinnslu. „Því öllum hefur gengið svo vel eftir að við gerðum þessa mynd og launakröfurnar eru orðnar ógnvænlegar. Það að auki hafa allir miklu minni tíma. En sem betur fer hafa allir samþykkt að taka á sig launalækkun þannig að horfurnar eru mjög góðar.“ McKay og Ferrell ætla að klára handritið í sumar og því má reikna með að tökur hefjist strax á næsta ári.

# ÓLÁTABELGIR MÆTAST

**Robert Downey Jr. og Mick- ey Rourke eiga eitt sameig- inlegt. Þeir reyndu báðir að rústa eigin feril á sínum tíma en tókst það aldrei til fulls. Þeir eru því aftur komnir á lista meðal skær- ustu stjarna kvikmynda- borgarinnar.**



**VARHUGAVERÐIR Á ÁRUM ÁÐUR** Robert Downey og Mickey Rourke þóttu varhuga- verðar á árum áður. Rourke drakk ótæpilega og var martröð á tökustað og Downey notaði töluvert magn af ólöglegum vímuefnum. Þeir hafa hins vegar báðir snúið við blaðinu, eru í dag hálfgerðar „cult“-hetjur á hvíta tjaldinu og leika saman í myndinni Iron Man 2. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Robert Downey og Mickey Rour- ke leika höfuðandstæðinga í Iron Man 2. Downey snýr aftur í hlut- verki hins sjálfumglaða og hroka- fulla vísindamanns Tony Stark en Rourke leikur Rússann Ivan Vanko. Sá kemst yfir tæknina sem heldur Járnkarlinum á lífi.

Rourke og Downey gætu varla verið ólíkari á velli þótt lífshlaup þeirra sé nokkuð áþekkt. Downey er fremur lítill og snoppufríður karl sem hreyfir sig á fágaðan hátt en Rourke er fremur stórgerður í andliti og ófrýnilegur eftir mis- heppnaðar lýtaaðgerðir.

**Martröðin og eiturlyf**

Ef Iron Man 2 hefði verið gerð fyrir tveimur áratugum hefðu tökurnar eflaust verið stanslaust á síðum slúðurblaðanna. Rourke hefur vissulega enn gaman af því að fá sér smá í glas en hefur látið af þeirri venju sinni að vera mar- tröð fyrir framan tökuvélarnar eins og leikstjórinn Alan Parker lýsti honum. Þeir gerðu saman hina rómuðu spennumynd Angel Heart. Downey hefði á hinn boginn verið hundeltur af laganna vörðum vegna dálætis síns á ólöglegum vímuefnum.

Bæði Rourke og Downey eiga það sameiginlegt að hafa lagt sitt af mörkum til að eyðileggja sem mest fyrir sér. Á hinum víðfræga níunda áratug síðustu aldar stóðu þeir á hátindi ferils síns. Rourke lék í hverjum smellinum af fætur öðrum og gagnrýnendur hrifust af einstökum leik Downeys í kvik- myndum á borð við Lezz than Zero. Enda fór það svo að þegar tíundi áratugurinn rann upp og ný öld tók að banka á dyrnar voru þeir Downey og Rourke á hraðri leið niður stjörnustigann.

Downey var margoft handtek- inn fyrir vörslu vímuefna og Rour- ke gafst eiginlega upp á leiklist- inni, sneri sér að hnefaleikum með raunar ágætis árangri. Downey náði botninum á árunum 2000 og 2001 þegar lögreglan handtók hann með skömmu millibili; einu sinni á hótelherbergi með dágott magn af kókaíni og valíum og í hitt skiptið fannst hann ráfandi um götur Los Angeles, berfættur og augljóslega í annarlegu ástandi.

Á þeim tíma var Rourke að reyna tjasla saman ferli sínum með frem- ur misjöfnum hætti, hann hafnaði til að mynda hlutverki í kvikmynd að nafni Pulp Fiction, endaði á klippigólfinu í öðrum myndum og tók þátt í gerð framhaldsmyndar- innar 9½ Week.

**Upprisa**

Síðustu ár hafa hins vegar vera upprisuár þeirra beggja. Rourke fékk hlutverk í Sin City-myndun- um sem tröllið Marv og í kjölfar- ið fóru áhugaverðu hlutverkin að dúkka aftur upp og hámarkinu náð í kvikmyndinni The Wrestler en Rourke var tilnefndur til Óskars- verðlauna fyrir frammistöðu sína í þeirri mynd. Downey lét hins vegar fyrst á sér kræla í myndbandi við lag Eltons John árið 2004 og í kjöl- farið komu svo kvikmyndir á borð við The Singing Detective og Zodiac eftir David Fincher.

Upprisa Downeys náði loks hæstu hæðum þegar fyrsta Iron Man-myndin var frumsýnd enda vilja margir meina að Downey ætti að þekkja Tony Stark manna best; hæfileikaríkur náungi sem færi létt með að rústa orðsporinu sínu með dæmalausum vitleysisgangi ef hann hefði ekki trausta vini til að halla sér að. Í tilviki Downeys er það eiginkonan, Susan Downey.

freyrgigja@frettabladid.is

Tilkynning um
Aðalmat fiskveiða
samkvæmt staðli MSC

**Sæmark sjávarafurðir ehf.**

**Línu-, handfæra- og dragnótaveiðar á þorski (Gadus morhua), ýsu (Melanogrammus aeglefinus) og steinbít (Anarhichas lupus) innan íslensku efnahagslögsögunnar.**
**Marine Stewardship Council vottun.**
**Vottunarstofa: Vottunarstofan Tún ehf.**

Vottunarstofan Tún ehf. tilkynnir hér með að hafið er aðalmat samkvæmt staðli Marine Stewardship Council (MSC) um sjálfbærar fiskveiðar fyrir markaðs- og útflutningsfyrirtækið Sæmark sjávarafurðir ehf. og sam- starfsfyrirtæki þess sem eru: Fiskvinnslan Íslandssaga hf., Hraðfrystihús Hellissands hf., Oddi hf. og Þórsberg ehf. Matið felur í sér úttekt á því hvort fiskveiðar þeirra samrýmist staðli MSC um sjálfbærar fiskveiðar.

Vottunarstofan Tún ehf. annast matið. Vottunareiningarnar eru handfæra- og línuveiðar og dragnótaveiðar nefndra fyrirtækja á þorski (Gadus morhua), ýsu (Melanogrammus aeglefinus) og steinbít (Anarhichas lupus) innan íslenskra efnahagslögsögunnar á ICES-deilisvæði V-a.

Vottunarstofan Tún ehf. leitar eftir viðhorfum einstaklinga, samtaka, stofnana og fyrirtækja sem eiga hagsmuna að gæta er varða þessar fiskveiðar. Hver sá sem óskar eftir að gera athugasemdir eða koma upplýsingum á framfæri (þ.e. um ástand fiskistofnanna, um áhrif á vistkerfið og um fiskveiðistjórnun- ina) er hvattur til að hafa samband við Vottunarstofuna Tún ehf.

TÚN
VOTTUNARSTOFA

Vottunarstofan Tún / sími: 511 1330 / tun@tun.is / www.tun.is

# Vill eyða draugum í þriðja sinn

Bill Murray viðurkennir í samtali við vefmiðilinn ComingSoon.net að hann langi mikið að fara eyða draug- um á ný með þeim Ricky Moranis og Dan Akroyd. Þessi þrír fóru á kost- um í Ghostbusters-kvikmyndunum tveimur sem slógu í gegn á níunda áratug síðustu aldar. Murray segir í viðtalinu að hann sakni þessara þriggja persóna ákaflega mikið en slær þó ákveðna varnagla. „Það er ekki kominn neinn söguþráður og það er ekkert handrit til en ef hinir eru til í þetta þá er ég til,“ segir Murray í viðtalinu.

Leikarinn, sem hefur alltaf þótt nokkuð sérlundaður í Hollywood, segist hafa heyrt það á ungu kyn- slóðinni í dag að hún vilji sjá nýja Ghostbusters-mynd. „Ég meina, af hverju ættum við ekki að gera þetta? Við lifum á öld framhaldsmynda og þetta lið sem vann að myndinni er virkilega fyndið. Þetta eru alvöru menn og ég sakna þeirra. Ætli það skipti ekki mestu máli, að ég sakni þeirra,“ segir Murray en bætir því við að þetta sé bara eitthvað sem liggi í loftinu. „Þetta er allt í höndunum á kvikmyndaverunum, þau ákveða hvað er næst á dagskrá. Og það gæti vel verið að einhvern daginn segi þau að nýtt fólk sé að skrifa handrit að nýrri Ghostbusters-kvikmynd. Við gerðum tvær mjög góðar myndir, af hverju ættum við ekki að geta gert þá þriðju?“



**VILL ENDURFUNDI** Bill Murray vill hitta Ghostbust- ers-gengið aftur og gera þriðju myndina.

Hinn eini sanni

# RISA

## ÚTIVISTAR- SKÓ OG TÍSKU

# MARKAÐUR



Aðeins tvær helgar eftir!

Í B&L Húsinu Grjóthálsi

## NÝJAR VORVÖRUR

Opið alla daga frá 12 - 18

Útsöluvörur frá

STEINAR WAAGE   Kaupfélagið   skór.is

ecco   NIKE   adidas   PUMA   hummel

Reebok   BLEND   ORGINAL

> AÐ MISSA VITIÐ

Leikarinn Jim Carrey hefur farið hamförum á Twitter-síðu sinni síðan hann hætti með kærustu sinni. Til að mynda sendi hann fimmtíu manns sömu skilaboðin fyrir stuttu og hljóðuðu þau svo: „Boing!“ Carrey hefur lengi glímt við þunglyndi og hafa margir áhyggjur af geðheilsu hans í kjölfar sambandsslitanna.



# Fólk

folk@frettabladid.is

# Endless Dark hafnaði í öðru sæti

„Þeir voru alveg þrusugóðir. Þetta er besti árangurinn hingað til. Þeir rúlluðu yfir alla aðra nema Kínverjana,“ segir tónlistarmaðurinn Franz Gunnarsson. Hann fylgdi vestfirsku rokksveitinni Endless Dark á úrslitakvöld alþjóðlegu tónlistarkeppninnar Global Battle of the Bands sem var haldin í London á þriðjudagskvöld. Þar lentu íslensku strákarnir í öðru sæti.

Hljómsveitir frá yfir þrjátíu löndum tóku þátt og er árangurinn því sérlega góður. Kínversk hljómsveit bar sigur úr býtum og þótti Franz frammistaða Endless Dark betri en þeirra. „Þeir sigruðu meira út af „lúkkinu“ en músíkinni. Þeir tóku líka blokkflautusóló og ég held að það hafi haft mikið að segja.“ Eitthvað af útsendurum úr tónlistarbransanum fylgdust með Endless Dark í keppninni og svo virðist sem bjartir tímar séu fram undan hjá þessari efnilegu sveit, sem spilar svokallaða post-harðkjarnatónlist, eða „screamo“. - fb



**ENDLESS DARK** Hljómsveitin Endless Dark náði öðru sæti í keppninni Global Battle of the Bands.




AUKIN FÆRNI
STERKARI STAÐA

**Viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík býður til kynningar á viðskiptafræðinámi með vinnu, diplómanámi og BSc-námi.**

Fundurinn verður haldinn **fimmtudaginn 29. apríl** kl.12:10 – 13:00
í Háskólanum í Reykjavík við Nauthólsvík, Síríus 3 (3. hæð).

Háskólinn í Reykjavík er framsækinn rannsóknarháskóli sem býður nemendum persónulegt, kraftmikið og alþjóðlegt starfsumhverfi. HR hefur skapað sér sérstöðu sem háskóli atvinnulífsins og er jafnframt stærsti tækni- og viðskiptaháskóli Íslands.

**Allir velkomnir!**

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK REYKJAVIK UNIVERSITY
VIÐSKIPTADEILD
SCHOOL OF BUSINESS

www.hr.is







**ÖFLUGUR RITHÖFUNDUR** Egill Einarsson er byrjaður á þriðju bókinni sinni um mannasiði. Bókin kemur út um næstu jól og verður í ætt við fyrri bækur rithöfundarins.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Egill byrjaður á þriðja bindinu

**Egill Einarsson, oftast kallaður Gillz, Þykki eða Störe, er að komast í hóp afkastamestu rithöfunda landsins. Hann er nefnilega byrjaður á þriðju bókinni sinni.**

Síðasta bók Egils, Mannasiðabókin, seldist í bílförmum um síðustu jól og komst meðal annars í efstu sæti metsölulista Eymundsson. Egill segir það hafa legið beint við að gefa út þriðju bókina en bókaútgáfan hófst með útgáfu Biblíu fallega fólksins. „Ég settist bara niður í Mónakó, fékk mér latté, horfði á snekkjurnar og skrifaði innganginn,“ segir Egill sem var hins vegar staddur í Kaupmannahöfn þegar Fréttablaðið náði tali af honum en eins og komið hefur fram keppti kraftajötunninn á pókermóti í smáríkinu ásamt tvíeykinu Sveppa og Audda. Ekki var útséð með hvenær þeir kappar kæmust heim því allt flug til og frá Íslandi lá niðri vegna öskunnar frá Eyjafjallajökli.

Egill hefur, eins og alltaf, fulla trú á verkefninu og telur næsta víst að þriðja bókin verði sú besta í röðinni. „Ég er metsöluhöfundur og þessi bók á eftir að seljast miklu betur en sú síðasta. Sem var þó metsölubók,“ segir Egill sem telur það hafa legið nokkuð ljóst fyrir að tvær bækur myndu ekki nægja til að bæta íslenska karlkynið. „Nei, þrjátíu til fjörutíu ættu að vera nóg. Ég ætla allavega að halda áfram að skrifa því ég hef svo gaman af þessu og á meðan mér finnst þetta skemmtilegt þá verða bækurnar líka skemmtilegar. En ég hætti um leið og þetta verður leiðinlegt.“

Egill hefur lengi verið talsmaður þess að raka sig að neðan. Fréttablaðið greindi nýverið frá því að rakstur í kringum kynfærin auki líkur á svokallaðri HPV-veiru eða vörtuveiru. Egill segist ekki kannast við slíka veiru og hyggst ekki láta af rakstrinum og áróðri fyrir ágæti hans. „Ég hef gert þetta í tólf ár og hef aldrei fengið kynfæravörtur og leyfi mér að fullyrða að ég muni aldrei fá þær,“ segir Egill, brattur að venju.

freyrgigja@frettabladid.is

# Bret enn í hættu

Rokksöngvarinn Bret Michaels liggur enn á sjúkrahúsi í Arizona eftir að hann fékk heilablóðfall fyrir síðustu helgi. Ástand hans er metið stöðugt en þó er hann enn í lífshættu. Samkvæmt upplýsingafulltrúa söngvarans þjáist hann einnig af aukaverkunum tengdum heilablóðfallinu sem lýsa sér þannig að hann getur fengið flog.

„Þrátt fyrir þetta skref aftur á bak eru læknarnir vongóðir um að hann nái fullum bata,“ segir upplýsingafulltrúinn.

Bret Michaels er sem kunnugt er söngvari glysrokksveitarinnar Poison sem gerði það gott á níunda áratugnum. Hann er 47 ára gamall.



**Í LÍFSHÆTTU** Glysrokkarinn Bret Michaels úr hljómsveitinni Poison fékk heilablóðfall.
NORDICPHOTOS/GETTY

# Feimin Katy Perry



ÓÖRUGG Katy Perry segist vera óörugg og feimin.

Söngkonan Katy Perry viðurkennir að hún sé háð tóbaki og reyki til að róa taugarnar. „Ég veit að það er óhollt að reykja og að ég ætti að hætta.

Ég mundi aldrei segja við börn: „Það er svalt að reykja.“ Þetta er slæmur ávani sem ég verð að venja mig af,“ sagði söngkonan sem viðurkenndi jafnframt að hún væri innst inni mjög óörugg.

„Þótt ég virki hávær og sjálfsörugg þá er ég innst inni mjög feimin.“

Perry mun giftast unnusta sínum, breska gamanleikaranum Russell Brand, í sumar.

# Safna fyrir ferðalagi til London

Lights on the Highway tekur úr sambandi og heldur órafmagnaða tónleika á Dillon í kvöld. Hljómsveitin er á leiðinni í vikuferð til London á sunnudaginn þar sem piltarnir koma fram á nokkrum tónleikum, bæði rafmögnuðum og órafmögnuðum. Tónleikarnir á Dillon verða styrktartónleikar fyrir ferðina.

Lights on the Highway gaf síðast út plötuna Amanita Muscaria í fyrra, en hún var tilnefnd til íslensku tónlistarverðlaunanna. Nýjasta lag hljómsveitarinnar, Leiðin heim, hefur setið í 1. sæti vinsældalista Rásar 2 þrjár vikur í röð, en það er einnig fyrsta lagið með íslenskum texta sem hljómsveitin sendir frá sér.

Tónleikarnir í kvöld hefjast klukkan 22 og miðaverð er 500 krónur, en frjáls framlög verða einnig vel þegin. Lights on the Highway kemur einnig fram á Rósenberg á morgun. - afb



Á LEIÐINNI TIL LONDON Lights on the Highway kemur fram á nokkrum tónleikum í höfuðborg Englands í næstu viku.



WOODPIGEON Kanadíska hljómsveitin Woodpigeon spilar á Sódómu í kvöld.

# Woodpigeon með tónleika

**Kanadíska hljómsveitin Woodpigeon spilar á Sódómu í Reykjavík í kvöld. Sveitin er á leið á tónleikaferðalag um Evrópu og verður Ísland fyrsta stoppið á því ferðalagi. Woodpigeon er hugarfóstur söngvarans og lagahöfundarins Mark Hamilton. Tónlist sveitarinnar hefur verið lýst sem fullkominni blöndu af einlægni og tignarleika. Henni hefur verið líkt við Sufjan Stevens, Belle & Sebastian og Fleet Foxes. Mark Hamilton spilaði síðast hér á landi á Batteríinu í ágúst í fyrra en núna er hann með hljómsveitina með sér. Miðaverð á tónleikana er 1.000 krónur. Einnig koma fram Pascal Pinon, Mukkaló og Útidúr.**



MYRRA RÓS Myrra Rós spilar á tónlistarhátíðinni The Great Escape í Brighton.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Trúbatrixur til Brighton

**Trúbatrixum hefur verið boðið að spila á The Great Escape-tónlistarhátíðinni sem verður haldin í Brighton 13. til 15. maí. Fimm trúbatrixur munu stíga á svið á barnum Northern Lights 14. maí, eða þær Halla Norðfjörð, Elín Ey, Nanna, Myrra Rós og Elíza Newman. Einnig spila þær á tónleikum á barnum Troy í London 13. maí. Til að aðstoða við fjármögnun ferðarinnar ætla Trúbatrixur að halda tónleika á Café Rósenberg í kvöld. Helgi Valur, Johnny Stronghands og Toggi koma einnig fram. Tónleikarnir byrja klukkan 21 og kostar 1.000 krónur inn.**


ESTĒE LAUDER

Gjöfin þín

Allt þetta fyrir þig ef þú verslar vörur frá Estée Lauder fyrir 5.900 kr. eða meira

í Debenhams dagana 29. apríl – 5. maí.*

**Gjöfin inniheldur:**

- Advanced Night Repair 7ml – kraftaverkadropa
- Daywear 7ml – mest selda dagkremið frá Estée Lauder
- Perfectly Clean Cleanser – hreinsir fryrir andlit
- Pure Color Lipstick – litur, melon
- Magnascopic Mascara - litur, svartur
- Fallega snyrtitösku

Verðgildi kr. 13.760.-

*meðan birgðir endast




DEBENHAMS

HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR

Lífsstílsbúð í SMÁRALIND

KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR HEIMILI

# Trommunördast í þrjá daga

**Halldór Lárusson og Einar Scheving standa fyrir æfingabúðum í trommuleik í júní. Spilað verður í átta til níu tíma á dag.**

„Þetta er alveg kjörið ef menn vilja trommunördast út í eitt heila helgi,“ segir trommarinn Halldór Lárusson. Hann stendur fyrir þriggja daga námskeiði í trommuleik ásamt trommaranum Einari Scheving sem ber heitið Trommu Boot-Camp. Það verður haldið í Skálholtsskóla 25. til 27. júní. Þar verður blandað saman kennslu, áköfum og markvissum æfingum, fróðleik og skemmtun.

„Þetta er hugmynd sem hefur verið í gangi í nokkur ár erlendis. Ég rek þennan vef, Trommari.is, og þar var einhver að nefna að það væri frábært ef svona væri til á Íslandi. Þá datt okkur Einari að setja þetta í gang,“ segir Halldór.

Hann segir námskeiðið kjörið tækifæri fyrir trommara, jafnt skemmra sem lengra komna, til að bæta frammistöðu sína. „Aðstaðan er draumi líkust. Þarna er frábær salur þar sem kennslan og æfingar fara fram. Þarna er setustofa með arni og flatskjá þar sem hægt er að hafa það gott og allur matur er inni í þessu. Þetta er rosalega flott aðstaða í ægilega fallegu umhverfi. Þetta getur ekki verið mikið betra.“

Spurður hvort námskeiðið muni reyna á eins og í alvöru Boot-Camp segir Halldór að ekkert verði gefið eftir.



**HALLDÓR LÁRUSSON** Safnar trommurum saman í æfingabúðir yfir heila helgi.

„Menn koma til með að spila 8-9 klukkustundir á dag með matarpásum. Síðan á kvöldin verða stuttir fyrirlestrar og sýnikennsla og kvöldvökur. Þetta verður eins lengi og menn standa uppi.“

Aldurstakmark á námskeiðið er 16 ár. Skráning og allar nánari upplýsingar fást hjá Halldóri í síma 893 0019 eða á dori@trommari.is.

**freyr@frettabladid.is**


NÝTT Í BÍÓ!

Þú færð bara eitt „deit“, þegar daman er svona heit.
SHE'S OUT OF MY LEAGUE
LÚXUS

SPY NEXT DOOR
MAGNÚS SCHEVING
THE CRAZIES
BÍÓDAGAR græna ljósið 2010
16. APRÍL - 6. MAÍ Í REGNBOGANUM
24 GÆÐAMYNDIR FRÁ ÖLLUM HEIMSHORNUM
SÝND Í HÁSKÓLABÍÓI
DATE NIGHT
einkamal.is
- The Hollywood Reporter
3D CLASH OF THE TITANS

SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| SHE´S OUT OF MY LEAGUE | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| SHE´S OUT OF MY LEAGUE LÚX | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| THE SPY NEXT DOOR | kl. 3.40 - 5.50 - 8 | L |
| DATE NIGHT | kl. 6 - 8 - 10 | 10 |
| I LOVE YOU PHILLIP MORRIS | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| AÐ TEMJA DREKANN SINN 3D | kl. 3.40 | L |
| NANNY MCPHEE | kl. 3.40 | 10 |
| BOUNTY HUNTER | kl. 10.15 | 7 |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| SHE´S OUT OF MY LEAGUE | kl. 6 - 8 - 10 | 12 |
| DATE NIGHT | kl. 10 * Síðasta sýning | 10 |
| THE SPY NEXT DOOR | kl. 6 - 8 | L |

facebook.com/smarabio

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| DAS WEISSE BAND | kl. 5.20 - 8 | 14 |
| THE CRAZIES | kl. 10.20 | 16 |
| CLASH OF THE TITANS 3D | kl. 10.30 | 12 |
| DEAR JOHN | kl. 5.40 - 8 | L |
| KÓNGAVEGUR | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | 10 |
| LOFTKASTALINN SEM HRUNDI | kl. 6 - 9 | 14 |

DAS WEISSE BAND ER Á BÍÓDÖGUM GRÆNA LJÓSSINS

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

| | | |
|---|---|---|
| THE COVE | kl. 8 íslenskur texti | L |
| IMAGINARIUM OF DR. P... | kl. 8 íslenskur texti | 12 |
| CRAZY HEART | kl. 5.45 - 8 íslenskur texti | L |
| UN PROPHÉTE | kl. 6 - 9 enskur texti | 16 |
| BLACK DYNAMITE | kl. 10 íslenskur texti | 16 |
| MOON | kl. 10.15 íslenskur texti | 10 |
| NOWHERE BOY | kl. 10.15 íslenskur texti | 10 |
| TRIAGE | kl. 6 íslenskur texti | 16 |
| THE LAST STATION | kl. 5.50 íslenskur texti | L |

SÝNINGARTÍMA BÍÓDAGA ER AÐ FINNA Á MIDI.IS

NÝTT Í BÍÓ LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus

SHE'S OUT OF MY LEAGUE
THE CRAZIES
SPY NEXT DOOR
DATE NIGHT
DREKANN 3D
ÍSLENSKT TAL
Nanny McPhee

LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| SHE´S OUT OF MY LEAGUE | 8 og 10.10 | 12 |
| THE CRAZIES | 10 | 16 |
| THE SPY NEXT DOOR | 6 | L |
| DATE NIGHT | 8 | 10 |
| I LOVE YOU PHILLIP MORRIS | 8 og 10 | 12 |
| AÐ TEMJA DREKANN SINN 3D | 6 - 3D | L |
| NANNY MCPHEE THE BIG BANG | 5.50 | L |

Þú færð bara eitt „deit“, þegar daman er svona heit.
SHE'S OUT OF MY LEAGUE
SVALASTA MYND ÁRSINS ER KOMIN!
KICK ASS
SHUT UP. KICK-ASS.
EMPIRE - Chris Hewitt
Frábær ný teiknimynd fyrir alla fjölskylduna
Með íslensku tali
HOT TUB TIME MACHINE
DRAGON 3D
CLASH OF THE TITANS 3D

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| SHE´S OUT OF MY LEAGUE | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | 12 |
| OFURSTRÁKURINN M/ ísl. Tali | kl. 5:50 | L |
| KICK ASS | kl. 5:40 - 8 - 10:30 | 14 |
| KICK ASS | kl. 8 - 10:30 | VIP |
| CLASH OF THE TITANS | kl. 8 - 10:30 | 12 |
| CLASH OF THE TITANS | kl. 5:40 | VIP |
| AÐ TEMJA DREKANN SINN 3D M/ ísl. Tali | kl. 5:50(3D) | L |
| AÐ TEMJA DREKANN SINN M/ ísl. Tali | kl. 5:50 | 12 |
| HOT TUB TIME MACHINE | kl. 8 - 10:30 | L |
| THE BLIND SIDE | kl. 8 | 10 |
| MEN WHO STARE AT GOATS | kl. 10:30 | 12 |

SAMBÍÓIN SELFOSSI

| | | |
|---|---|---|
| DATE NIGHT | kl. 8 - 10 | 10 |
| HOT TUB TIME MACHINE | kl. 8 - 10 | 12 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| KICK ASS | kl. 5:50 - 8:10D - 10:40D | 14 |
| OFURSTRÁKURINN M/ ísl. Tali | kl. 6 | L |
| CLASH OF THE TITANS 3D | kl. 8:10(3D) - 10:30(3D) | 12 |
| HOT TUB TIME MACHINE | kl. 8:10 - 10:30 | 12 |
| HOW TO TRAIN YOUR DRAGON 3D ensku. Tali | kl. 6(3D) | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| CLASH OF THE TITANS - 3D | kl. 8 | 12 |
| KICK ASS | kl. 8 - 10:20 | 14 |
| MEN WHO STARE AT GOATS | kl. 10:20 | 12 |

já -er svarið
NÚ GETUR ÞÚ FENGIÐ SÝNINGARTÍMA OG UPPLÝSINGAR UM MYNDIR Í BÍÓ HJÁ JÁ - 118



www.grillbudin.is
LANDMANN
Grillbúðin
www.grillbudin.is
Hlíðasmára 13, Kóp - S. 554 0400
Grill sem endast



Til hamingju, Kristján, með Íslensku þýðingaverðlaunin 2010!

ÓVÍD
Publius Ovidius Naso
UMMYNDANIR
Metamorphoses
KRISTJÁN ÁRNASON ÍSLENSKAÐI

ÍSLENSKU ÞÝÐINGAVERÐLAUNIN
BANDALAG ÞÝÐENDA OG TÚLKA

MENNINGARVERÐLAUN DV
TILNEFND TIL ÍSLENSKU BÓKMENNTAVERÐLAUNANNA

MÁL OG MENNING
www.forlagid.is

# Fjórða barn Damons



Leikarinn Matt Damon og eiginkona hans, Luciana, eiga von á sínu fjórða barni innan skamms en fyrir eiga hjónin dæturnar Alexiu, Isabellu og Giu.

„Föðurhlutverkið heldur manni niðri á jörðinni. Nú fer maður snemma í háttinn og snemma á fætur. Eiginkona mín er vitur og hugulsöm kona. Ég vona að dætur mínar erfi persónueinkenni hennar,“ sagði Damon í viðtali við US Weekly. „Ég bý einn með fjórum konum og hef því ekkert vald á heimilinu,“ sagði leikarinn viðkunnanlegi en vinur og samstarfsfélagi Damons, leikarinn Ben Affleck, er einnig í minnihluta á heimili sínu, því hann á tvær dætur með eiginkonu sinni.

**FAÐIR Á NÝ** Matt Damon á von á sínu fjórða barni með eiginkonu sinni Lusiönu Keiser.

# Sandra orðin móðir

Í forsíðuviðtali við People Magazine segir Óskarsverðlaunaleikkonan Sandra Bullock í fyrsta sinn frá því að hún eigi ættleiddan son. Bullock og fyrrum eiginmaður hennar, Jesse James, sóttu um að ættleiða barn fyrir nokkrum árum og fengu soninn Louis Bardo í hendurnar í janúar á þessu ári. Þau ákváðu þó að halda fréttunum leyndum þar til að Óskarsverðlaunum loknum svo þau gætu fengið næði með hinum nýja fjölskyldumeðlimi. Nú hefur Bullock þó sótt um skilnað frá James vegna meintra framhjáhalda hans og er skráð sem einstæð móðir. „Hann er yndislegur og það er nánast eins og hann hafi ávallt verið hluti af lífi mínu,“ segir Bullock um son sinn sem fæddist í New Orleans.



**HAMINGJUSÖM MÓÐIR** Sandra Bullock ættleiddi soninn Louis Bardo í janúar, en hélt því leyndu fyrir fjölmiðlum þar til nú. NORDICPHOTOS/GETTY

# Signý Björg sýnir

Signý Björg Guðlaugsdóttir hefur sett upp sýningu með verkum sínum í Galleríi KvikkFix í Kópavogi. Signý Björg flutti heim til Íslands síðasta sumar eftir að hafa stundað nám í stafrænni fjölmiðlahönnun við Victoria University of Wellington á Nýja-Sjálandi. Eftir útskrift starfaði Signý Björg hjá Weta Digital, fyrirtæki sem er í eigu leikstjórans Peters Jackson.

Á sýningunni má sjá bæði ljósmyndir á striga auk myndverka og málverka og stendur hún yfir til júníloka.

Auk þess að hafa unnið að list sinni undanfarið ár vann Signý tímabundið hjá kvikmyndafyrirtæki en dvelur nú í London þar til í lok sumars. - sm



**LIST Í KÓPAVOGI** Signý Björg Guðlaugsdóttir hefur sett upp sýningu með verkum sínum í Gallerí KvikkFix.



**ENGINN TANNBURSTI** Jessica Simpson segist aðeins bursta í sér tennurnar þrisvar í viku. NORDICPHOTOS/GETTY

# Notar ekki tannbursta

**Söngkonan Jessica Simpson var gestur í spjallþætti Ellenar DeGeneres fyrir stuttu og viðurkenndi að hún tannburstaði sig aðeins þrisvar í viku. „Tennur mínar eru svo hvítar og mér finnst þær verða sleipar ef ég tannbursta þær. En ég nota tannþráð daglega,“ sagði söngkonan sem segist jafnframt nota handklæði í stað tannbursta. „Ég veit að það er hálf ógeðslegt, en ég er ekki andfúl. Það er mjög einkennilegt, en ég er aldrei andfúl.“**








EINSTAKT TÆKIFÆRI!

Vegna breytinga á HTH-sýningarsal okkar í Lágmúla 8 bjóðum við nú þessar fjórar eldhúsinnréttingar með ***ótrúlegum afslætti***:

HTH



INNRÉTTING NR. 1
Straight · Svört háglans / Hvíttuð eik

- Neðri skápar: 240 cm, 2 skúffueiningar, 1 skápur
- Rými fyrir uppþvottavél
- Efri skápar: 240 cm, 4 skápar úr hvíttaðri eik
- Eyja: 210 x 90 cm, 3 skúffueiningar
- Vantar ofnskáp en gert ráð fyrir kæliskáp í innréttingu á vegg.

*Upphaflegt verð: Kr. 1.200.000,-* án borðplötu, stálvasks og blöndunartækja
**TILBOÐSVERÐ: Kr. 430.000,-**

- Borðplata (Resopal), stálvaskur og blöndunartæki á umsemjanlegu verði til kaupanda.
- Aukaskápar með 35% afslætti

INNRÉTTING NR. 2
Modern Alu · KX Light Structure

- L–laga innrétting: 306 x 301 cm
- Neðri skápar: 4 skúffueiningar, 2 skápar, 1 hornskápur
- Efri skápar: 2 glerskápar, 1 rúlluhurðaskápur
- Vantar ofnskáp og ekki gert ráð fyrir kæliskáp í innréttingu.

*Upphaflegt verð: Kr. 1.400.000,-* með borðplötum, stálvaski og blöndunartækjum
**TILBOÐSVERÐ: Kr. 495.000,-**

- Aukaskápar með 35% afslætti





INNRÉTTING NR. 3
Plain Black · Sprautulökkuð svört / rauð

- L–laga innrétting: 340 x 290 cm
- Neðri skápar: 7 svartar skúffueiningar
- Vandaður hornskápur
- Efri skápar: 4 glerskápar, 3 rauðlakkaðir skápar
- Veggpanell fylgir
- Vantar ofnskáp og ekki gert ráð fyrir kæliskáp og helluborði í innréttingu.

*Upphaflegt verð: Kr. 2.300.000,-*
**TILBOÐSVERÐ: Kr. 790.000,-** án borðplötu.

- Borðplata (Himax) – verð umsemjanlegt
- Aukaskápar með 35% afslætti

*Glæsilegar innréttingar!*

INNRÉTTING NR. 4
Horizon White Oak · Hvíttuð eik, lökkuð

- Veggeining: Hæð: 227 cm, Lengd: 300 cm, Rými fyrir 2 kæliskápa, Ofnskápur, Alls 6 skápar
- Eyja: Lengd 3 x 1,24 metrar, 3 skúffueiningar, 2 skápar, Gat fyrir helluborð, Rými fyrir uppþvottavél, Vaskur fylgir

*Upphaflegt verð: Kr. 1.700.000,-* með borðplötu.
**TILBOÐSVERÐ: Kr. 590.000,-**

- Aukaskápar með 35% afslætti



ORMSSON
*Allar nánari upplýsingar veita sölumenn okkar.*
*LÁGMÚLA 8 · Símar 530–2819 og 530–2821*
*Fyrstur kemur –fyrstur fær!*

## > Löwen í þriðja sætið

Einn leikur fór fram í þýsku úrvalsdeildinni í handknattleik í gær er Íslendingaliðin Rhein-Neckar Löwen og Lemgo mættust á heimavelli Löwen. Það var heimaliðið sem vann tveggja marka sigur, 29-27, eftir að hafa leitt með fjórum mörkum í leikhléi, 17-13. Ólafur Stefánsson skoraði tvö mörk fyrir Löwen en Snorri Steinn Guðjónsson komst ekki á blað. Vignir Svavarsson skoraði fjögur mörk fyrir Lemgo en Logi Geirsson var ekki í leikmannahópi liðsins. Löwen komst með sigrinum upp í þriðja sæti deildarinnar en Lemgo er í sjöunda sæti.



**sport**

sport@frettabladid.is

**EINAR ANDRI EINARSSON:** EKKI LENGUR AÐALÞJÁLFARI FH EN ÓTTAST EKKI AÐ VERIÐ SÉ AÐ BOLA HONUM ÚT

# *Kristján hefur valdið ef við erum ósammála*

FH-ingar tilkynntu í vikunni að Kristján Arason hefði verið ráðinn íþróttastjóri handknattleiksdeildar félagsins. Misskilnings hefur gætt hjá fólki með þessa ráðningu sem áttar sig ekki nákvæmlega á því hvert hans starf sé í raun og veru. Er Kristján ráðgjafi eða einfaldlega þjálfari liðsins?

Fréttablaðið spurði Einar Andra Einarsson, sem er titlaður þjálfari liðsins, að þessu og komst að því að Kristján er hinn raunverulegi aðalþjálfari liðsins þó svo starfstitillinn gefi það ekki endilega upp.

„Ég mun koma til með að stýra þjálfuninni í samráði við Kristján og við verðum svo saman á bekknum. Þar verður hann meira áberandi en ég. Hann hefur valdið með allar lokaákvarðanir ef við skyldum vera eitthvað ósammála," segir Einar Andri en er hann þá ekki orðinn í raun aðstoðarþjálfari liðsins en ekki þjálfari eins og síðasta vetur?



„Það fer eftir því hvernig á það er litið. Við verðum með skýra verkaskiptingu og hann er yfir á ákveðnum sviðum. Ég mun hafa þjálfunina undir mínum væng á meðan hann stýrir leikskipulagi og tekur ákvarðanir þar að lútandi. Við erum að prófa nýjar leiðir hér á landi í þessum málum."

Hermt er að Einar Andri hafi verið ósáttur við þetta útspil handknattleiksdeildarinnar enda rétt rúmar tvær vikur síðan gefið var út að hann myndi þjálfa liðið áfram. Hann segir það ekki vera rétt.

„Ég fagna komu Kristjáns. Handboltalega er það frábært fyrir félagið að fá hans reynslu og þekkingu inn í þetta hjá okkur," segir Einar Andri en er með þessari ráðningu Kristjáns ekki verið að bola honum út? „Alls ekki. Við verðum bara í góðu samstarfi og maður getur alltaf lært eitthvað nýtt í handbolta enda ekki háaldraður í þessum fræðum. Koma hans er lyftistöng fyrir félagið."


## Tónlistarskóli FÍH

**auglýsir eftir umsóknum um skólavist fyrir skólaárið 2010-2011**



Innritun nýnema fyrir næsta skólaár 2010-2011 stendur yfir hjá Tónlistarskóla FÍH til 3. maí n.k. Sótt er um skólavist á heimasíðu skólans www.fih.is/sk og á rvk.is (Rafræn Reykjavík)

Allir nýnemar þreyta inntökupróf í skólann.Umsækjendur fá bréf um tíma fyrir inntökupróf en þau fara fram dagana 17-19. maí n.k. Umsækjendur fá svar um skólavist fyrir 15. júní nk.

Tónlistarskóli FÍH er framsækinn skóli með vel menntaða úrvalskennara sem eru virkir þátttakendur í íslensku tónlistarlífi.

Skólinn býður nemendum sínum gott námsumhverfi og fjölbreytt námsframboð. Um leið eru gerðar kröfur til nemenda hvað varðar ástundun og námsframvindu. Ef þú vilt verða góður tónlistarmaður er Tónlistarskóli FÍH rétti skólinn fyrir þig.

**Lifandi tónlist – Lifandi fólk**



**Auglýsingasími**

**512 54 01**

FRÉTTABLAÐIÐ

Allt sem þú þarft...


# Mourinho reisti varnarmúr

**Inter spilaði einhvern leiðinlegasta fótbolta sem sést hefur í áraraðir á Camp Nou í gær. Fótboltinn var þó árangursríkur því Inter sló út Evrópumeistara Barcelona og er komið í úrslitaleik Meistaradeildar Evrópu í ár.**

**FÓTBOLTI** Barcelona lagði Inter, 1-0, í síðari leik liðanna í undanúrslitum Meistaradeildar Evrópu í gær. Úrslitin þýða að Inter er komið í úrslit keppninnar þar sem liðið vann fyrri leikinn 3-1 og rimmuna því 3-2 samanlagt. Inter spilaði manni færri í 62 mínútur en náði samt að halda út og klára leikinn.

Fyrri hálfleikur fer nú seint í sögubækurnar fyrir skemmtanagildi. Dagskipunin hjá José Mourinho, þjálfara Inter, var skýr – að verjast. Inter virtist hreinlega vera illa við boltann og gaf hann frá sér ítrekað til þess eins að verjast.

Börsungar áttu engin svör við afar þéttum og vel skipulögðum varnarleik Inter og skapaði í raun ekki eitt einasta marktækifæri allan fyrri hálfleikinn.

Umdeilt atvik átti sér síðan stað á 28. mínútu. Thiago Motta, leikmaður Inter, setti þá hendina í andlitið á Busquets, leikmanni Barcelona. Sá síðarnefndi féll með tilþrifum, dómarinn gekk í gildruna og sendi Motta af velli sem varð æfur í kjölfarið. 62 mínútur eftir og Inter varð að verja forskot sitt með tíu leikmenn inni á vellinum.

Þrátt fyrir að vera manni færri gekk Inter áfram afar vel að verjast og Börsungar áttu engin svör og gekk þeim nákvæmlega ekki neitt að opna vörn ítalska liðsins. Liðið reyndi annaðhvort að þjósnast í gegnum miðja vörn Inter eða gefa sendingar inn í teiginn sem var þétt setinn. Enginn hraði var í spili Börsunga og þeir vissu í rauninni ekki sitt rjúkandi ráð.

Barcelona fékk líflínu á 84. mínútu er Gerard Pique skoraði. Hann fékk sendingu í teiginn, snéri af sér varnarmann og skoraði með laglegu skoti. Skömmu áður hafði Bojan Krkic klúðrað dauðafæri sem reyndist Barca dýrkeypt.



**GRÍÐARLEG GLEÐI** José Mourinho, þjálfari Inter, réð sér ekki fyrir kæti eftir leikinn og hljóp um völlinn eins og óður stríðsmaður. Victor Valdes, markvörður Barcelona, kunni ekki að meta tilþrifin og reif aðeins í þjálfarann. NORDIC PHOTOS/AFP

Talsvert meira líf var í Börsungum á lokamínútunum en tíu manna varnarmúr Inter hélt og leikmenn liðsins fönguðu hreint ógurlega í leikslok. Líklega þó enginn meira en herforinginn José Mourinho sem forráðamenn Barcelona höfðu reynt að lítillækka fyrir leik, meðal annars með því að kalla hann túlkinn en hann vann eitt sinn sem slíkur hjá félaginu.

„Ég verð að segja að tilfinningin núna er betri en að vinna sjálfa Meistaradeildina," sagði Mourinho eftir leikinn.

„Við þurftum að breyta okkar leik er við missum Motta af velli. Að lokum snérist þetta um hvort liðið vildi meira komast í úrslit. Það gerist alltaf eitthvað magnað er ég spila gegn Barcelona. Það er ekkert nýtt fyrir mér. Ég vil sjá stuðningsmennina mæta út á flugvöll til að taka á móti okkur. Ég get staðfest að ég verð áfram hjá Inter á næsta ári." **henry@frettabladid.is**


**GOTT VERÐ & FRÁBÆR GREIÐSLUKJÖR**

**fyrir þá fjölmörgu sem þurfa að kaupa ný dekk fyrir sumarið.**

**MIKIÐ ÚRVAL**

**GOTT VERÐ**



VAXTALAUST Í ALLT AÐ 6 MÁNUÐI

VAXTALAUST

Gildir til 31. maí 2010

VISA & MASTERCARD

*Allar gerðir dekkja á frábærum kjörum!*

ÞRJÁR FULLKOMNAR ÞJÓNUSTUSTÖÐVAR

www.pitstop.is

pitstop

Rauðhellu 11, Hfj. ☎ 568 2035

Hjallahrauni 4, Hfj. ☎ 565 2121

Dugguvogi 10 ☎ 568 2020

# Mæðgur tengja meistaralið Vals

Mæðgurnar Magnea Friðriksdóttir og Katrín Andrésdóttir hafa báðar orðið meistarar með Val. Magnea var fyrirliði liðsins sem vann fyrir 27 árum en Katrín varð meistari á dögunum í síðasta leiknum sínum.

**HANDBOLTI** Kvennalið Vals í handbolta varð á sunnudaginn Íslandsmeistari í fyrsta sinn í 27 ár. Meðal áhorfenda í Framheimilinu var Magnea Friðriksdóttir, fyrirliði Valsliðsins 1983, og inni á vellinum var dóttir hennar, Katrín Andrésdóttir, tilbúin að fórna bakinu fyrir það að verða Íslandsmeistari áður en hún varð að leggja skóna á hilluna aðeins 24 ára gömul.

„Það var hrikalega flott að sjá stelpuna verða meistari," sagði Magnea sem, fyrir hönd meistaraliðsins fyrir 27 árum, afhenti Valsliðinu eftir leikinn 27 rauðar rósir, eina fyrir hvert ár sem félagið er búið að bíða eftir að fá bikarinn heim.

„Þetta var mjög stór stund og alveg geggjað. Það var enn þá skemmtilegra að taka þetta í framlengingu og þetta var alveg geðveikt," segir Katrín sem man alveg eftir myndinni af mömmu sinni að lyfta Íslandsbikarnum þremur árum áður en hún fæddist.

„Ég er oft búin að reyna að lýsa þessu en sem betur fer fékk hún að upplifa þetta áður en hún þurfti að hætta. Það er hrikaleg hamingja hjá mér að sjá hana vinna þetta því hún þarf bara að upplifa þetta einu sinni. Þetta er svo ofboðsleg tilfinning að þetta dugar henni alveg," segir Magnea.

„Hún er með fæðingargalla og má ekkert vera að spila. Hún getur ekki keypt nýtt bak. Ég er alltaf hrædd ef hún dettur eða fær eitthvert högg. Ég er fegin að vita það að hún sé að hætta," segir Magnea.



**MEISTARAMÆÐGURNAR** Magnea Friðriksdóttir og Katrín Andrésdóttir með bikarana sem Katrín vann með Valsliðinu í vetur. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Katrín sjálf þurfti að pína sig í gegnum tímabilið en hún sér ekki eftir því núna.

„Ég var að spá í það að hætta í fyrra en svo gat ég ekki hætt því að við unnum ekki neitt. Ég var síðan alveg að gefast upp um áramótin en ákvað að þrauka fram yfir bikar en þá töpuðum við þar. Mér fannst ég ekki geta hætt þá og þá var ég að spá í að hætta fyrir úrslitakeppnina því ég stóð varla upprétt. Ég er ótrúlega ánægð að hafa þraukað," segir Katrín. Magnea segir þær mæðgur ekki vera líkar inni á vellinum.

„Við erum rosalega ólíkir leikmenn. Ég var leikstjórnandi og mikill fintari. Það var mín sterka hlið því ég dró varla á markið. Ég var ekki skytta eins og Katrín. Hún er svona jaxl í vörn en ég er málband á hæð og hef ekki þennan styrk sem hún hefur," segir Magnea og hún segir að Katrín hefði getað orðið hörkugóður leikmaður ef meiðslin hefðu ekki heft hana.

„Ég á aðra dóttur og hún er í Gróttu og varð Íslandmeistari í 2. deild fyrir tveimur vikum. Ég er með tvo meistara og vona svo að tengdasonurinn bætist við þannig að ég fái þriðja meistarann inn á heimilið. Ég vona að það verði gull um allt hús," segir Magnea en kærasti Katrínar er Fannar Þór Friðgeirsson, leikmaður karlaliðs Vals, sem byrjar úrslitin sín á morgun.

„Ég held ég sé meira að gera fólkið í kringum mig geðveikt heldur en mig sjálfa. Fannar var miklu stressaðri en ég fyrir úrslitakeppnina enda var það fyrsta sem hann sagði við mig eftir að ég var orðin meistari: Katrín, núna hættir þú," sagði Katrín sem segir það þó vera erfitt að slíta sig frá þessum hóp.

„Ég er búin að fá ótrúlegan mikinn stuðning og líka frá liðsfélögunum og þjálfurunum. Ég mæti ekki á næstum því allar æfingar og tek ekki þátt í nærri því öllu sem á að gera. Ég stend í þakkarskuld við alla leikmenn og þjálfara í liðinu sem hafa þolað mig í vetur. Ég hef aldrei verið í liði þar sem er búin að vera eins sterk liðsheild og í vetur. Það ná allar saman, þær eru allar góðar vinkonur og við erum bara þarna fyrir hver aðra," segir Katrín og bætir við: „Mér líður þannig núna eins og ég sé ekki hætt í handbolta. Það er ekki alveg komið inn enn þá. Ég verð að lifa mig í gegnum Fannar," segir Katrín að lokum. ooj@frettabladid.is



**VONBRIGÐI** Haraldur hefur ekki náð að festa sig í sessi hjá Val. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Haraldur farinn frá Val:

## Lánaður til Þróttara

**FÓTBOLTI** Valur hefur ákveðið að lána Harald Björnsson til Þróttar í sumar en gengið var frá lánssamningnum í gær. Þetta kom fram á heimasíðu Vals.

Haraldur er uppalinn hjá Val en hann hefur einnig verið á mála hjá Hearts í Skotlandi.

Kjartan Sturluson verður því aðalmarkvörður Vals í sumar. - esá

Liverpool byrjað að kaupa:

## Shelvey í raðir rauða hersins

**FÓTBOLTI Charlton hefur ákveðið að selja Jonjo Shelvey til Liverpool um leið og tímabilinu lýkur en þessi efnilegi enski 21 árs landsliðsmaður hefur vakið athygli fyrir frammistöðu sína með félaginu síðan hann lék sinn fyrsta leik aðeins 16 ára og 59 daga gamall.**

**Liverpool borgar strax 1,7 milljónir punda fyrir leikmanninn en hann hefur þegar gengið í gegnum læknisskoðun og samþykkt kaup og kjör.** - óój



# Strákar, njótið þess að spila svona leik

**Keflavík og Snæfell mætast í kvöld í hreinum úrslitaleik um Íslandsmeistaratitilinn í Iceland Express-deild karla. Fannar Ólafsson þekkir vel að spila svona leik en hann hefur verið í tveimur síðustu liðum sem hafa unnið titilinn í oddaleik, 1999 og 2009.**

**KÖRFUBOLTI** Annað árið í röð fer úrslitaeinvígi karla alla leið í oddaleik og það verður örugglega fullt út úr dyrum löngu fyrir úrslitaleik Keflavíkur og Snæfells um Íslandsmeistaratitilinn sem fer fram í Toyota-höllinni í Keflavík og hefst klukkan 19.15 í kvöld.

Fannar Ólafsson, fyrirliði KR, tók við Íslandsmeistarabikarnum eftir 84-83 sigur á Grindavík í oddaleik um titilinn í fyrra og hann var einnig með Keflavíkurliðinu sem vann 88-82 sigur á Njarðvík í síðasta oddaleik þar á undan sem var í Keflavík 1999.

Fannar segir það skemmtilegasta sem hann geri að taka þátt í svona leik og byrja að hita upp fyrir framan tvö þúsund manns og húsið orðið fullt einum og hálfum tíma fyrir leik.

„Ég held að þetta verði slagsmálaleikur og svakaleg átök. Það hentar Keflavík mjög vel að spila mjög fast og spila framarlega. Ég held að Snæfell verði að passa upp á það að fara ekki að hlaupa með þeim og þá sérstaklega ef Keflvíkingarnir komast í þannig gír. Ég held að spennufallið hjá Snæfellingum eftir að hafa tapað leiknum á mánudaginn geti reynst þeim dýrt. Það gæti orðið erfitt að ná því upp,“ segir Fannar.

„Snæfell er með frábæra einstaklinga og besta leikmann mótsins í Hlyn. Það að vera búnir að tapa úrslitaleiknum síðast getur bara haft svo mikil áhrif,“ segir Fannar en hann var í sömu aðstöðu og Keflavík með KR. KR-liðið lenti 1-2 undir á móti Keflavík en vann tvo síðustu leikina og tryggði sér titilinn.



**ÓLÝSANLEG VÍMA** Fannar Ólafsson fagnar í leikslok eftir að KR vann titilinn eftir oddaleikinn á móti Grindavík í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

„Þá komum við út og spiluðum leikinn og það held ég að Snæfellingarnir verði að gera. Þeir verða að koma út og spila á milljón því þá eiga þeir fínan möguleika. Þar kemur reynslan inn í þetta. Ég held að allir þessir strákar í Keflavík sem eru aldir upp við þetta skilji þetta því þeir eru búnir að fara í gegnum milljón svona leiki,“ segir Fannar.

„Ingi Þór fór í gegnum sama pakka með okkur í fyrra og hann veit alveg hvað hann þarf að gera til að spennustigið verði rétt. Hann og Benni komu með hrikalega flotta útfærslu á því í fyrra og ég efa það ekki að Ingi dragi upp gömlu glæruna frá því í fyrra sem hann fór yfir með okkur. Hann ætti að gera það og ég myndi gera það því það hentaði okkur rosalega vel,“ segir Fannar en hann er samt á því að það dugi samt ekki í kvöld.

„Það er mín tilfinning að Keflvíkingar átti sig betur á því hvaða aðstæður þeir eru að fara inn í á morgun og kunna þar með betur að undirbúa sig andlega. Ég ætla að spá Keflvíkingum sigri en það má ekki heldur vanmeta þátt Hlyns Bæringssonar og Sigga Þorvalds. Ef þeir verða í stuði þá verður þetta svakalegur leikur eins og á að vera.“

Fannar segir sigurtilfinninguna eftir svona leik vera nánast ólýsanlega. „Það er erfitt að lýsa því að spila svona leik, vera alveg örmagna eftir leikinn og vera að fagna sigri. Líkaminn hlýtur að framleiða eitthvað óvenjumikið magn af endorfíni því þetta er einhver víma sem maður kemst í. Tilfinningin er alveg einstök og það er þess vegna að maður æfir körfubolta í níu mánuði á ári og er aldrei heima hjá sér á kvöldin. Það er til þess að komast í svona leiki. Það eru líka skilaboð til þeirra sem eru komnir þangað núna að njóta dagsins. Strákar, njótið þess að spila svona leik,“ segir Fannar að lokum.

**ooj@frettabladid.is**

## SPEKINGAR SPÁ Í SPILIN: Flestir spá Keflavík sigri í oddaleiknum á móti Snæfelli í kvöld

Fréttablaðið fékk nokkra valinkunna sérfræðinga til að spá í spilin fyrir oddaleik Keflavíkur og Snæfells um Íslandsmeistaratitilinn í körfubolta sem fram fer í kvöld. Allir eiga þessir spekingar það sameiginlegt að hafa sjálfir tekið þátt í slíkum oddaleik, allt aftur til ársins 1985. **- esá**

### Gunnar Þorvarðarson



„Ég held að Keflvíkingar sleppi þessu ekki fyrst þeir fá tækifæri nú til að vinna titilinn á heimavelli. Í þessu liði eru leikmenn sem hafa farið í gegnum þetta allt saman áður og unnið marga titla. Það kæmi mér í raun verulega á óvart ef Snæfell ynni leikinn. Ég á von á jöfnum leik í upphafi en að leiðir muni svo skilja í seinni hálfleik,“ segir Gunnar Þorvarðarson sem varð meistari með Njarðvík árið 1985 eftir sigur á Haukum í oddaleik.

### Pálmar Sigurðsson



„Það er mjög erfitt að spá fyrir um úrslit leiksins. Snæfellingar hafa verið betri á útivelli en heima og það gæti fylgt þeim til Keflavíkur. En þetta mun líka ráðast af dagsforminu. Það má heldur ekki gleyma því að bæði lið eru með afar góðar skyttur en þau þurfa einnig að finna jafnvægið og spila líka vel inn í teig. Ef Keflvíkingar ná að finna það jafnvægi tippa ég á að þeir ættu að geta klárað þetta. Þetta verður þó jafn og spennandi leikur, reikna ég með,“ sagði Pálmar Sigurðsson sem varð Íslandsmeistari með Haukum árið 1988, eftir frægan oddaleik gegn Njarðvík á útivelli þar sem hann setti niður ellefu þrista í tvíframlengdum leik.

### Sigurður Ingimundarson



„Tilfinningin segir mér að Keflavík verði meistari en ég hef ekkert fyrir mér í því. Það er erfiðara að þurfa að sækja sér titilinn ef þú hefur ekki gert það áður. Reynslan og hefðin skipta oft gríðarlega miklu máli. En þetta verður spennandi leikur og ég efa ekki að áhorfendur myndu fá allt fyrir peninginn þótt það myndi kosta tíu þúsund krónur inn. En það er í raun ómögulegt að spá um þetta því þetta mun alfarið ráðast af því hvort leikmenn geri það sem til þeirra er ætlast,“ sagði Sigurður Ingimundarson, þjálfari Njarðvíkur, og margfaldur Íslandsmeistari með Keflavík. Hann varð meistari bæði 1989 og 1992 sem leikmaður eftir sigur í oddaleik í lokaúrslitunum.

### Teitur Örlygsson



Teitur Örlygsson varð meistari Njarðvík árin 1991 og 1994 eftir oddaleik. Í bæði skiptin lenti Njarðvík 2-1 undir í rimmum sínum. „Mér varð einmitt hugsað til þess þegar Keflavík vann í Hólminum og sú tilfinning sem ég hef er að Keflavík vinni titilinn nú. Þetta hefur verið mikið orkuskot fyrir þá að vinna á þessum erfiða útivelli og því hef ég meiri trú á þeim. En ég á von á því að það verði allt í járnum í þessum leik og að hann verði gríðarlega spennandi,“ sagði Teitur.

### Jón Kr. Gíslason



„Keflavík verður meistari – það er alveg ljóst. Ég held að þarna muni hefðin og reynslan hafa úrslitaáhrif. Þessir strákar hafa vanist við það alla tíð að Keflavík vinni titla. En þetta verður spennandi leikur og jafn framan af. Svo þegar nokkrar mínútur eru eftir munu Keflvíkingar síga fram úr og skila tíu stiga sigri. Það er þó fyrst og fremst frábært að fá oddaleik og ég á von á stórskemmtilegum leik,“ sagði Jón Kr. Gíslason sem varð meistari með Keflavík árið 1992. Þá, rétt eins og nú, lentu Keflvíkingar 2-1 undir í úrslitarimmunni gegn Val.




Móðir Jóns Ólafs Jónssonar, Mæja, ekki ánægð með leikstíl Keflavíkurliðsins:

# Keflavík á ekki skilið að vinna

**KÖRFUBOLTI** María Guðmundsdóttir, hársnyrtimeistari í Stykkishólmi, er einn af hörðustu stuðningsmönnum Snæfells og orðin talsvert þekkt í körfuboltaheiminum enda hefur mikið verið sungið um hana í stúkunni í úrslitakeppninni.

María, betur þekkt sem Mæja, er móðir Jóns Ólafs Jónssonar, leikmanns Snæfells, sem er ekki þekktur undir neinu öðru nafni en Nonni Mæju. Stuðningsmenn KR byrjuðu að gera góðlátlegt grín í rimmu liðanna og sungu um alla leikmenn Snæfells líkt og þeir væru synir Mæju.

„Það er búið að eigna mér hálft liðið og ég því orðin ansi rík á stuttum tíma. Ég er bara stolt af því enda stolt af þessum strákum,“ segir Mæja létt í bragði spurð um þessa stríðni. Í síðasta leik sungu stuðningsmenn Snæfells: „Hvar er Mæja“ og endaði söngurinn á því að Mæja stóð upp við mikinn fögnuð viðstaddra. Afar skemmtilegt hjá Hólmurum sem taka hlutina ekki of alvarlega.

Mæja ætlar að reyna að koma á leikinn í kvöld en þarf að vinna til fjögur í dag og veit því ekki hvort hún kemst. Hana langar þó mikið að styðja sína menn gegn liðinu sem hún hefur litlar mætur á.

„Keflvíkingar komast upp með allt of mikið. Þeir eiga ekki skilið að vinna þar sem þeir spila ekki leikinn á réttum forsendum. Þeir gera allt til þess að vinna og hafa líka sagt það. Þetta er ekki í fyrsta skipti sem þeir haga sér svona. Þeir beita ýmsum brögðum til að klekkja á andstæðingnum. Leikur þeirra er ekki alltaf íþróttamannslegur,“ segir Mæja ákveðin og bætir við:



**Í STUÐI Í STÚKUNNI** Mæja tekur virkan þátt í stuðningi við Snæfellsliðið í stúkunni. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

„Eitt sinn gengu þeir svo langt að rústa baðherbergið í klefanum eftir tapleik. Það er ekki íþróttamannsleg framkoma. Þetta er bara leikur og það geta ekki allir alltaf unnið,“ sagði Mæja en sonur hennar, Jón, er búinn að jafna sig af lungnabólgu og verður vonandi í fullu fjöri í kvöld. Hvernig leggst leikurinn í Mæju?

„Ég vona að mínir menn klári þetta og ég hef fulla trú á því að þeir klári verkefnið og komi með bikarinn í Hólminn.“ **- hbg**

# WHIRLPOOL **DAGAR**

**FRÁBÆR TILBOÐ** í gangi á þvottavélum, þurrkurum, uppþvottavélum og öðrum heimilistækjum frá stærsta framleiðanda í heimi.

# 10-60% AFSLÁTTUR




# LOKADAGAR

**Whirlpool dögum lýkur á morgun föstudag!**

LOKAÐ LAUGARDAGINN 1. MAÍ



**UPPÞVOTTAVÉLAR**
Verð frá kr. 79.995



**ÞVOTTAVÉLAR**
Verð frá kr. 89.995



**ÞURRKARAR**
Verð frá kr. 79.995

**OFNAR, HÁFAR OG HELLUBORÐ Á FRÁBÆRU VERÐI!**

Whirlpool

Heimilistæki ht.is

HAFNARGÖTU 90 **REYKJANESBÆ** S: 414 1740 • EYRARVEGI 21 **SELFOSSI** S: 480 3700 • GARÐARSBRAUT 18A **HÚSAVÍK** S: 464 1600 • GLERÁRGÖTU 36 **AKUREYRI** S: 460 3380 • SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** S: 569 1500



> Ben McKenzie

„Ég er alls ekki slæmur strákur. Sú ímynd var búin til fyrir sjónvarpið en ég viðurkenni alveg að ég spilaði með í því.“

***McKenzie fer með aðalhlutverkið í lögregluþættinum Southland sem Stöð 2 sýnir í kvöld kl. 21.25. Fyrr í dag endursýnir stöðin þátt úr þáttaröðinni The O.C. þar sem hann hann fór með hlutverk vandræðadrengsins Ryans.***

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ FREYR BJARNASON FYLGIST SPENNTUR MEÐ HM Í SNÓKER

# *Steve Davis sýndi gamalkunn tilþrif*

Það hefur verið hrein unun að fylgjast með heimsmeistaramótinu í snóker sem fer fram í Sheffield á Englandi um þessar mundir. Mótið hefur verið sýnt á Eurosport undanfarna daga og hefur spennan verið rafmögnuð.



Viðureign gömlu kempunnar Steve Davis og núverandi heimsmeistara, Johns Higgins, um síðustu helgi var sérlega skemmtileg. Vakti það að vonum mikla athygli þegar hinn 52 ára Davis bar sigur úr býtum eftir æsilega rimmu við meistarann. Davis vann með þrettán römmum gegn ellefu og sýndi að hann er ekki dauður úr öllum æðum þrátt fyrir að 21 ár sé liðið síðan hann varð síðast heimsmeistari. Fögnuðurinn í salnum að viðureigninni lokinni var eftir því og talað var um það að frammistaða Davis hefði verið ein sú besta á ferli hans. Svo virðist reyndar sem of mikil orka hafi farið hjá Davis í einvígið því hann er núna dottinn úr keppni eftir að hafa tapað illa í 8-manna úrslitunum gegn Ástralanum Neil Robertson. Gaman hefði verið að sjá Davis ná lengra í keppninni, rétt eins og annan fyrrverandi heimsmeistara, Steven Hendry, sem er einnig dottinn úr keppni. Þulirnir á Eurosport töluðu ekki um annað en hversu mikið hann hefði dalað síðan hann var upp á sitt besta fyrir áratug, enda var sorglegt að sjá þennan sjöfalda heimsmeistara gera hver mistökin á fætur öðrum í sínu einvígi gegn Mark Selby.

Heimsmeistaramótinu í Sheffield lýkur á mánudaginn eftir sautján daga törn og verður spennandi að fylgjast með því hvaða snillingur stendur á endanum uppi sem sigurvegari.

## FIMMTUDAGUR



▶ **19.00** **Keflavík – Snæfell, beint** STÖÐ 2 SPORT



▶ **20.10** **Skólahreysti 2010, beint** SJÓNVARPIÐ



▶ **20.10** **The Office** SKJÁREINN



▶ **20.10** **Simmi & Jói og Hamborgarafabrikkan** STÖÐ 2



▶ **20.15** **Sjálfstætt fólk** STÖÐ 2 EXTRA

## SJÓNVARPIÐ

**15.40 Kiljan** (e)
**16.35 Leiðarljós**
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Hvaða Samantha?** (25:35)
**17.55 Stundin okkar** (e)
**18.25 Loftslagsvinir** (Klima nørd) (6:10) Dönsk þáttaröð. Hvað er að gerast í loftslagsmálum? Og hvað getum við gert? Léttgeggjaði prófessorinn Max Temp og sonur hans velta fyrir sér ástandi jarðarinnar.
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
▶**20.10 Skólahreysti 2010** Bein útsending frá úrslitakeppni stráka og stelpna í 9. og 10. bekk grunnskólanna í upphífingum, armbeygjum, dýfum og hraðaþraut. Kynnar eru Ásgeir Erlendsson og Felix Bergsson.
**22.00 Tíufréttir**
**22.10 Veðurfréttir**
**22.15 Herstöðvarlíf** (Army Wives) Bandarísk þáttaröð um eiginkonur hermanna sem búa saman í herstöð og leyndarmál þeirra. Aðalhlutverk: Kim Delaney, Catherine Bell, Sally Pressman, Brigid Brannagh, Sterling K. Brown og Brian McNamara.
**23.00 Glæpurinn** (Forbrydelsen 2) (10:10) Dönsk sakamálaþáttaröð. Aðalhlutverk: Sofie Gråbøl, Mikael Birkkjær, Nicolas Bro, Ken Vedsegaard, Stine Prætorius, Morten Suurballe og Flemming Enevold. (e)
**00.00 Kastljós** (e)
**00.35 Fréttir** (e)
**00.45 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**08.00 The Game Plan**
**10.00 The Spy who Loved Me**
**12.05 Pokemon 6**
**14.00 The Game Plan**
**16.00 The Spy who Loved Me**
**18.05 Pokemon 6**
**20.00 Jesse Stone: Night Passage**
**22.00 The Last Time**
**00.00 Gladiator**
**02.30 Irresistible**
**04.10 The Last Time**
**06.00 The Ex**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Harry and Toto og Stóra teiknimyndastundin.
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors**
**10.15 Sjálfstætt fólk**
**11.00 Burn Notice** (15:16)
**11.50 Amazing Race** (4:11)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 NCIS** (13:19)
**13.45 La Fea Más Bella** (160:300)
**14.30 La Fea Más Bella** (161:300)
**15.15 The O.C.** (6:27)
**16.00 Barnatími Stöðvar 2** Háheimar, Stuðboltastelpurnar og Scooby-Doo og félagar.
**17.08 Bold and the Beautiful**
**17.33 Nágrannar**
**17.58 The Simpsons** (8:22)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Two and a Half Men** (1:24)
**19.45 How I Met Your Mother** (8:20)
▶**20.10 Simmi & Jói og Hamborgarafabrikkan** Raunveruleikaþáttur með Simma og Jóa sem nú hafa söðlað um og ætla að opna veitingastaðinn Hamborgarafabrikkuna.
**20.40 NCIS** (17:25) Spennuþáttaröð um sérsveit lögreglumanna sem rannsaka glæpi tengda hernum eða hermönnum á einn eða annan hátt.
**21.25 Southland** (5:7) Lögregluþættir sem fjalla um líf og störf lögreglumanna í Los Angeles. Þar er glæpatíðnin með því hæsta sem um getur og morð nánast daglegt brauð.
**22.10 The Fixer** (3:6) Breskur krimmi í anda Spooks og 24.
**23.00 Twenty Four** (13:24)
**23.45 Supernatural** (8:16)
**00.25 Fatal Contact: Bird Flu in America**
**01.50 The Book of Revelation**
**03.45 NCIS** (17:25)
**04.30 Southland** (5:7)
**05.15 Two and a Half Men** (1:24)
**05.40 Fréttir og Ísland í dag**

## STÖÐ 2 SPORT *besta sætið*

**07.00 Meistaramörk** Allir leikir kvöldsins í Meistaradeild Evrópu skoðaðir.
**07.20 Meistaramörk**
**07.40 Meistaramörk**
**08.00 Meistaramörk**
**08.20 Meistaramörk**
**16.30 Inside the PGA Tour 2010** Skyggnst á bak við tjöldin í PGA mótaröðinni í golfi.
**16.55 Meistaradeild Evrópu** Endursýndur leikur.
**18.40 Meistaramörk**
▶**19.00 Keflavík - Snæfell** Bein útsending frá úrslitaleik í Iceland Express-deildinni
**21.00 Liverpool - Atl. Madrid** Útsending frá leik í Evrópudeildinni í knattspyrnu. Leikurinn er sýndur í beinni útsendingu kl. 18.55 á SPORT 3.
**22.40 24/7 Mayweather - Mosley** Hitað upp fyrir bardagann og fylgst með undirbúningi fyrir hann.
**23.10 Keflavík - Snæfell** Útsending frá úrslitaleik í Iceland Express-deildinni
**00.50 Liverpool - Atl. Madrid** Útsending frá leik í Evrópudeildinni í knattspyrnu.

## STÖÐ 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**15.45 Aston Villa - Birmingham** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**17.25 Bolton - Portsmouth** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**19.05 Season Highlights** Allar leiktíðir Úrvalsdeildarinnar gerðar upp í hröðum og skemmtilegum þætti.
**20.00 Premier League World** Enska úrvalsdeildin skoðuð frá ýmsum hliðum.
**20.30 PL Classic Matches: Newcastle - Man Utd, 2001**
**21.00 PL Classic Matches: Man United - Newcastle, 2002**
**21.30 Premier League Review** Rennt yfir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni.
**22.25 Coca Cola mörkin** Sýnt frá öllum leikjunum í Coca-Cola deildinni.
**22.55 Wolves - Blackburn** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**07.10 Nýtt útlit** (9:11) (e)
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Pepsi MAX tónlist**
**12.00 Nýtt útlit** (9:11) (e)
**12.50 Pepsi MAX tónlist**
**16.05 Djúpa laugin** (10:10) (e)
**17.05 Dr. Phil** Sjónvarpssálfræðingurinn dr. Phil McGraw hjálpar fólki að leysa vandamál.
**17.50 America's Next Top Model** (e)
**18.55 Girlfriends** (13:22) (e)
**19.15 Game Tíví** (14:17)
**19.45 King of Queens** (25:25) (e)
▶**20.10 The Office** (26:28) Bandarísk gamansería um skrautlegt skrifstofulið hjá pappírssölufyrirtækinu Dunder Mifflin.
**20.35 Parks & Recreation** (6:6) Bandarísk gamansería með Amy Poehler í aðalhlutverki. Leslie fer á mikilvægt stefnumót með áhrifamanni í bænum.
**21.00 Royal Pains** (2:13) Ný þáttaröð um ungan lækni sem slær í gegn sem einkalæknir ríka fólksins í Hamptons.
**21.50 Law & Order** (1:22) Bandarískur sakamálaþáttur um störf rannsóknarlögreglumanna og saksóknara í New York.
**22.40 Heroes** (2:19) Bandarísk þáttaröð um fólk sem býr yfir yfirnáttúrlegum hæfileikum.
**23.25 Jay Leno**
**00.10 The Good Wife** (16:23) (e)
**01.00 Battlestar Galactica** (15:22)
**01.40 King of Queens** (25:25) (e)
**02.05 Worlds Most Amazing Videos (11:13)**
**02.45 Pepsi MAX tónlist**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Ipad og Apple heimurinn. Gestir Ingva Hrafns eru Jón Axel Jónsson, Steingrímur Árnason og Bjarni Ákason.
**21.00 Eitt fjall á viku** Þáttur Ferðafélags Íslands.
**21.30 Eldhús meistaranna** Magnús Ingi Magnússon mætir í eldhúsið á Veitingahúsinu Domo.
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 SPORT 3 KL. 18.55 Liverpool - Atletico Madrid, beint



Það er sannkallaður stórleikur í kvöld á Anfield þegar Liverpool tekur á móti Atletico Madrid í síðari leik liðanna í Evrópudeildinni í knattspyrnu. Atletico Madrid vann fyrri leik liðanna 1-0 og stendur því betur að vígi. Báðum liðum hefur gengið illa í deildinni heimafyrir en í þessum leik er sæti í úrslitaleiknum í húfi og öruggt að barist verður til síðasta blóðdropa.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ Law & Order

### Skjár einn kl. 21.501

Skjár einn byrjar í kvöld að sýna sextándu þáttaröðina af hinum sívinsæla sakamálaþætti Law & Order. Í fyrsta þættinum er ungri stúlku rænt og mannræninginn finnst en hann neitar að segja hvar hún er nema hann geti samið um að fara ekki í fangelsi.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst
**06.50** Bæn
**07.03** Vítt og breitt
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.05** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Litla flugan
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Hádegisútvarpið
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Ekkert eins og var
**14.03** Allir í leik
**15.03** Útvarpssagan: Borg
**15.25** Mánafjöll
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.05** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.16** Spegillinn
**18.50** Veðurfregnir
**18.53** Dánarfregnir
**19.00** Úr gullkistunni
**19.27** Sinfóníutónleikar
**22.05** Veðurfregnir
**22.10** Orð kvöldsins
**22.25** Útvarpsperlur: Það eðla fljóð gekk aðra slóð
**23.25** Bláar nótur í bland
**00.05** Næturtónar

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 91,9** Kaninn
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7**FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 102,2** Útvarp Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun

## 2 EXTRA

**17.00 The Doctors** Spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey þar sem fjórir læknar á ólíkum sviðum veita aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um heilsufarsmál.

**17.45 Gilmore Girls** (16:22) Lorelai Gilmore er einstæð móðir sem býr í góðu yfirlæti í smábænum Stars Hollow ásamt dóttur sinni Rory. Þar rekur hún gistiheimili og hugsar vel um vini og vandamenn.

**18.30 Friends** (4:24) Rachel flytur tímabundið í íbúðina hans Ross vegna þess að Monica og Chandler ætla að búa saman.

**19.00 The Doctors**

**19.45 Friends** (4:24) Rachel flytur tímabundið í íbúðina hans Ross vegna þess að Monica og Chandler ætla að búa saman. Rachel fréttir fyrir slysni að Ross sé ekki búinn að ógilda hjónabandið

▶**20.15 Sjálfstætt fólk** Endursýndur þáttur frá síðasta sunnudag.

**21.00 Fréttir Stöðvar 2**

**21.25 Ísland í dag**

**21.50 Grey's Anatomy** (19:24) Dramaþáttur sem gerist á skurðstofu á Grace-spítalanum í Seattle en þar starfa ungir og bráðefnilegir skurðlæknar.

**22.35 Ghost Whisperer** (13:23) Magnaður spennuþáttur með Jennifer Love Hewitt í hlutverki sjáandans Melindu Gordon.

**23.20 Goldplated** (5:8) Bresk þáttaröð í anda Footballer's Wives og Mile High. Hér er sagt frá skrautlegu lífi ungra glæsikvenna sem hafa þau einu framtíðaráform að gifta sig til fjár.

**00.05 Gilmore Girls**

**00.50 Sjáðu**

**01.20 Fréttir Stöðvar 2**

**01.25 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**12.40** My Family **13.10** The Weakest Link **13.55** New Tricks **14.45** The Vicar Of Dibley **15.15** Only Fools and Horses **15.45** Blackadder the Third **16.15** EastEnders **16.45** The Weakest Link **17.30** Lead Balloon **18.00** Life of Riley **18.30** Spooks **19.20** State of Play **20.10** Life of Riley **20.35** The Vicar Of Dibley **21.05** The Vicar Of Dibley **21.35** The Vicar Of Dibley **22.05** Monarch of the Glen **22.55** Spooks **23.45** State of Play

## DR 1

**12.00** Hvad er det værd? **12.30** Spise med Price **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Boogie **14.30** Disney's Substitutterne **14.55** Minisekterne **15.00** Magnus og Myggen **15.15** Benjamin Bjørn **15.30** Fandango **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Aftenshowet med Vejret **17.30** Rabatten **18.00** Jamie Olivers Amerika **19.00** TV Avisen **19.25** SportNyt **19.30** Kærlighed på film **21.10** Kroniken **22.05** Tornado

## NRK 1

**12.10** Par i hjerter **13.00** NRK nyheter **13.10** Dallas **14.00** Derrick **15.00** NRK nyheter **15.10** Bondeknolen **15.40** Oddasat **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Førkveld **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.45** Schrödingers katt **18.15** Fiskere med slips **18.45** Glimt av Norge **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.30** Debatten **20.30** Nurse Jackie **21.00** Kveldsnytt **21.15** Bjornson - europeeren **21.55** Mesternes mester **22.55** ESC 2010 **23.25** Blues jukeboks

## SVT 1

**12.15** Fråga doktorn **13.00** Inför Eurovision Song Contest 2010 **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.55** Så ska det låta **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport med A-ekonomi **16.10** Regionala nyheter **16.15** Go'kväll **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Mitt i naturen **18.30** Landgång **19.00** Ishockey. Tre Kronor live **20.00** Debatt valspecial **21.15** Uppdrag Granskning **22.15** True Blood **23.10** Världens konflikter **23.40** Draknästet




## MORGUNMATURINN



*„Ég fæ mér oftast bara kaffi og hafragraut með hunangi.“*

Lilja Jónsdóttir kvikmyndagerðarkona.



**LÁRÉTT**
**2.** örverpi, **6.** í röð, **8.** örn, **9.** fæða, **11.** samanburðart., **12.** úrræði, **14.** afkima, **16.** pot, **17.** æðri vera, **18.** lík, **20.** númer, **21.** merki.

**LÓÐRÉTT**
**1.** skraf, **3.** guð, **4.** þrykk, **5.** málmur, **7.** gera óvandlega, **10.** umfram, **13.** pumpun, **15.** sjá eftir, **16.** mælieining, **19.** kind.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** urpt, **6.** jk, **8.** ari, **9.** ala, **11.** en, **12.** lausn, **14.** skoti, **16.** ot, **17.** guð, **18.** hræ, **20.** nr, **21.** mark.

**LÓÐRÉTT: 1.** hjal, **3.** ra, **4.** prentun, **5.** tin, **7.** klastra, **10.** auk, **13.** sog, **15.** iðra, **16.** ohm, **19.** ær.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8

1 Páll Gunnar Pálsson.
2 Rod Stewart-klúbbnum.
3 Hjalti Jón Sveinsson.

**Hugræn atferlismeðferð – ofþyngd**

Nýr hópur byrjar á laug.
(kl. 11–13, 1 x viku í 7 vikur)
Nánari uppl. á heilsuborg.is
S: 560-1010

vísir.is
„...ég sá það á vísi“

# Enginn hefur sýnt Regnboganum áhuga

„Nei, það hefur enginn af þessum aðilum sett sig í samband við mig,“ segir Sveinn Björnsson, framkvæmdastjóri Cube Properties, en félagið á húsnæðið þar sem kvikmyndahúsið Regnboginn er rekið við Hverfisgötu. Eins og Fréttablaðið hefur greint frá rennur leigusamningur dreifingarfyrirtækisins Senu og Cube Properties út um áramótin. Ekki stendur til að endurnýja hann. Nokkrir aðilar hafa sýnt því áhuga að taka yfir reksturinn og stofna þar ýmist listakvikmyndahús eða kvikmyndasetur. Á Hressó á þriðjudagskvöld kom hópur fólks saman til að stofna grasrótarsamtök í kringum svokallað arthouse-kvikmyndahús og þá hafa íslenskir kvikmyndagerðarmenn sýnt húsnæðinu áhuga en Kvikmyndamiðstöð Íslands flytur á aðra hæð húsnæðisins innan skamms.

Sveinn segir engan af þessum aðilum hafa sett sig í samband við sig. Nú sé hins vegar verið að þreifa fyrir sér og tala við hina og þessa aðila um hugsanlega aðkomu. Sveinn segir það ekki sjálfgefið að í húsinu verði rekið kvikmyndahús og bendir á að ekki séu margir um hituna á þeim markaði. Það sé því ekki ólíklegt að kvikmyndasýningar leggist af í Regnboganum og sá möguleiki hafi verið ræddur. Þar með hyrfi síðasta kvikmyndahúsið úr miðborg Reykjavíkur.

Cube Properties var áður í eigu Samson Properties sem var hluti af fasteignaveldi Björgólfsfeðga. Eftir að eigendur Samson Properties höfðu verið úrskurðaðir gjaldþrota var skipaður bússtjóri sem fer með sjötíu prósenta hlut í félaginu fyrir hönd kröfuhafa. -fgg



**ALLIR MÖGULEIKAR METNIR** Sveinn Björnsson, framkvæmdastjóri Cube Properties, segir ekki sjálfgefið að áframhald verði á kvikmyndasýningum í Regnboganum.

UNNSTEINN MANUEL: FER KRÓKALEIÐIR SVO TÓNLEIKAHALDIÐ GANGI UPP

# Klárar stúdentinn á miðjum Evróputúr FM Belfast

Hljómsveitin Retro Stefson mun hita upp fyrir Amadou og Miriam á opnunartónleikum Listahátíðar í Reykjavík sem fram fara 12. maí næstkomandi.

Unnsteinn Manuel Stefánsson, meðlimur Retro Stefson, er mikill aðdáandi tónlistarfólksins frá Malí og hefur ákveðið að taka sér frí frá Evróputúr með hljómsveitinni FM Belfast til þess eins að geta komið fram á Listahátíðinni. „Ég varð að koma heim ef Retro Stefson átti að geta spilað á tónleikunum þar sem ég er söngvari hljómsveitarinnar. Ég flýg heim frá Frankfurt og svo aftur út til Parísar að tónleikunum loknum. Ég missi reyndar af einum tónleikum með FM Belfast fyrir vikið en það bjargast,“ segir Unnsteinn, sem flaug út til Boston í gær ásamt öðrum meðlimum FM Belfast, en tónleikaferðalagi þeirra lýkur í lok maí.

„Ég kem aftur heim í lok maí og útskrifast þá úr Menntaskólanum við Hamrahlíð. Þar sem ég er úti á próftíma tek ég eitt próf í íslenska sendiráðinu í Berlín. Maður fer eftir ýmsum krókaleiðum til að láta allt ganga upp,“ segir hann og hlær. „Ég vona bara að flugsamgöngur standist því það er nokkuð tæpt hjá mér að fljúga þarna heim til að spila á Listahátíðinni.“

Unnsteinn segir tónlist malísku listamannanna mjög líflega og einnig séu þau óhrædd að bræða heimstónlist saman við aðrar tónlistarstefnur líkt og raftónlist. „Ég er mjög spenntur fyrir tónleikunum, enda erum við bræðurnir miklir aðdáendur. Ég vona einnig að fjölskylda mín og vinir kíki á tónleikana þar sem það verður eini tíminn sem ég hef til að hitta fólkið mitt í þessu stutta stoppi. Mig langar einnig að taka fram að boðskortum í útskriftarveisluna verður dreift á tónleikunum sjálfum,“ segir Unnsteinn og hlær. sara@frettabladid.is



**Á FERÐ OG FLUGI** Unnsteinn Manuel Stefánsson, meðlimur hljómsveitarinnar Retro Stefson, tekur sér frí frá Evróputúr með hljómsveitinni FM Belfast til að hita upp fyrir Amadou og Miriam á Listahátíð í Reykjavík. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Hún vakti nokkra athygli, fréttatilkynningin frá Forlaginu um sókn **Stefáns Mána** til Frakklands en Fransmennirnir fá bráðum að gæða sér á spennusögunni Svartur á leik. Það var þó ekki sú staðreynd sem fangaði augu margra heldur neðanmálsgrein í tilkynningunni að danski leikstjórinn Nicholas Winding Refn ætti að leikstýra mynd sem væri byggð á bókinni. Þetta var hins vegar leiðrétt skömmu síðar því það er auðvitað Óskar Þór Axelsson sem leikstýrir myndinni, Refn kemur hins vegar að framleiðslu hennar.



Og meira úr kvikmyndageiranum því eins og greint var frá í heimspressunni neyddust aðstandendur **Iron Man 2** til að færa frumsýningu myndarinnar til Los Angeles sökum öskunnar frá Eyjafjallajökli. Askan hefur enn áhrif því svo gæti farið að kvikmyndaþyrstir íbúar Selfoss og Keflavíkur yrðu að bíða eftir myndinni því svokölluð print myndarinnar voru föst í Ósló vegna eldgossins. Hins vegar tókst að koma digital-útgáfunni til Íslands í tæka tíð þannig að myndin verður frumsýnd í Reykjavík og á Akureyri eins og til stóð.

**Ólafur Páll Gunnarsson** er þekktastur sem útvarpsmaður á Rás 2 en hefur verið að færa sig upp á skaftið undanfarið hvað söngtilþrif varðar. Hann lætur ekki lengur duga að sitja við útvarpshljóðnemann því auk þess að vera einn af liðsmönnum karlakórsins Fjallabræður ætlar hann að stíga á svið á Kringlukránni um helgina með hinni sjúngu hljómsveit Pops. Óli Palli er hvergi banginn og ætlar að spreyta sig á meistarastykkjum sjöunda áratugarins á borð við Like A Rolling Stone og Dead Flowers. - fgg, fb



# Ég stofnaði fyrsta Rod Stewart-klúbbinn

„Við erum ekki svona vitlausir eins og hinn klúbburinn, að hleypa hverjum sem er inn,“ segir útvarpsmaðurinn Andri Freyr Viðarsson.

Fréttablaðið fjallaði í gær um aðdáendaklúbb Rods Stewart sem söngvararnir Daníel Ágúst Haraldsson, Birgir Ísleifur Gunnarsson og Krummi Björgvinsson stofnuðu um helgina. Fullyrtu þeir að klúbburinn væri sá fyrsti sem heiðraði Rod Stewart á Íslandi, en það fór fyrir brjóstið á Andra Frey sem stofnaði aðdáendaklúbbinn Rodway, til heiðurs Rod Stewart, í fyrra.

„Þetta er virkilega særandi. Ég var mjög ánægður þegar ég sá myndina af tveimur góðum mönnum og mikið af fallegum plötum. Svo rak ég augun í að þeir sögðust hafa stofnað fyrsta Rod Stewart-klúbbinn. Það særði,“ segir Andri Freyr, en hann er staddur á Íslandi þessa dagana en býr sem kunnugt er í Kaupmannahöfn. „Rodway var stofnaður síðasta haust í Kaupmannahöfn.“

Er klúbburinn danskur?

„Nei, hann er íslenskur. Við vorum þrír Íslendingar sem sátum heima og vorum að hlusta á karlinn.“

Stofnmeðlimir Rodway ásamt Andra eru Aðalsteinn Möller, einnig þekktur sem Alli í Útlögunum, og kvikmyndagerðarmaðurinn Daði Jónsson. Níu meðlimir eru í Rodway í dag og nú velta þeir fyrir sér að fara í pílagrímsferð til Malmö í sumar, þar sem Rod Stewart verður með tónleika. „Þetta er stóra stundin,“ segir Andri og bætir við að enginn meðlimur klúbbsins hafi enn séð Gamla rám á sviði. „Það er ekkert hlaupið að því að sjá kallinn.“ - afb



**STOFNAÐI RODWAY Í FYRRA** Andri Freyr segist vera í fyrsta íslenska aðdáendaklúbbi Rods Stewart. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN


GULA HÚSIÐ
FAXAFENI 8
Verð 4.990,-
s. 32-44
Verð 1.990,-
s. 37-41
Verð 2.990,-
s. 37-41
2XXL MASKARI
- sem lengir augnhárin.
Verð 999,-
Verð 2.990,-
s. 37-41
Verð 4.990,-
s. 37-41
Verð 4.990,-
s. 37-41
Nýjar vörur vikulega
frábær verð!
STUTTERMABOLIR
Verð 999,-
HERRA SKYRTA
Verð 3.999,-
PEYSA
9.990.-
Margar litir.
DÖMUPEYSA
Verð 2.490,-
aro
Sok jabłkowy 100 %
EPLASAFI 1L
Verð 99,-
SAFAR 200ML
Verð 69,-
LEGGINGS
1.999.-
VERKFÆRASETT 6 STK
Verð 1.499,-
PENSLAR 4 STK
Verð 999,-
SKÓR
4.990.-
OPNUNARTÍMI:
MÁN-LAU. 10.00-18.00
SUN. 12.00-17.00

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000** VISIR.IS

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst húsið

**DREIFING:** dreifing@posthusid.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



vísir.is
"...ég sá það á vísi"


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Helgi lék Hannes

Sjónvarpsmaðurinn **Helgi Seljan** fagnaði heimkomu vinar síns Andra Freys Viðarssonar frá Kaupmannahöfn á þriðjudagskvöld. Þeir félagar heimsóttu krána Boston á Laugaveginum og þar var gleðin við völd. Þegar leið á kvöldið var ákveðið að hrekkja einn af starfsmönnum Boston, **Ragnar Pál Steinsson,** sem oft er kenndur við Botnleðju. Helgi sló á þráðinn og þóttist vera útrásarvíkingurinn **Hannes Smárason** sem var ósáttur við að barþjónn staðarins hefði tekið af honum kortin og neitað að afgreiða hann. Aumingja Ragnar vissi ekki hvaðan á sig stóð veðrið og reyndi hvað hann gat til að stilla til friðar milli lögreglunnar, Hannesar og barþjóna Boston í gegnum símann. Það var ekki fyrr en Helgi og Andri sprungu úr hlátri að hann uppgötvaði að þeir höfðu leikið allar persónurnar í þessu þriðjudagsleikriti. **- hdm**



### Suðið eitt á Kananum

Um miðjan mánuðinn leitaði útvarpsstöðin Kaninn, þar sem athafnamaðurinn **Einar Bárðarson** er í forsvari, liðsinnis lögreglu, Póst- og fjarskiptastofnunar og starfsmanna skíðasvæðisins í Bláfjöllum við að koma aftur í gang útsendingu á tíðninni 100,5 úr Bláfjallasendi stöðvarinnar. Á vef stöðvarinnar kemur fram að fulltrúar Lýðvarpsins hafi verið búnir að fjarlægja útvarpssendinn úr aðstöðu Kanans. Síðasta mánudagskvöld var sendirinn enn í ólagi og suðið eitt barst úr viðtækjum. Í gærmorgun var svo allt komið í lag á ný. Spurning hvort ólokið sé erjum við Lýðvarpið, sem áður hafði tíðnina til afnota. **- óká**



## Mest lesið vísir.is


1. Rannsóknarskýrslan söluhæsta bókin frá áramótum
2. Dæmdur fyrir að kjálkabrjóta mann á Þjóðhátíð
3. Er þetta innan úr Örkinni hans Nóa?
4. Aska á bílum á Hvolsvelli
5. Stakk 15 börn með hnífi






